

**SKOÐUN** Jórunn Pála Jónasdóttir skrifar um hótel mömmu og húsnæðiskostnað. **15**



**LÍFIÐ** Eini Íslendingurinn sem tekur þátt í Copenhagen Fashion Summit. **30**



**SPORT** Handknattleikssambandið segist ráða við að vera með landsliðsþjálfara í fullu starfi. **26**







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
11. mars 2014
59. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Fimm handtekin

Kristján Markús Sívarsson (bróðir Stefáns Loga Sívarssonar) og Ríkharður Ríkharðsson, margdæmdir ofbeldismenn, eru meðal grunaðra í árásarmáli sem upp kom í Kópavogi 24. febrúar síðastliðinn. **6**

**Hryssan blóðug á hlaðinu** Afbrotasérfræðingar segja greinilega truflun búa að baki árás á hryssu. Sambærileg mál komu ítrekað upp 2011. **2**

**Skýra þarf tímasetningar** Katrín Júlíusdóttir, fyrrverandi fjármálaráðherra, segir að skýra verði betur tímasetningar varðandi greiðslu Seðlabankans á málskostnaði Más Guðmundssonar. **4**

**Kínverjar vilja efla leit** Krafa Kínverja er að malasísk yfirvöld leggi meiri kraft í leit að farþegaþotu sem hvarf á laugardag. **8**




**14**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | | SV | 10 |
| Akureyri | 4° | | SV | 8 |
| Egilsstaðir | 6° | | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | | S | 2 |
| Reykjavík | 5° | | SV | 4 |

**LÆGIR** Í dag verður yfirleitt suðvestan 5-10 m/s en hvassara NV-til fyrri partinn. Úkomulítið en þykknar upp syðra síðdegis. Hiti 2-8 stig. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

**Bílar | Fólk**











**BÖNUNUM VEIFAÐ** Í gær var mótmælt á Austurvelli og mætti nokkur fjöldi þrátt fyrir vonskuveður. Nokkrir mótmælendur veifuðu bönunum í átt að þinghúsinu en innan dyra sátu Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og spjölluðu saman yfir kaffibolla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Leggja til stofnun þjóðaröryggisráðs

Nefnd vill að sett verði á laggirnar íslenskt þjóðaröryggisráð. Utanríkisráðherra leggur tillögurnar fyrir Alþingi og segir mikilvægt að ná sátt sem þoli stjórnarskipti.

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Íslensk stjórnvöld ættu að íhuga alvarlega að koma upp sérstöku þjóðaröryggisráði, sem myndi meðal annars taka við hlutverki almannavarnaráðs. Þetta er ein af tillögum nefndar sem utanríkisráðherra fól að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Þjóðaröryggisráðið myndi halda utan um mismunandi þætti öryggismála þjóðarinnar, sem eiga að mati nefndarinnar að byggja á þremur meginstoðum; virkri utanríkisstefnu, varnarstefnu landsins og almannaöryggi.

„Mér líst vel á þessar niðurstöður, og tel að nefndinni hafi tekist að einbeita sér að stóru myndinni,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra. Hann segir ekki ljóst hvort þingsályktunartillaga upp úr niðurstöðunum verði lögð fram á yfirstandandi þingi eða hvort það bíði haustþingsins. Eftir að Alþingi hefur fjallað um málið, og mögulega gert breytingar, mun það að lokum samþykkja þjóðaröryggisstefnu landsins, segir Gunnar Bragi og kveður mikilvægt að ná þverpólitískri sátt um þjóðaröryggismálið, svo stefna landsins haldist þótt skipt sé um ríkisstjórn. „Auðvitað eru skiptar skoðanir um ákveðin mál, til að mynda Atlantshafsbandalagið, hvernig á að orða hluti þegar kemur að kjarnorkuknúnum farartækjum og hversu langt á að ganga í netöryggismálum. Í þessum málum þurfum við að fara eftir þessari skýrslu, sem ratar hinn gullna meðalveg,“ segir Gunnar Bragi. - bj / sjá síðu 10

### ÓGNIR ÚR UMHVERFINU OG Í GEGNUM NETIÐ

**Nefnd um mótun þjóðaröryggisstefnu setur þrjú atriði í forgang.**

- Umhverfisvá eða slys vegna aukinna umsvifa á norðurslóðum.
- Netógnir og skemmdarverk á innviðum samfélagsins.
- Náttúruhamfarir.

Skáldsagan Korter vinsæl:

# Búið að tryggja útgáfu á Ítalíu

**MENNING** „Það er rosalega gaman að sjá bókina öðlast sitt eigið líf,“ segir rithöfundurinn Sólveig Jónsdóttir.



**SÓLVEIG JÓNSDÓTTIR**

Útgáfufyrirtæki á Ítalíu hefur tryggt sér útgáfuréttinn að fyrstu skáldsögu hennar, Korter. Bókin var líka gefin út í Þýskalandi í febrúar síðastliðnum. Þar segir Sólveig Korter hafa gengið vel en bókin fjallar um fjórar vinkonur í Reykjavík.

„Þetta er í raun ekki í mínum höndum lengur,“ segir Sólveig og bætir við að hún tali hvorki þýsku né ítölsku. - lkg / sjá nánar síðu 30






Verksmiðjuframleiðsla á kollageni úr fiskroði hefst líklega á næsta ári:

# Fimmtugfalda virði fiskroðsins

**SJÁVARÚTVEGUR** Bygging verksmiðju sem nýtir fiskroð til framleiðslu á kollageni verður líklega að veruleika strax á næsta ári. Raunhæft er talið að í verksmiðjunni verið unnið úr tvö til þrjú þúsund tonnum af fiskroði á ári.

Samstarf fyrirtækja innan Íslenska sjávarklasans, undir merkjum Collagen ehf., hefur náð þeim stað að fátt er að vanbúnaði, að sögn Þórs Sigfússonar, framkvæmdastjóra Sjávarklasans.

Kollagen er eitt byggingarpróteina líkamans og nýtt í iðnaði – ekki síst snyrti- og heilsuvöruiðnaði. Vinnslan margfaldar virði fiskroðsins sem hráefnis, og ekki fjarri lagi að með því að selja kollagen í smáum neyslusskömmtum til neytenda sé virðisaukinn fimmtugfaldur.

„Þegar verkefnið er komið í fullan gang verða allar aukaafurðir þorsksins unnar hérlendis og hægt að vinna efni úr öllu sem þorskurinn gefur af sér,“ segir Þór.

Nokkur íslensk fyrirtæki nýta fiskroð nú þegar til framleiðslu sinnar – kollagen í lækningavöru og sútað roð í tískuvöru. Eins eru hugmyndir uppi um fóðurframleiðslu úr roði. - shá / sjá síðu 12

> **Ég sé fyrir mér að 100 til 200 manns muni innan fárra ára vinna að framleiðslu sem byggir á fiskroði – hráefni sem lengi var lítils virði.**
>
> *Þór Sigfússon framkvæmdastjóri Sjávarklasans*

## SPURNING DAGSINS



Davíð, er tilfinningin nokkuð blendin?

**„Líf mitt er Blendin."**
Davíð Örn Símonarson er framkvæmdastjóri sprotafyrirtækisins Blendin, sem fékk að kynna nýtt farsímaapp sitt fyrir fjárfestum í San Francisco á dögunum.

Tillaga ríkisstjórnar um að draga til baka aðildarumsókn að Evrópusambandinu rædd á Alþingi í gær:

# Fundur formanna skilaði ekki niðurstöðu

**ALÞINGI** „Boltinn er nú hjá ríkisstjórnarflokkunum og við bíðum fregna frá þeim," segir Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, eftir fund formanna stjórnmálaflokkanna á Alþingi í gærkvöldi. Forsætisráðherra boðaði til fundarins til að ræða málsmeðferð tillögu utanríkisráðherra um að draga til baka umsókn Íslands að Evrópusambandinu.

Árni segir enga skýra tillögu hafa borist frá stjórnarflokkunum á fundinum varðandi áframhald málsins.

„Við erum tilbúin til samkomulags en það verður að vera á einhverjum forsendum sem virða rétt þjóðarinnar," segir Árni Páll.

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, lét vita að boðað hefði verið til fundarins við setningu þingfundar klukkan þrjú í gær. Vakti þessi stutti fyrirvari mikla óánægju þingmanna í stjórnarandstöðu sem margir stigu í pontu til að lýsa yfir gremju sinni og fara fram á að fyrirhugaðar umræður um tillöguna hæfust ekki fyrr en að loknum fundi. „Ég skil ekki svona vinnubrögð," sagði Birgitta Jónsdóttir, kafteinn Pírata.

Svo fór að hlé var gert á þingfundi frá fimm til hálfsjö meðan á fundi formanna stóð. Þingfundur stóð svo yfir til klukkan átta og munu umræður um tillöguna líklegast halda áfram þegar Alþingi kemur saman í dag. **- bá**



**GIRÐING BUNDIN NIÐUR** Talsverður fjöldi fólks mótmælti fyrir framan Alþingishúsið í gær þrátt fyrir ofsaveður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**HRINGT INN** Karl Orri Brekason, Steinn Kári Brekason, Magnús Garðar Geirlaugsson og Hilmar Hafsteinn Dagbjartsson, nemendur í Salaskóla og Háteigsskóla, hringdu inn alþjóðlega fjármálalæsisviku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nemendur mættu við opnun markaða í Kauphöll Íslands:

## Hringdu inn viku fjármálalæsis

**MENNTUN Nemendur í Salaskóla og Háteigsskóla hringdu inn alþjóðlega fjármálalæsisviku við opnun markaða í gær. Til að styðja eflingu fjármálalæsis buðu tuttugu stærstu kauphallir heims ungu fólki að hringja bjöllum til að marka upphaf vikunnar. Hátíðin er nú í fyrsta skipti haldin á Íslandi en alls taka yfir hundrað lönd þátt.**

**„Fjármálalæsi er ákaflega mikilvægt og nauðsynlegt að gera sér snemma grein fyrir því hvernig peningar og efnahagskerfið virka. Við þurfum að efla fjármálalæsi næstu kynslóðar til þess að forða henni frá því að endurtaka sömu mistök og við," segir Breki Karlsson, forstöðumaður stofnunar um fjármálalæsi.** **- ebg**

# Kom að hryssunni blóðugri á hlaðinu

Hryssu var misþyrmt á kynfærum með beittu eggvopni. Afbrotasérfræðingar segja greinilega truflun búa að baki slíkri hegðun. Lögregla rannsakar málið en enginn liggur undir grun. Sambærileg tilfelli komu ítrekað upp árið 2011.

**LÖGREGLUMÁL** Hryssu var misþyrmt á kynfærum með beittu eggvopni á Kirkjulandi á Kjalarnesi á sunnudag.

Skurðurinn er um fimm sentimetra langur og eins sentimetra djúpur við skeiðaropið. Allt bendir til þess að hann sé af mannavöldum.

Eigandi hryssunnar, Grétar Hallur Þórisson, kom að hryssunni blóðugri.

„Ég fór í mitt venjubundna rölt inn fyrir girðinguna og sá hryssuna liggja þarna. Það undarlega er að þetta gerist bara hér á hlaðinu rétt fyrir utan heimilið," segir Grétar.

Hann tók hana inn í hús og lét dýralækni skoða hana. Hann segir að sem betur fer líti út fyrir að hryssan muni ná sér til fulls.

„En það er erfitt að hugsa til þess að fólk með kenndir sem þessar skuli ganga um laust og vonandi finnst gerandinn sem fyrst. Maður veit ekki hvað þeim mun detta í hug næst. Þetta er bara óhuggulegt."

Lögregla rannsakar málið en enginn liggur undir grun. Lögreglan hefur reynslu af svipuðum málum sem upp komu árið 2011 á Egilsstöðum, í Skagafirði og á Kjóavöllum í Kópavogi.

sunnak@frettabladid.is, erla@frettabladid.is



**BLÍÐ OG GÓÐ** Grétar Hallur Þórisson ásamt Benjamín Magnúsi Kjartanssyni barnabarni sínu, en þeir tveir eiga saman hryssuna Sól sem var misþyrmt. Hún er rétt frumtamin en samt óskaplega blíð og góð að sögn eigendanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



### ➜ Verknaður sem endurspeglar truflun

Sérfræðingar um afbrotahegðun sem Fréttablaðið hafði samband við voru sammála um að erfitt væri að gera sér grein fyrir hvað gerandanum gengi til. Erfitt sé að segja til um hvort gjörðin komi til vegna kynferðislegra hvata eða ofbeldishegðunar.

Þeir voru þó allir sammála um að greinilegt sé að verknaðurinn endurspegli tilfinningalega truflun.

Ólafur Örn Bragason sálfræðingur segir að yfirleitt sé hvötin að baki dýraníðs nokkuð sértæk. Það þýðir að ofbeldismaðurinn sé ekki endilega hættulegur mannfólki þótt hann misþyrmi dýrinu grimmilega.

Hann segir það sérstaklega eiga við ef verknaðurinn kemur til vegna kynferðislegra óra, en þá snúist ofbeldið yfirleitt um samfarir við dýrin en ekki eingöngu að beita þau ofbeldi. Því finnst honum þetta mál ansi snúið og vill hann ekki álykta um of þar sem engar upplýsingar um gerandann liggja fyrir.

Rússnesk yfirvöld ósátt:

## Lögleysa hjá öfgahópum

**RÚSSLAND, AP** Utanríkisráðuneyti Rússlands segir að lögleysa ríki á meðal hægriöfgasinna í austurhluta Úkraínu. Í yfirlýsingu frá ráðuneytinu segir að ofbeldismenn frá hinum svokallaða „Hægri hluta" hafi fengið að vaða uppi með aðstoð nýrra yfirvalda í Úkraínu.

„Hægri hlutinn" samanstendur af nokkrum hægriöfgahópum og þjóðernissinnum. Meðlimir þeirra höfðu sig hvað mest í frammi í mótmælunum í Kænugarði í síðasta mánuði sem urðu til þess að ríkisstjórnin liðaðist í sundur. Rússar eru annars enn með herlið sitt á Krímskaga þrátt fyrir fordæmingu alþjóðasamfélagsins. **- fb**

Vísa átti mæðgum úr landi:

## Kærðu úrskurð til ráðuneytis

**SAMFÉLAGSMÁL** Mæðgur frá Kólumbíu sem synjað var um dvalarleyfi hér á landi hafa kært úrskurð Útlendingastofnunnar til innanríkisráðuneytisins.

Vísa átti þeim Susana og Johanna Ortiz úr landi sem fyrst ásamt dóttur Johanna, en þær komu hingað til lands fyrir tveimur árum og sóttu um hæli sem flóttamenn.

Þær hafa beðið úrskurðar Útlendingastofnunar í tvö ár en stofnunin mat það ekki svo að líf þeirra væri í hættu, væru þær sendar aftur til Kólumbíu. Var úrskurðað að konunum yrði vísað úr landi sem fyrst. **- bá**




Forsvarsmenn byggingafyrirtækis sem stóð ekki skil á skattgreiðslum:

# Skilorð fyrir tafir hjá sérstökum

**DÓMSMÁL** Þrír menn sem dæmdir voru til fangelsisvistar vegna skattsvika sleppa við að sitja inni vegna tafa í meðferð málsins hjá Sérstökum saksóknara.

Málið snerist um skattskil fyrirtækisins S12 Bygginga á árunum 2009 og 2010. Einn mannanna var forstjóri S12 en hinir tveir gegndu stjórnarformennsku hvor á sínum tíma.

Forstjórinn var dæmdur í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða 44 milljóna króna sekt og stjórnarformennirnir í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi og borga 22 milljónir hvor í sekt.

„Rannsókn Skattrannsóknarstjóra hófst í mars 2011 og var vísað til Sérstaks saksóknara 14. nóvember 2011. Af gögnum málsins má ráða að rannsókn embættisins hafi verið lokið um mitt ár 2012. Ákæra var síðan gefin út 10. apríl 2013. Hafa þessar tafir ekki verið skýrðar," segir í dómi Héraðsdóms Reykjaness.

Fram kemur að málið hafi síðan tafist enn frekar eftir að það kom fyrir dóm vegna fresta sem hinir ákærðu fengu til að afla gagna sem síðan hafa reynst enga þýðingu hafa. „Þrátt fyrir það, með hliðsjón af því hversu langt er um liðið, þykir dóminum rétt að skilorðsbinda refsingu ákærðu þannig að hún falli niður að liðnum tveimur árum," segir í dóminum. **- gar**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Óútskýrðar tafir hjá Sérstökum saksóknara komu dæmdum skattsvikurum til góða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## SVONA ERUM VIÐ



**15 almenn kvikmyndahús voru starfrækt árið 2012**

**með 41 sýningarsal á 10 stöðum á landinu.**

Sætaframboð var 6.942 og sýningar á viku að meðaltali 1.070.

Hjördís Svan verður ákærð í Danmörku fyrir þrjú brot á hegningarlögum:

# Gæti lent í fjögurra ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Hjördís Svan situr í gæsluvarðhaldi í fangelsi í Horsens vegna tveggja brota á annarri málsgrein 215. greinar danskra hegningarlaga samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Horsens.

Sú málsgrein fjallar um ólögmætan brottflutning á barni úr landi. Hjördís mun verða ákærð fyrir þessi brot auk brots á fyrstu málsgrein sömu greinar er varðar brot á umgengnissamkomulagi vegna barna undir 18 ára aldri. Hámarksrefsing fyrir sakfellingu á þessum brotum er fangelsisvist í allt að fjögur ár.

Aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglunnar í Horsens segir að réttarhöldum yfir Hjördísi hafi verið frestað og ekki sé komin nákvæm tímasetning. Frestunin kemur til vegna beiðni lögmanns Hjördísar um frekari rannsókn á málinu. Í gær kom fram í Fréttablaðinu að lögmaður Hjördísar segir ný gögn vera í málinu sem geti orðið til þess að Hjördís verði ekki sakfelld. **- ebg**




**DANSKA LÖGREGLAN** Rannsókn á máli Hjördísar er samstarf lögreglunnar á Suðaustur-Jótlandi og ákæruvaldsins. NORDICPHOTOS/GETTY

Kröftugur skjálfti í Kaliforníu:

# Engin meiðsli í stórum skjálfta

**KALIFORNÍA, AP** Jarðskjálfti sem var 6,9 að stærð gekk yfir norðurströnd Kaliforníu seint á sunnudagskvöld og fannst vel fyrir honum í bænum Eureka. Engar fregnir bárust af meiðslum á fólki eða eignatjóni. Nokkrir eftirskjálftar fylgdu, þar á meðal einn sem var 4,6 að stærð.

Meira en þrjú þúsund manns, meðal annars margir íbúar Oregon-ríkis, tilkynntu um skjálftann á vefsíðu bandarísku jarðfræðistofnunarinnar. **- fb**



**ÓLAFUR F. MAGNÚSSON** Ólafur er fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík.

Ólafur F. ætlar ekki fram:

# Hættur afskiptum af pólitík

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** H-listinn, sem bauð fram undir forystu Ólafs F. Magnússonar, fyrrverandi borgarstjóra, í síðustu borgarstjórnarkosningum mun ekki bjóða fram í borginni í komandi kosningum.

Ólafur segir að það komi ekki til greina að bjóða sig fram, og segist hættur afskiptum af stjórnmálum fyrir lífstíð, þrátt fyrir brennandi áhuga á sveitarstjórnarmálum.

Ólafur skipaði efsta sæti lista Frjálslynda flokksins í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík í kosningunum 2006, og varð borgarstjóri um skamma hríð árið 2008 í samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. **- bj**

## LEIÐRÉTT

Vegna fréttar í gær um fyrirhugaða hótelbyggingu við Skógafoss skal tekið fram að ekki standa aðrir fjárfestar að verkefninu en Reykjavik Backpackers ehf. og Nitur ehf. Eigendur fyrrnefnda félagsins eru Jón Heiðar Andrésson, Torfi G. Yngvason, Halldór Hafsteinsson og Davíð Másson. Eigandi Niturs er Hilmar Þór Kristinsson.

## LEIÐRÉTT

Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, var rangnefnd í umfjöllun um ástandið á Sýrlandi í Fréttablaðinu í gær.

# Kostnaður var 7,4 milljónir

Fyrrverandi fjármálaráðherra segir að skýra verði betur tímasetningar varðandi greiðslu Seðlabankans á kostnaði Más Guðmundssonar. Bankaráðsmaður segir að fyrrverandi formann bankaráðs hafi skort heimildir.

**EFNAHAGSMÁL** Heildarkostnaður Seðlabanka Íslands vegna málaferla Más Guðmundssonar bankastjóra gegn bankanum nam rúmum 7,4 milljónum króna.

Málareksturinn fyrir héraðsdómi kostaði rúmar fjórar milljónir en fyrir Hæstarétti nam kostnaðurinn tæpum 3,4 milljónum króna, þetta kemur fram í svari frá bankanum.

Már höfðaði mál á hendur bankanum vegna þess að hann vildi fá úr því skorið hvort Kjararáði hefði verið heimilt að skerða laun hans og starfskjör eftir að hann var skipaður í embætti seðlabankastjóra.



**LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR**

Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverandi formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands (SÍ), segir að sér hafi verið falið af hálfu bankaráðs SÍ að sjá um samskipti vegna málaferla Más Guðmundssonar gegn bankanum. Það hafi hún gert. Hún kveðst hafa upplýst bankaráð um gang mála.



**RAGNAR ÁRNASON**

Ragnar Árnason sem sat í bankaráði segir þetta ekki rétt. Bankaráðið hafi aldrei fengið þær upplýsingar svo hann viti að formaðurinn ætlaði að láta bankann greiða málskostnað Más. Hann sagðist telja að formaður bankaráðs hafi ekki haft heimild til að ákveða slíka greiðslu.

„Ef hann hefði viljað hafa slíka heimild hefði hann þurft að óska sérstaklega eftir því við bankaráðið,“ segir Ragnar.

Lára segir á hinn bóginn að hún hafi verið í fullum rétti til að taka ákvörðun um að bankinn myndi greiða málskostnaðinn sem formaður bankaráðs.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmir í málinu í byrjun október 2013 og niðurstaðan er sú að Kjararáði hafi verið heimilt að lækka laun Más. Málinu er vísað til Hæstaréttar 20. nóvember sama ár. Már sagði í þættinum á Sprengisandi að eftir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur hefði hann ákveðið að halda ekki áfram með málið nema hann fengi til þess atbeina frá bankanum.

Einhvern tímann á tímabilinu frá því í byrjun október og til 20. nóvember hefur því formaður bankaráðs ákveðið að málskostnaður Más yrði greiddur. Í samtali við blaðið sagði Lára: „Ég er ekki með upplýsingar um það hvenær þessar ákvarðanir eru teknar. Ég man það ekki,“ segir hún.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum fengu bæði lögmaður Más og bankans greiðslur frá bankanum áður en dómur Hæstaréttar féll sem var 24. apríl 2013.

Um miðjan nóvember 2012 spyr þingmaðurinn Ásmundur Einar Daðason Katrínu Júlíusdóttur fjármálaráðherra um kostnað vegna málaferla Más gegn bankanum.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Ráðherra svarar í lok janúar 2013 og byggir svar sitt á alfarið upplýsingum sem hún fékk frá Seðlabankanum.

Í svari Katrínar til Ásmundar Einars kemur hvergi fram að bankinn muni greiða málskostnað Más sem þó virðist hafa legið fyrir ákvörðun um á þeim tíma.

„Ég átta mig ekki á tímasetningum í málinu vegna þess svars sem við fáum beint frá Seðlabankanum í lok janúar,“ segir Katrín.

Hún segir að það sé greinilegt að það hafi ekki verið á margra vitorði innan bankans að hann ætlaði að greiða málskostnað Más.

„Svarið kemur frá rekstrar- og lögfræðisviði bankans. Mér þykir skrítið að ef ákvörðun um að bankinn greiði málskostnað Más liggur fyrir í nóvember að þeir viti ekki af því í lok janúar þegar bankinn svarar fjármálaráðuneytinu,“ segir Katrín og bætir við að það sé eitthvað í þessu sem gangi ekki upp.

„Það verður að skýra þetta ósamræmi,“ segir hún.

Lára segir að bankaráðið þurfi ekki að upplýsa ráðherra um mál af þessu tagi nema hann spyrji sérstaklega. „Ég sé ekki að það þurfi að upplýsa ráðherra með einhverjum öðrum hætti en birta reikninga bankans,“ segir hún

**johanna@frettabladid.is**



**SVAR SEÐLABANKANS** Þegar fjármálaráðuneytið fær svarið virðist það hafa legið fyrir að bankinn ætlaði að greiða málskostnað Más.

## → Seðlabankamálið í hnotskurn

**3.OKTÓBER 2012** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmir að Kjararáði hafi verið heimilt að lækka laun Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.

**20.NÓVEMBER 2012** Már Guðmundsson áfrýjar dómi Héraðsdóms til Hæstaréttar.

**MARS 2014** Í fjölmiðlum kemur fram að bankaráðsmenn Seðlabankans vissu ekki að bankinn greiddi málskostnað Más.

2012 — 2013 — 2014

**OKTÓBER TIL NÓVEMBER 2012** Lára V. Júlíusdóttir, fyrrverndi formaður bankaráðs, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri komast að samkomulagi um að bankinn greiði málskostnað Más.

**28. JANÚAR 2013** Seðlabankinn svarar fyrirspurn frá Fjármálaráðuneyti. Ekki kemur fram í svarinu að bankinn ætli að greiða málskostnað Más.

**24. APRÍL 2013** Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms.


# Ætlar þú að **breyta** um lífsstíl?

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.



## Heilsulausnir

Henta einstaklingum sem glíma við offitu, hjartasjúkdóma og/eða sykursýki.

- Heilsulausnir hefjast mánudaginn 24. mars
- Mán, mið og fös kl. 07:20, 12:00 eða 17:30

- **Verð kr. 17.500** pr. mán í 12 mán.
- Skráning í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is

**Kynningarfundur mánudaginn 13. mars kl. 18:30 – Allir velkomnir!**

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Friedrichshafen | 14° | New York | 13° |
| Aþena | XX° | Gautaborg | 9° | Orlando | 28° |
| Basel | 15° | Kaupmannahöfn | 9° | Ósló | 7° |
| Berlín | 15° | Las Palmas | 19° | París | 17° |
| Billund | 11° | London | 14° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 18° | Mallorca | 18° | Stokkhólmur | 7° |




**Á morgun**
5-10 m/s.




**Fimmtudagur**
8-15 m/s, hvassast N- og NV-til.

**NOKKUÐ MILT** Veðrið verður í mildara lagi á landinu í dag og á morgun en það kólnar á ný á fimmtudaginn með éljum um vestanvert landið. Þá má gera ráð fyrir að hitinn verði um og undir frostmarki víðast hvar.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# „Auðvitað er stórt skref að kaupa íbúð“

**Ein mikilvægasta ákvörðunin** sem við tökum er að fjárfesta í íbúð. Þess vegna skiptir máli að hafa fjölbreytta valkosti og góða ráðgjöf í takt við ólíkar þarfir. Kynntu þér allt sem skiptir máli um íbúðalán á **landsbankinn.is/istuttumali**



## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hafa mörg börn í heiminum aðgang að menntun í fjármálalæsi?
**2.** Hvaða félag varð Íslandsmeistari kvenna í íshokkíi?
**3.** Hver er fyrstur manna bæjarlistamaður Grindavíkur?

**SVÖR:**
**1.** Innan við eitt prósent. **2.** Skautafélag Akureyrar. **3.** Halldór Lárusson, trommari og tónlistarkennari.

Samtök í Úkraínu vilja láta frysta eigur sænsks milljarðamærings:

# Hætta á þvætti fyrir Pútín

**ÚKRAÍNA** Úkraínsk samtök gegn spillingu krefjast þess að Evrópusambandið frysti eigur sænska milljarðamæringsins Torbjörns Törnqvist, eins af eigendum olíu- og gasfyrirtækjasamsteypunnar Gunvor Group.


**VLADIMIR PÚTÍN**

Sænska blaðið Aftonbladet hefur það eftir lögfræðingi samtakanna, Daria Kalenjúk sem hefur starfað fyrir Transparency International, að mikil hætta sé á að Gunvor Group þvætti peninga fyrir Pútín og samstarfsmenn hans.

Kalenjúk bendir á að einn eigenda fyrirtækjasamsteypunnar, sem hún segir vera náinn félaga Pútíns, hafi á örfáum árum orðið milljarðamæringur og að hið sama virðist eiga við um Törnqvist. Slíkt sé ómögulegt í ríki eins og Rússlandi án þess að njóta stuðnings stjórnvalda.

Aftonbladet getur þess að Törnqvist, sem býr í Genf í Sviss, hafi í viðtölum lýst því yfir að hann sé eingöngu kaupsýslumaður. Kalenjúk segir alla ólígarka, það er rússneska auðmenn, með náin samskipti við Pútín lýsa því sama yfir. Úkraínsku samtökin vilja láta frysta eigur fleiri ólígarka sem eru í nánum tengslum við rússnesk stjórnvöld. - ibs

Laun kennara rædd á þingi:

# Ekki veitir af kauphækkun

**ALÞINGI** Til eru leiðir til að gera skólastarfið nútímalegra og um leið skapa svigrúm fyrir aukna kauphækkun til kennara, sem ekki veitir af. Þetta kemur fram í svari Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur þingmanns í gær.

Katrín spurði Illuga hvort hann teldi kennara hafa setið eftir í launaþróun og lýsti yfir áhyggjum af því að til verkfalls framhaldsskólakennara gæti komið í næstu viku, sem Illugi tók undir. - bá




Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# Fimm handtekin eftir alvarlega árás

Kristján Markús Sívarsson, bróðir Stefáns Loga Sívarssonar, og Ríkharður Ríkharðsson, ásamt tveimur körlum og einni konu, voru handteknir 24. febrúar síðastliðinn. Fólkið er grunað um frelsissviptingu og alvarlega líkamsárás í Kópavogi.

**LÖGREGLUMÁL** Karlmanni á fertugsaldri var haldið föngnum á heimili sínu í Kópavogi og hann barinn og pyntaður þann 24. febrúar síðastliðinn. Árásin stóð yfir svo klukkutímum skiptir og þykir fólskuleg.

Upp um árásina komst þegar maðurinn leitaði á slysavarðstofu til að láta gera að sárum sem hann hlaut vegna árásarinnar.


**KRISTJÁN MARKÚS SÍVARSSON**

Fimm voru handtekin í kjölfar árásarinnar, fjórir karlmenn og ein kona. Þau hafa öll komið við sögu lögreglu áður.

Tveir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í kjölfarið, þeir Kristján Markús Sívarsson og Ríkharð Júlíus Ríkharðsson sem kenndur hefur verið við mótorhjólasamtökin Outlaws.

Mennirnir eru margdæmdir ofbeldismenn en Ríkharður lauk fangelsisdómi fyrir frelsissviptingu og grófa líkamsárás fyrr á árinu. Kristján Markús var árið 2003 dæmdur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás ásamt bróður sínum, Stefáni Loga Sívarssyni.


**FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON**

Gæsluvarðhaldsúrskurði Kristjáns var áfrýjað en hann var staðfestur hjá Hæstarétti.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn staðfesti í samtali við Fréttablaðið að rannsókn málsins væri langt komin. Ekki hefði þótt ástæða til að framlengja gæsluvarðhald yfir mönnunum en þeir voru í gæsluvarðhaldi til 6. mars.

Líkamsárásin þótti alvarleg en áverkar mannsins voru þó ekki lífshættulegir.

Verjendur Kristjáns Markúsar og Ríkharðs Júlíusar eru Vilhjálmur Vilhjálmsson og Guðmundur St. Ragnarsson. Þeir vildu ekki tjá sig um málið að svo stöddu.

snaeros@frettabladid.is


**Á LEIÐ FYRIR DÓM** Ríkharður Júlíus Ríkharðsson þegar hann var færður fyrir dóm í öðru máli á haustdögum 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Saga sjúklings tekin trúanleg

Lögregla kemur ekki að málum sem koma inn á borð bráðamóttöku nema sjúklingur greini frá því að ástæða komu hans sé glæpsamlegur verknaður sem varði meira en tveggja ára fangelsi, eða ef sjúklingur óskar eftir því að kæra. Þetta segir Ólafur Ragnar Ingimarsson, yfirlæknir á bráðamóttöku LSH í Fossvogi. Þagnarskylda heilbrigðistarfsmanna sé aðeins rofin ef grunur sé um alvarlegan glæp gegn börnum undir 18 ára aldri.

Ólafur Ragnar segir ekki hringt á lögreglu í málum fullorðinna einstaklinga þótt grunur leiki á að um alvarlega líkamsárás sé að ræða. „Við hlustum á sögu sjúklingsins og skráum sem atvikalýsingu. Síðan gerum við líkamsskoðun og meðhöndlum sjúkling ef áverkin gefur ástæðu til. Við tökum þá sögu gilda sem sjúklingurinn gefur okkur.“ Ólafur segir ekkert aðhafst þótt sjúklingur gefi upp ástæðu fyrir áverkum sem komi heim og saman við mat sérfræðinga á hvernig áverkinn gæti hafa orðið.

Barnaheill hafa áhyggjur af því að börn taki bardagann sér til fyrirmyndar:

# Ung börn leika eftir bardaganum

**ÍÞRÓTTIR** Þúsundir Íslendinga, þar á meðal börn, horfðu á bardagakappann Gunnar Nelson fara með sigur af hólmi gegn Rússanum Omari Akhmedov í blóðugri keppni nú um helgina. Hildur Jóhannesdóttir, skólastjóri Dalskóla í Úlfarsárdal, segist hafa áhyggjur af því að börn horfi á bardagann. „Mér finnst sorglegt að foreldrar leyfi og láti jafnvel börn horfa á þessa „skemmtun“. Ég sá allnokkra krakka leika svona leiki í dag í skólanum.“ Hildur segir eðlilegt að áður en slíku efni sé sjónvarpað sé varað við því að það sem kunni að birtast sé ekki fyrir börn og viðkvæma.

Samtökin Barnaheill taka undir sjónarmið Hildar. „Í fyrsta lagi kunni börn að gerast ónæm fyrir alvarleika ofbeldis og í öðru lagi kunni þau að leika eftir einstaka ofbeldishegðun.“ Samtökin sendu í gær frá sér tilkynningu þar sem lýst er miklum áhyggjum af óæskilegum áhrifum sem Gunnar Nelson gæti haft á æsku landsins. Kallað er eftir því að efnið sé bannað börnum.

Haraldur Dean Nelson, faðir og umboðsmaður Gunnars, brást við og sagði um sleggjudóma að ræða. „Ef það væru fleiri eins og Gunni væri æska landsins í frábærum málum,“ sagði hann. - ssb, jbg


**BARDAGINN UM HELGINA** Mörgum blöskrar ofbeldið í MMA-bardagaíþróttinni. NORDICPHOTOS/GETTY



# Danskir dagar







## Jensen´s
BBQ svínarif
*- sem þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli*




**Jensen's tilbúnir réttir**
*Bøfgryde*
*Oksegryde*
*Mørbradgryde*
*Favoritgryde*

## Jensen´s
Pulled Chicken
og Pulled Pork

*Nýtt í Hagkaup* — *direkte fra* **Denmark**




**Kims purusnakk**
*Stökkt og bragðgott.*

*direkte fra* **Denmark**




**Faxe free**
*Danskt léttöl.*



**Malaco sælgæti**
*Nýjungar á dönskum dögum.*

*direkte fra* **Denmark**




**Merrild kaffi**
*Nú fæst Merrild líka í púðum.*

*direkte fra* **Denmark**




**Viking álegg**
*Fyrir danska víkinga.*

*direkte fra* **Denmark**




**Pinguin lakkrísstangir**
*Lakkrís er ekki bara lakkrís.*

TILBOÐ
**10%**
afsláttur á kassa

*direkte fra* **Denmark**



**Dan Cake**
*Við fengum danska bakara til að redda dönskum dögum.*

*direkte fra* **Denmark**




**Danskar Karen Volf kökur**
*Margar tegundir.*

*Gildir til 16. mars á meðan birgðir endast.*

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

„Sá klikkaðasti" er nú látinn eftir skotárás mexíkósku lögreglunnar:

# Eiturlyfjabarón deyr í annað sinn

**MEXÍKÓ, AP** Mexíkósk stjórnvöld hafa staðfest að leiðtogi eiturlyfjahringsins Knights Templar hafi verið drepinn í skotárás.

Tíðindin koma á óvart því stjórnvöld höfðu áður sagt að hann hefði látist árið 2010. Í þetta sinn staðfestu fingraför svo ekki verður um villst að um væri að ræða Nazario Moreno Gonzalez, sem var kallaður „Sá klikkaðasti".

Mexíkóska lögreglan hefur verið dugleg að handtaka eiturlyfjabaróna því að á undanförnu ári hafa tveir til viðbótar verið handteknir án þess að einu byssuskoti hafi verið hleypt af.

Alejandro Rubido, talsmaður ríkisstjórnar Mexíkó, sagði að þrátt fyrir að tilkynnt hafi verið 2010 að Moreno hefði verið drepinn í skotárás við lögregluna, hafi það komið í ljós í janúar síðastliðnum að hann væri á lífi. Lík hans hafði ekki fundist á sínum tíma.

„Ábendingar gáfu í skyn að Morento væri ekki aðeins á lífi, heldur stjórnaði glæpagengi." **- fb**




**SYRGIR EITURLYFJABARÓN** „Nazario mun alltaf lifa í hjörtum okkar," stendur á þessu spjaldi. MYND/AP

Endurnýja á Breiðholtsbraut:

## Umferðarljós óvirk í dag og fram á kvöld

**SAMGÖNGUR** **Ný umferðarljós verða sett upp á Breiðholtsbraut á gatnamótum við Seljaskóga í dag.**

**Ljósin verða gerð óvirk eftir klukkan níu og unnið verður fram á kvöld við frágang.**

**„Til að gæta umferðaröryggis verður lokað fyrir bílaumferð inn á gatnamótin frá Arnarbakka og frá Seljabraut. Einnig eru allar vinstri beygjur á gatnamótunum bannaðar," segir í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Hámarkshraði við óvirku ljósin er 30 kílómetrar á klukkustund.**

**- gar**



**SORGMÆDDIR ÆTTINGJAR** Ættingjar fólks sem var um borð í flugvélinni reyna að hughreysta hver annan í Peking í Kína. MYND/AP

# Vilja fá meiri kraft í leitina

Kínverjar krefjast þess að malasísk yfirvöld leggi meiri kraft í leitina að Boeing 777-farþegavélinni sem hvarf síðasta laugardag. Um borð voru 239 manneskjur.

**MALASÍA, AP** Kínverjar hafa krafist þess að malasísk yfirvöld leggi enn meiri kraft í leitina að farþegaflugvélinni sem hvarf á laugardaginn með 239 manneskjur um borð, þar á meðal yfir 150 Kínverja.

Skip og björgunarþyrlur leituðu í gær að flugvélinni sem hvarf á leið sinni frá Peking til Kúala Lúmpúr. Ekki hefur fengist staðfest að Boeing 777-vélin hafi brotlent og bíða ættingjar farþeganna því óþreyjufullir eftir frekari fréttum af hvarfinu.

Yfirlýsing undirrituð af eitt hundrað ættingjum var lesin upp fyrir blaðamenn. Þar kom fram að ef flugfélagið Malaysia Airlines gefur þeim ekki frekari útskýringar ætla þeir að leita til sendiráðsins í Malasíu.

Lögreglan í Taílandi og Interpol hefur yfirheyrt starfsmenn ferðaskrifstofunnar sem seldi tveimur mönnum miða aðra leið með vélinni. Til þess notuðu þeir vegabréf sem var stolið í Taílandi fyrir tveimur árum frá Austurríkismanni og Ítala.

Azharuddin Abdul Rahman hjá flugmálayfirvöldum í Malasíu, sagði að rannsókn á öllum mögulegum vinklum standi yfir til að komast til botns í málinu, þar á meðal hvort um flugrán hafi verið að ræða. Ekkert neyðarkall barst frá vélinni, sem þykir ótrúlegt hafi hún hrapað úr flughæð sinni og lent í sjónum. Ekkert var að veðri þegar vélin hvarf.

Alls hafa 34 flugvélar og fjörutíu skip frá þó nokkrum löndum skoðað svæðið þar sem flugvélin hvarf af ratsjá á milli Malasíu og Víetnams. Á meðal þess sem menn telja að hafi mögulega komið fyrir er sprenging, vélarbilun, hryðjuverkaárás, óvenjumikil ókyrrð í lofti, mistök flugmanns eða jafnvel sjálfsvíg hans.

Á sunnudagskvöld kom víetnömsk flugvél auga á hlut í sjónum sem talið var að væri hurð farþegavélarinnar. Hluturinn fannst aftur á móti ekki þegar skip leituðu að honum. Í gær kom leitarflugvél frá Singapúr auga á gulan hlut um 140 kílómetra suðvestur af Tou Chu-eyjum en þá kom í ljós að um einhvers konar sjávarrusl var að ræða. **freyr@frettabladid.is**

## Minnir á hvarf Adam Air árið 2007

Hvarfi Boeing 777-farþegaþotu Malaysia Airlines svipar til annars atburðar sem átti sér stað árið 2007 þegar Boeing 737-þota með 102 manneskjur um borð hvarf í flugi á milli tveggja indónesískra borga.

Í því tilfelli úrskurðuðu rannsakendur að Adam Air-þotan hefði brotlent í sjónum eftir að flugmennirnir hefðu lent í vandræðum með leiðarkerfi vélarinnar. Þeir hefðu gleymt að kveikja á sjálfstýringunni og misst stjórn á vélinni. Allir um borð fórust og tók það rúma viku að finna vélarflakið.

Todd Curtis, sérfræðingur í flugöryggi, sagði við NBC News að hafi Boeing-777-vélin hrapað á laugardaginn hefði átt að kvikna sjálfkrafa á neyðarsendi sem sýnir björgunarmönnum hvar slysið átti sér stað. Einnig sagði hann að Boeing 777-þotur séu það stórar að þær eiga undir venjulegum kringumstæðum að sjást, þótt þær hafi brotlent í miðjum frumskógi.

Boeing 777 er ein öruggasta og mest selda Boeing-tegundin. Af þeim 6,9 milljónum flugferða sem þessi tegund hefur flogið, samkvæmt AirSafe.com, hefur aðeins eitt annað banaslys orðið, eða í San Francisco í fyrra þegar þrír farþegar af 291 fórust.

Atvinnuþróun og uppbygging í Reykjavík

Reykjavíkurborg býður til morgunfundar miðvikudaginn 12. mars um stöðu atvinnuþróunar, ferðaþjónustu og uppbyggingu mannvirkja í borginni.

Fundurinn er framhald af fjölsóttum fundi sem haldinn var fyrir áramót. Kynnt verður í myndum og máli staða ýmissa verkefna er tengjast atvinnuþróun, ferðamennsku og mannvirkjagerð í Reykjavík.

Velkomin í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur miðvikudaginn 12. mars kl. 09.00-10.30 Kaffiveitingar frá kl. 08.30.



www.reykjavik.is/sea

# Stóri dagurinn

DRÖGUM Í DAG
11.
MARS

Tryggðu þér miða fyrir
kl. 18
í dag!



# VERTU HIMINLIFANDI

## Á 80 ÁRA AFMÆLINU OKKAR

PIPAR\TBWA • SÍA • 140726

### EINN MIÐI, ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

| A | 30 | 1 |
|---|---|---|
| AÐALÚTDRÁTTUR | MILLJÓNAVELTAN | MILLJÓN Á MANN |
| **70.000.000** | **30.000.000** | 5 x **1.000.000** |
| **3.000** manns fá allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. | **30 milljóna** króna vinningur á einn miða. | **5 heppnir** vinningshafar fá **eina milljón** króna hver. |




### VIÐ ERUM 80 ÁRA!

**Sögulegur vefur**

Á afmælisdegi Happdrættis Háskóla Íslands, þann 10. mars, var opnaður nýr afmælisvefur þar sem byggingarsaga Háskóla Íslands er rifjuð upp í máli og myndum. Byggingarnar sem happdrættið hefur fjármagnað eru yfir 20 talsins.

**Rifjaðu upp söguna með okkur á hhi.is/80**

HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*

Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni. **Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**

# Leggja til íslenskt þjóðaröryggisráð

**Stjórnvöld ættu sterklega að íhuga að sameina yfirstjórn öryggismála í sérstöku þjóðaröryggisráði að mati nefndar um mótun þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Miklu púðri er eytt í netvá í skýrslunni. Nefndarmenn vilja neyðaraðstöðu og matarbirgðir fyrir æðstu stjórn landsins.**

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Íslensk stjórnvöld ættu að íhuga alvarlega að koma sér upp sérstöku þjóðaröryggisráði sem hefði það hlutverk að samþætta ólík verkefni sem varða öryggi lands og þjóðar.

Þetta er ein af tillögum nefndar sem falið var að móta þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Nefndin var skipuð af Össuri Skarphéðinssyni, þáverandi utanríkisráðherra, árið 2012. Fulltrúar allra flokka áttu sæti í nefndinni, og náðu þeir saman um heppilega stefnu í nær öllum atriðum.

Nefndin telur að þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland þurfi að byggja á þremur meginstoðum; virkri utanríkisstefnu, varnarstefnu landsins og almannaöryggi.

Í tillögum hennar segir að það hljóti að koma sterklega til greina að koma á fót þjóðaröryggisráði. Samþætta þyrfti núverandi almannavarna- og öryggismálaráð þjóðaröryggisráðinu, enda eðlilegt að ein stjórnsýslueining fari með þetta hlutverk.

Nefndin flokkar þá áhættu sem steðjar að Íslandi í þrjá flokka. Fyrsta flokkinn fylla ógnir sem nefndarmenn telja að setja eigi í forgang. Athygli vekur að eitt af þremur atriðum eru netógnir og skemmdarverk á innviðum samfélagsins.

Talsvert er fjallað um netöryggi í skýrslunni, og bent á að netógnin beri enga virðingu fyrir einangraðri legu landsins. „Tölvuglæpir og netógnir hvers konar hafa vaxið hröðum skrefum og herja á stofnanir og innviði samfélagsins á hverjum degi. Á allra síðustu árum hefur tækninni fleygt fram og netárásir geta nú valdið ómældum skaða," segir í skýrslunni.

Nefndin bendir á að netöryggi sé hvarvetna talið einn mikilvægasti þáttur þjóðaröryggis. Nauðsynlegt sé að treysta lagagrundvöllinn til að stuðla að netöryggi og viðbragðsgetu við netvá.

Einnig er nauðsynlegt að mati hennar að ljúka við að móta netöryggisstefnu fyrir Ísland, og efla þátttöku í alþjóðlegu samstarfi til að bregðast við netógnum.

### Varnir í utanríkisstefnunni

Í skýrslunni er varað við því að þótt ýmis tækifæri kunni að felast í aukinni auðlindanýtingu og siglingum á norðurslóðum blasi við að ekkert ríki á norðurslóðum sé jafn viðkvæmt og Ísland fyrir umhverfisslysum og mengun í hafi.

Íslendingar hafa hag af því að rækta samstarf við aðrar þjóðir og fjölþjóðlegar stofnanir. Slíkt samstarf er hluti af virkri utanríkisstefnu, sem er ein af þremur meginstoðum íslenskrar þjóðaröryggisstefnu að mati nefndarinnar.

Í þeirri utanríkisstefnu ætti líka að felast stuðningur við efnahagslega og félagslega þróun með þróunarsamvinnu og borgaralegu framlagi til friðargæslu og mannúðar- og neyðaraðstoðar.

Varnarstefna landsins ætti að mati nefndarmanna að snúast um að varðveita friðinn, enda ekki hægt að útiloka aukna spennu á norðurslóðum. Þar leggja nefndarmenn áherslu á að tryggðar séu hefðbundnar landvarnir með varnarsamningi við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið (NATO) og loftrýmisgæslu í umsjón NATO.

Nefndin segir brýnt að ljúka stefnumótun í almannavarna- og öryggismálum ríkisins, en þar á að fjalla um vernd mikilvægra samfélagsinnviða, löggæslu og öryggismál.

### Rétt að loka Varnarmálastofnun

Nefndarmenn eru sammála um að sú ákvörðun að leggja niður Varnarmálastofnun hafi verið heillaspor. Í skýrslunni segir að reynslan af því að koma varnartengdum málefnum fyrir hjá Landhelgisgæslunni og Ríkislögreglustjóra sé góð. Þó er bent á að brýnt sé að taka af skarið með verkaskiptingu og ljúka flutningi varnartengdra verkefna með lögformlegum hætti.

Ekki náðist fullkomið samkomulag um þá niðurstöðu meirihluta nefndarinnar að Ísland verði friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum. Í bókun þingmanna Sjálfstæðisflokks kemur fram að slíkt sé í raun óframkvæmanlegt og gangi gegn skuldbindingum Íslands sem aðila að NATO.

Nefndin vill að hefðbundnar varnir byggi á aðild að NATO. Um það náðist þó ekki fullkomin sátt, því fulltrúar Vinstri grænna í nefndinni vildu ekki standa að þeirri tillögu, ekki frekar en tillögu um að loftrýmisgæslu bandalagsþjóða hér á landi verði haldið áfram.

## ➜ Æðsta stjórn í skjól um borð í varðskipi eða á varnarsvæði

Í skýrslu um þjóðaröryggisstefnu er lagt til að safnað verði saman ákveðnum lágmarksbirgðum, til dæmis lyfjum, mat og vatni, og útbúin verði aðstaða fyrir æðstu stjórn ríkisins til að nota í „algerum neyðartilfellum". Sú aðstaða gæti verið á fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll og um borð í varðskipinu Þór.

Í umfjöllun um hryðjuverkaógn segir að lögreglan hér á landi þurfi að vera í stakk búin til að bregðast við hryðjuverkaógn. Í því samhengi er bent á að upp á vanti í búnaði fyrir sérsveit ríkislögreglustjóra og almannavarnabúnaði vegna eiturefna, sýkla- og geislavopna.




**LOFTVARNIR** Nefndarmenn aðrir en fulltrúar Vinstri grænna voru sammála um að halda eigi loftrýmisgæslu við Ísland áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Umhverfisvá, náttúruhamfarir og netið

**Nefnd um mótun þjóðaröryggisstefnu hefur flokkað þá hættu sem steðjar að Íslandi í þrjá flokka.**

Í **fyrsta flokk** setur hún hættur sem setja ætti í forgang að undirbúa varnir og viðbrögð gegn. Í þeim flokki eru eftirfarandi atriði:

- Umhverfisvá eða slys vegna aukinna umsvifa á norðurslóðum.
- Netógnir og skemmdarverk á innviðum samfélagsins.
- Náttúruhamfarir.

Í **annan flokk**, þar sem finna má ógnir sem setja má skör lægra en þær sem falla í fyrsta flokk, en þarfnast engu að síður fullrar athygli, setur nefndin eftirfarandi atriði:

- Skipulagða glæpastarfsemi.
- Fjármála- og efnahagsöryggi.
- Fæðu- og matvælaöryggi.
- Heilbrigðisöryggi og farsóttir.

Í **þriðja flokk** raðar nefndin ógnum sem ólíklegt er að steðji að hér á landi, en myndu vega með slíkum hætti að fullveldi og sjálfstæði landsins að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir gegn þeim. Í þennan flokk setur nefndin eftirfarandi:

- Hernaðarógn.
- Hryðjuverk.

*Nefndin tekur fram að þessi niðurröðun sé ekki byggð á fræðilegum niðurstöðum, heldur sé þarna um að ræða tilraun eða fyrsta skref til að flokka helstu ógnir og áhættuþætti.*

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is




TIL LEIGU
Skútuvogur 5, 104 Reykjavík
Þjónustu- og skrifstofuhúsnæði
Stærð 1245 fm.
Laust strax
Allar nánari upplýsingar veitir:



Ólafur Jóhannsson
Rekstrarfræðingur
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali
534 1023 / 824 6703
olafur@jofur.is

Jarðhæð: 8 lokaðar skrifstofur, opið vinnurými, fundarherbergi, móttökurými og kaffikrókur. Efri hæð: tvö opin vinnurými, 6 skrifstofur, fundarherbergi, eldhúskrókur og skjalageymsla. Neðri hæðir: Vinnusalur, eldhús með vönduðum innréttingum. Þar er einnig starfsmannaaðstaða og geymslur. Útgangur er út á verönd úr eldhúsi. Parket og flísar á gólfum, kerfisloft og lagnastokkar með veggjum.




SIEMENS - Þvottavél
WM 12B261DN
Vindur upp í 1200 sn./mín.
Tekur mest 6 kg.
Tækifærisverð:
89.900 kr. stgr.

SIEMENS - Þurrkari
WT 46E365DN
Tekur mest 8 kg.
Krumpuvörn í lok kerfis.
Tækifærisverð:
119.900 kr. stgr.

SIEMENS - Uppþvottavél
SN 45D200SK
12 manna. Barnaöryggi.
„aquaStop" flæðivörn.
Tækifærisverð:
94.900 kr. stgr.

SIEMENS - Ryksuga
VS 01E1801
1800 W. Sjálfinndregin snúra.
3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 m.
Tækifærisverð:
13.500 kr. stgr.

Eva - Borðlampar
Hæð: 41 sm. Fáanlegir í hvítu, gráu og svörtu.
Tækifærisverð:
6.900 kr. stgr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Nýr SKODA Octavia

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL ÁRSINS
2014
BÍLABLAÐAMANNA

**ŠKODA Octavia kostar frá 3.790.000,-**

| 3,8 | 99g | ÖRYGGI |
|---|---|---|
| Eyðsla frá 3,8 l/100 km | $CO_2$ frá 99g/km | 5 stjörnur í árekstrar-prófunum EuroNcap |

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

VINNUKOLLAR

Ert þú að leita að vinnukolli fyrir heimilið eða vinnustaðinn?
Fastus býður uppá gott úrval af vinnukollum og stólum
í öllum stærðum, gerðum og litum.



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16, 2.h. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG

**Aðalfundur Regins hf.**
**verður haldinn 8. apríl 2014**

Stjórn Regins hf. boðar til aðalfundar í félaginu og verður hann haldinn í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, fundasalnum Rímu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, þriðjudaginn 8. apríl 2014 og hefst stundvíslega kl. 16:00.

**Dagskrá fundarins er svohljóðandi:**

1. **Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár.**
2. **Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.**
3. **Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar eða taps á næstliðnu reikningsári.**
4. **Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.**
5. **Kosning félagsstjórnar.**
6. **Kosning endurskoðanda.**
7. **Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil.**
8. **Önnur mál.**

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er.

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á aðalfundinum, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar áður en tvær vikur eru til aðalfundarins. Nánar um heimildir hluthafa til að fá mál tekin til meðferðar á fundinum vísast til samþykkta félagsins sem finna má á heimasíðu þess.

Atkvæðagreiðslur og kosningar verða einungis skriflegar á fundinum ef einhver atkvæðisbærra fundarmanna krefst þess. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um. Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á heimasíðu félagsins, www.reginn.is/fjarfestar.

Um frest til að tilkynna um framboð til stjórnar vísast til 23. gr. samþykkta félagsins.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann sbr. 14. gr. samþykkta félagsins.

Dagskrá og endanlegar tillögur munu vera hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins í Smáralind, 3. hæð, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, tveimur vikum fyrir aðalfundinn. Upplýsingarnar verða auk þess aðgengilegar á heimasíðu félagsins, www.reginn.is.

Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Kópavogur, 11. mars 2014
**Stjórn Regins hf.**

REGINN HF. HAGASMÁRA 1 201 KÓPAVOGUR SÍMI 512 8900 REGINN.IS



**VERÐMÆTT DUFT** Áferð kollagenduftsins verðmæta má líkja við sykur, en það gefur mikla möguleika til framleiðslu, ekki síst í heilsuiðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Verðmæti úr 3.000 tonnum af fiskroði

**Uppsetning verksmiðju á Reykjanesi, sem vinnur kollagen úr fiskroði, er raunhæf strax á næsta ári. Fjárfestingin er um 500 milljónir fyrir utan húsnæði. Vinnslan margfaldar virði hráefnisins.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Áætlanir um að setja upp verksmiðju til framleiðslu á kollageni úr fiskroði ætla að ganga eftir. Raunhæft er talið að í verksmiðjunni verði unnið úr tvö til þrjú þúsund tonnum af fiskroði á ári. Innan fárra ára er ekki ólíklegt að fyrirtæki sem vinna afurðir úr fiskroði skapi 100 til 200 manns atvinnu. Með verksmiðjunni er hringnum lokað hvað varðar vinnslu aukaafurða úr íslensku sjávarfangi, en fiskroð eru að stórum hluta flutt út frosin.

„Í síðustu viku unnum við 20 tonn af roði og breyttum því í tvö tonn af kollagendufti sem má selja inn á fæðubótarmarkaðinn eða til fyrirtækja í heilsuiðnaði," segir Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans, en það er fyrirtæki á vegum klasans Collagen ehf., sem hóf samstarf við fyrirtæki á Spáni árið 2012 við að vinna kollagen úr fiskroði. „Þetta er í raun síðasta íslenska aukaafurðin sem er flutt út óunnin að mestu leyti. Þegar verkefnið er komið í fullan gang verða allar aukaafurðir þorsksins unnar hérlendis og hægt að vinna efni úr öllu sem þorskurinn gefur af sér," segir Þór og bendir á að í þessum efnum séu Íslendingar með algera sérstöðu í heiminum. Fjárfestingin við að setja verksmiðjuna á fót er metin á 500 milljónir fyrir utan húsnæði.

> **Þetta er í raun síðasta íslenska aukaafurðin sem er flutt út óunnin að mestu leyti. Þegar verkefnið er komið í fullan gang verða allar aukaafurðir þorsksins unnar hérlendis og hægt að vinna efni úr öllu sem þorskurinn gefur af sér**
>
> *Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Íslenska sjávarklasans*

Þór útskýrir að Collagen ehf. leigi tækjabúnað hjá fyrirtæki á Spáni til að undirbúa kollagenframleiðslu í verksmiðju hér heima, en þar er meðal annars verðandi verksmiðjustjóri í þjálfun. Verksmiðjan verður hins vegar sett upp og rekin undir merkjum Codland í Grindavík, sem er í eigu sjávarútvegsfyrirtækjanna Vísis hf. og Þorbjarnar hf. þar í bæ. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan verði sett upp á Reykjanesi, og nýti afgangsorku frá Reykjanesvirkjun.

svavar@frettabladid.is

## 100 til 200 manns í vinnslu á fiskroði

Framleiðsla á kollageni gefur fjölbreytt tækifæri, enda er um öflugasta byggingarprótein líkamans að ræða. Vinnslan margfaldar jafnframt virði fiskroðsins sem hráefnis, og ekki fjarri lagi að með því að selja kollagen í smáum neysluskömmtum til neytenda sé virðisaukinn fimmtugfaldur. Þór bendir jafnframt á að með kollagenframleiðslu innanlands skapast fjölmörg tækifæri til frekari atvinnuþróunar sem byggir á efninu.

Í þessu samhengi má nefna að vörur Kerecis, sem hefur höfuðstöðvar sínar á Ísafirði, innihalda kollagen og Omega3-olíur úr fiskiroði, og nýtast í sárameðferð meðal annars. Þór nefnir einnig fyrirtækið Ankra, sem er með aðsetur í Húsi sjávarklasans og hyggst markaðssetja snyrtivörur og fæðubótarefni úr kollageni, en einnig Sjávarleður á Sauðárkróki sem framleiðir tískuvörur úr roði – auk hugmynda um fóðurframleiðslu úr roði.

„Ég sé fyrir mér að 100 til 200 manns muni innan fárra ára vinna að framleiðslu sem byggist á fiskroði – hráefni sem lengi var lítils virði," segir Þór.

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

# SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur

## í sólarhring!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða
hefst í dag kl. 12:00!
Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

## Almería

Allt innifalið

**Arena Center** ★★★★
FRÁ: **79.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í stúdíóíbúð. Verð frá 99.800 kr á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 17. júní - 7 nætur.

**HOTEL ROC GOLF TRINIDAD** ★★★
FRÁ: **98.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli. Allt innifalið! Verð frá 127.440 kr á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 17. júní - 7 nætur.

## Costa Brava

Hálft fæði

**Olympic Park** ★★★★
FRÁ: **97.400 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 120.334 kr á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 18. júní - 7 nætur.

Hálft fæði

**Xaine Park Hotel** ★★★
FRÁ: **94.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 114.240 kr á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 18. júní - 7 nætur.

## Benidorm

**Don Jorge** ★★★
FRÁ: **84.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 102.200 kr á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 17. júní - 7 nætur.

Hálft fæði

**Hótel Bali** ★★★★
FRÁ: **94.200 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í tvíbýli með hálfu fæði. Verð frá 110.560 kr á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 17. júní - 7 nætur.

## Marmaris

**Alenz Suite Apart** ★★★
FRÁ: **102.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 123.799 kr á mann m.v. tvo fullorðna í bókun.
Brottför: 12.júní - 14 nætur.

Allt innifalið

**Grand Cettia** ★★★★
FRÁ: **146.900 kr.***
á mann m.v. tvo fullorðna og eitt barn í íbúð með einu svefnherbergi og öllu inniföldu.
Verð frá 180.850 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 12. júní - 14 nætur.

Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Fjaðrirnar reytast af íslenzka ofurkjúklingnum:

# Hreinleikinn reynist goðsögn

Frétt sem flaug ekki hátt í pólitískum stormi síðustu viku er engu að síður allrar athygli verð. Þetta var frétt af fyrstu vettvangsathugun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) í íslenzkum alifuglasláturhúsum og kjúklingabúum eftir að matvælalöggjöf Evrópusambandsins varð hluti af EES-samningnum seint á árinu 2011.

Eins og neytendur þekkja vel hafa bæði íslenzk stjórnvöld og framleiðendur alifuglakjöts lengi haldið því fram að íslenzkur kjúklingur væri betri og heilnæmari en kjúklingur sem væri framleiddur í öðrum Evrópulöndum. Hér væru líka strangari heilbrigðisreglur og betra eftirlit með framleiðslunni.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þetta hefur verið notað sem rök fyrir því að viðhalda innflutningshömlum og ofurtollum á alifuglakjöti; það þyrfti að vernda neytendur fyrir hugsanlegum matarsýkingum.

Reyndar hefur fallið heldur á ímynd íslenzka ofurkjúklingsins eftir að ítrekaðar salmonellu- og kamfýlóbaktersýkingar fóru að koma upp hjá kjúklingaframleiðendum, sem stundum hefur leitt af sér skort á kjúklingakjöti á markaðnum.

Innlendu framleiðendurnir hafa heldur ekki meiri trú á yfirburðum íslenzka kjúklingsins en svo að þeir hafa sjálfir flutt inn útlent kjúklingakjöt til að nota í framleiðslu sína. Þeir hafa meira að segja orðið uppvísir að því að umpakka því og selja neytendum það sem íslenzkan kjúkling.

Þrátt fyrir þetta hafa bæði yfirvöld og framleiðendur haldið þeirri afstöðu til streitu að íslenzki kjúklingurinn væri heilnæmari og eftirlitið strangara en í öðrum Evrópuríkjum.

En nú gilda sömu heilbrigðisreglur um framleiðslu alifuglakjöts á Íslandi og í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Og hvað skyldi hafa komið út úr vettvangsathugun ESA? Í stuttu máli að eftirlitinu á Íslandi er verulega ábótavant og það er á ýmsum sviðum ekki í samræmi við gildandi reglur.

Meðal þess sem er talið upp í skýrslu ESA er að eftirlit í sláturhúsum, bæði fyrir og eftir slátrun, hafi verið á hendi starfsmanna sem höfðu ófullnægjandi þjálfun til verksins, án þess að opinberir dýralæknar væru viðstaddir og sinntu eftirliti. Þá hafi sláturhúsum verið veitt starfsleyfi án þess að skilyrði heilbrigðisreglnanna væru að fullu uppfyllt.

Gerðar voru athugasemdir við ófullnægjandi búningsaðstöðu starfsfólks, ófullnægjandi aðskilnað „hreinna“ og „mengaðra“ svæða, skort á viðhaldi, léleg þrif, skort á sótthreinsun og ófullnægjandi örverufræðilegt eftirlit með afurðunum. Þá er innra eftirlit kjúklingaframleiðenda sagt ófullnægjandi.

Suma af þeim annmörkum sem ESA kom auga á hafði Matvælastofnun (MAST) ekki uppgötvað. Raunar virðist stofnuninni þykja málið vandræðalegt, því að mjög er dregið úr alvöru þess í tilkynningunni sem birtist á vef MAST. Þegar skýrsla ESA er hins vegar lesin, kemur hið rétta í ljós, en þar er meðal annars talað um „alvarlega annmarka“ á eftirliti í sláturhúsunum.

MAST hefur tekið athugasemdirnar til greina og gert áætlun um hvernig eigi að bæta úr lélegu eftirliti. Skýrsla ESA er hins vegar enn ein staðfesting þess að hreinleiki íslenzka ofurkjúklingsins er bara goðsögn. Og goðsagnir er ekki hægt að nota til að réttlæta viðskiptahindranir eða ofurtolla.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Aðalfundur Ferðafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 18. mars kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Stjórnin.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Undarlegt fundarboð

Mörgum þingmanninum fannst það undarlegt þegar forseti Alþingis tilkynnti úr ræðustól um miðjan dag í gær að forsætisráðherra myndi síðar þann sama dag boða til fundar með formönnum flokkanna. Fundarboðinu fylgdi engin tímasetning aðeins að nánar yrði tilkynnt um tímasetningu síðar. Guðmundur Steingrímsson sagði að honum þætti þetta ókurteisi. Benti svo á að hann vildi gjarnan vita hvenær fundurinn ætti að vera því hann þyrfti að ná í barn í leikskóla. Það mátti sömuleiðis greina pirring fleiri þingmanna í stjórnarandstöðunni enda kannski ekki nema von – því hafði nefnilega verið lofað á þingi í þarsíðustu viku að tíminn yrði notaður í síðustu viku til að reyna að ná samkomulagi milli stjórnar og stjórnarandstöðu um ESB-málin.



### Tertuát forsætisráðherra

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, var verulega fúll út í Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra á þingi í gær fyrir að vera ekki í þingsal og hlusta á ræður stjórnarandstöðunnar þar sem menn kvörtuðu sáran yfir skorti á samráði og samvinnu í ESB-málum. Hann sagði grátlegt að Sigmundur Davíð forðaðist þingsalinn en sæti þess í stað úti í matsal að háma í sig kökur með rjóma. Össur vildi meina að með þessu sýndi forsætisráðherra einbeittan brotavilja.



### Ásakanir um málþóf

Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, var í þingsal en í gær. Hann sakaði stjórnarandstöðuna um málþóf, sagði að það væri alveg nóg að heyra skilaboð tveggja, þriggja, jafnvel fimm eða tíu þingmanna. Þrátt fyrir að varaformanninum hafi leiðst umræðan var nú kannski dálítið langt seilst að saka menn um málþóf á þessu stigi málsins.

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ómöguleiki Bjarna Benediktssonar

STJÓRNMÁL



**Gylfi Skarphéðinsson**
deildarstjóri

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra landsins, hefur lýst því yfir að hann geti ekki uppfyllt loforð flokks síns fyrir kosningar um að þjóðin fái að kjósa um áframhald aðildarviðræðnanna við ESB. Ástæðan sé sú að verði þjóðaratkvæðagreiðslan haldin og komi út úr henni sú niðurstaða að þjóðin vilji klára aðildarviðræðurnar til að geta tekið upplýsta afstöðu til samningsins, þá geti ríkisstjórnin ekki framfylgt þeirri niðurstöðu vegna þess að stjórnin er á móti inngöngu í ESB.

Í stuttu máli: Ómöguleikinn felst í að ríkisstjórnin getur ekki framfylgt vilja almennings ef hann er í andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Það sem Bjarni áttar sig ekki á er að ef hann treystir sér ekki til að virða niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu og framfylgja því sem þar kemur fram, þá á hann einfaldlega að stíga til hliðar og hleypa einhverjum að sem treystir sér til þess. Ómöguleikinn sem Bjarni talar um er í raun sá að honum finnst ómöguleg tilhugsun að hann og hans stjórn verði að stíga til hliðar ef þjóðin er á öndverðu máli við stefnu hans.

**➜ Ég hvet Bjarna Benediktsson og alla landsmenn til að lesa bæklinginn „Nútímalegt beint lýðræði í Sviss og á Íslandi“ sem gefinn var út af svissneska utanríkisráðuneytinu árið 2011. Þið finnið hann á Netinu.**

Þessi afstaða veldur því að kjósendur þessa lands geta aldrei kosið Bjarna Benediktsson til valda aftur. Ljóst er að loforðum hans er ekki treystandi og að á meðan hann er við völd þá er tilgangslaust að halda þjóðaratkvæðagreiðslur um stór sem smá málefni.

Maður spyr sig, hvernig fara þeir eiginlega að þessu í Sviss? Varla eru niðurstöður allra þjóðaratkvæðagreiðslnanna þar í samræmi við stefnur þeirra flokka sem eru við völd hverju sinni? Ég hvet Bjarna Benediktsson og alla landsmenn til að lesa bæklinginn „Nútímalegt beint lýðræði í Sviss og á Íslandi“ sem gefinn var út af svissneska utanríkisráðuneytinu árið 2011. Þið finnið hann á Netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Kjallarinn í skralli ?



HEILSA
**Teitur Guðmundsson**
læknir

Það er ekki ofsögum sagt að við eigum mörg orð og orðatiltæki til um líffærakerfi okkar og má svo sem segja að þegar við erum að gefa þessum líkamspörtum nafn séum við iðulega að gera það af nokkurri alúð. Snilldin er mismikil og er orðið kjallari kannski ekki það besta, en þar er verið að vísa til innri og ytri kynfæra kynjanna. Það er augljóst að einstaklingar geta glímt við ansi mörg vandamál þarna, en sum eru algengari en önnur.

Það er ákveðinn munur á milli kynja og þá eru vandamálin líka bundin að vissu leyti við aldur eða aldursskeið. Þegar við horfum til karlanna þá má segja að hjá þeim sem yngri eru sé oftar en ekki um að ræða óþægindi við þvaglát, verki, sviða, kláða, útbrot eða jafnvel útferð sem í mörgum tilvikum má rekja til sýkinga. Þar koma til einfaldari þvagfærasýkingar, sveppasýkingar í húð eða undir forhúð, bólgur í blöðruhálskirtli en einnig kynsjúkdómar eins og klamydía, herpes eða kynfæravörtur svo dæmi séu tekin. Mikilvægt er að átta sig á því að þrátt fyrir að vera smitaður af kynsjúkdómi líkt og klamydíu geta bæði karlar og konur verið einkennalaus. Því er afar mikilvægt að láta skoða reglubundið fyrir slíku, sérstaklega ef skipt er um maka, en það á við um allan aldur í raun.

### Minni reisn en áður

Hjá eldri körlum er meira um þá kvörtun að þvaglát séu að verða tregari sem orsakast oftar en ekki af stækkuðum blöðruhálskirtli. Sumir fá veruleg óþægindi af og jafnvel þvagteppu, því getur þurft að hefla og minnka umfang kirtilsins til að létta á þvaglátum. Ekki má gleyma því að tíðni blöðruhálskirtilskrabbameina eykst með aldri og er mikilvægt að vera vakandi fyrir því. Þá upplifa karlar á efri árum að ekki sé eins mikil reisn yfir þeim og áður var sem getur verið afar viðkvæmt mál, en þarf að ræða því úrræðin eru orðin ansi mörg.

Konurnar glíma við svipuð vandamál að mörgu leyti og karlarnir en þó er munur á tíðni vandamála og orsök. Líklega er ein algengasta orsök óþæginda hjá konum þvagfærasýking, en þær eru mun líklegri til þess að fá hana heldur en karlar þar sem þvagrásin er styttri. Það eru þó ýmsar aðrar ástæður fyrir tíðari sýkingum og má þar nefna hormónastarfsemi, en þekkt er að eftir tíðahvörf finna konur oftsinnis meira fyrir óþægindum, þurrkur og breytingar á slímhúðinni hafa þar sitt að segja. Þá hef ég áður komið inn á það að þvagleki er tíðara vandamál meðal kvenna og getur komið fram á öllum aldri en þó sérstaklega eftir barnsburð og verða konur að vera meðvitaðar og gera reglubundnar grindarbotnsæfingar.

### Verkir við samfarir

Útferð, kláði og sviði er býsna algeng kvörtun einnig og þar geta legið til grundvallar mjög margar orsakir. Algengast er að einhvers konar truflun verði á bakteríuflóru í sköpunum sem stuðlar að ofvexti á annaðhvort bakteríum eða sveppum sem aftur skapa þau einkenni sem konur finna fyrir. Ekki má þó gleyma öðrum sjúkdómum og ástæðum, sér í lagi ef einföld meðferð dugar ekki. Þar koma til að sjálfsögðu sömu kynsjúkdómar og hjá körlunum og verða konur að láta skoða sig ekki síður en karlarnir sé nokkur grunur um slíkt. Eftir tíðahvörf eru konur aftur í meiri hættu á að finna fyrir einkennum vegna breytinga í slímhúðinni, en mataræði, streita, álag og lyfjanotkun eru einnig áhættuþættir. Alltaf skyldi láta skoða ef útferðin er blóðlituð, þar sem slíkt getur verið merki um illkynja sjúkdóm.

Óþægindi vegna innri kvenlíffæra eru einnig margvísleg, en ef konur finna til verkja við samfarir bendir það til bólgu eða ertingar í leghálsi, legi eða eggjastokkum og ætti að skoða það vel. Hnútar í legi, blöðrur á eggjastokkum og aðskotahlutir eins og lykkja geta valdið einkennum og er rétt að hafa í huga. Þá má ekki gleyma tíðaverkjum sem geta verið mismiklir og verulega einstaklingsbundnir en konur læra yfirleitt vel að þekkja þá. Svo auðvitað þungun sem þarf alltaf að útiloka líka hjá konum á barnsburðaraldri. Bráðir og miklir kviðverkir geta verið utanlegsfóstur og uppásnúningur á eggjaleiðara og er rétt að leita strax læknis, hið sama gildir hjá körlum ef skyndilegir og miklir verkir koma upp í eistum. Kjallarinn geymir því ýmislegt forvitnilegt og verra ef hann er í skralli.

# Hótel mamma



HÚSNÆÐI
**Jórunn Pála Jónasdóttir**
laganemi

**➜ Fyrir einhleypan námsmann markar þetta hins vegar ómöguleika og verður til þess að drepa niður alla draumóra um að flytja að heiman.**

Fátt er jafn spennandi og að flytja að heiman. Þessi stund í lífi okkar allra, allavega flestra okkar, þegar maður skríður yfir tvítugt, yfirgefur unglingsárin og tekur fyrstu skrefin í átt til sjálfstæðis með því að yfirgefa „Hótel mömmu“ og koma undir sig eigin fótum, markar óneitanlega kaflaskil. Í dag vekja þessi tímamót þó óþarfa kvíða á meðal margra ungra Reykvíkinga enda ekki hlaupið að því fyrir ungt fólk, einkum tekjulitla námsmenn, að útvega sér húsnæði í höfuðborginni.

Ekki er óalgengt að ungt fólk sé að greiða vel yfir hundrað þúsund krónur fyrir litlar „holur“ í miðbæ Reykjavíkur. Ofan á þessar hundrað þúsund krónur bætast síðan allskonar staðlaðir mánaðarreikningar fyrir nauðsynjum á borð við rafmagn, hita, interneti og síma. Þá er í langflestum tilfellum gerð sú krafa, af hálfu leigusala, að leigjandi greiði bæði fyrirfram tvo til þrjá mánuði auk tryggingar í formi reiðufjár eða bankaábyrgðar. Fyrir ungt par með meðaltekjur getur þetta þýtt mjög erfiðan róður þar sem stærstur hluti mánaðartekna þess fer í húsnæðiskostnað og lítill sem enginn afgangur verður eftir til að leggja til hliðar. Fyrir einhleypan námsmann markar þetta hins vegar ómöguleika og verður til þess að drepa niður alla draumóra um að flytja að heiman.

### Í mánuði á biðlista

Námsmönnum bjóðast vissulega ákveðin úrræði á borð við stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta og stúdentaíbúðir Byggingarfélags námsmanna. Helsti gallinn við þessi úrræði felst í því að eftirspurnin er margföld á við framboðið og þeir sem ætla sér að nýta þau verða því að bíta í það súra epli að sitja mánuðum saman á biðlista. Einhleypur námsmaður í Reykjavík sem hvorki hefur efni á því að leigja íbúð á almennum leigumarkaði né hefur þolinmæði til að bíða út í hið óendanlega eftir stúdentaíbúð situr því í raun fastur heima hjá foreldrum sínum í eins konar nútíma átthagafjötrum.

Það hlýtur að vera til einhver skynsamleg lausn á þessu vandamáli. Til dæmis að leitað verði leiða til þess að lækka byggingarkostnað eða að lóðum verði úthlutað til frumkvöðla líkt og Smáíbúða ehf. sem hafa bent á möguleika sem felast í því að innrétta íbúðir inni í gámum. Eitthvað verður að gera til að auðvelda ungum Reykvíkingum að koma undir sig fótunum. Aðgerðarleysi núverandi borgarstjórnarmeirihluta er ólíðandi og ef ekki finnast lausnir á næstu misserum þá mun húsnæðisvandi ungra Reykvíkinga halda áfram að vaxa. Vonandi kemst nýr og frjálslyndur meirihluti til valda í borgarstjórninni í vor, meirihluti sem setur málefni ungs fólks í forgang.

Fylltu rafbílinn með Orku náttúrunnar

Velkomin á opnun fyrstu hraðhleðslustöðvar ON og málþing um rafbílavæðingu í dag kl. 13.00



**Við erum öll tengd við náttúruna**

Orka náttúrunnar stendur fyrir átaki í rafbílavæðingu á Íslandi í samstarfi við BL ehf. og Nissan Europe. Á næstu vikum mun Orka náttúrunnar opna 10 hraðhleðslustöðvar en á þeim tekur aðeins um 20-30 mínútur að hlaða dæmigerðan rafbíl upp í 80%.

Í dag munum við opna fyrstu hraðhleðslustöðina við höfuðstöðvar Orku náttúrunnar að Bæjarhálsi 1. Af því tilefni bjóðum við til málþings kl. 13.00 - 15.30 sem ber yfirskriftina „Í samband við náttúruna“. Skráning fer fram á **www.on.is**.

ON
ORKA NÁTTÚRUNNAR

ENNEMM / SÍA / NM61574

## MERKISATBURÐIR

**1702** Fyrsta dagblað Englands, The Daily Courant, er gefið út í fyrsta sinn.

**1851** Óperan Rigoletto eftir Giuseppe Verdi er flutt í fyrsta sinn í Feneyjum.

**1864** 238 manns farast í flóðum í Sheffield á Englandi.

**1918** Fyrsta tilfelli spænsku veikinnar greinist.

**1927** Samuel Roxy Rohafel opnar Roxy-leikhúsið í New York.

**1990** Litháen lýsir yfir sjálfstæði en áður hafði ríkið tilheyrt Sovétríkjunum.

**1993** Janet Reno er skipuð ríkissaksóknari Bandaríkjanna fyrst kvenna.

**2004** 191 manneskja lætur lífið í sprengingum á lestarstöðinni í Madrid, höfuðborg Spánar.

**2009** Sextán láta lífið og ellefu slasast þegar Tim Kretschmer gengur berserksgang í skóla í Winneden í Þýskalandi áður en hann fyrirfer sér.

**ÞETTA GERÐIST:** 11. MARS 1984

## Gekk berfættur til byggða eftir sex tíma í sjó

Guðlaugur Friðþórsson, þá 22ja ára stýrimaður, synti fimm kílómetra í land þegar bát hans, Hellisey VE, hvolfdi skammt austur af Heimaey þann 11. mars árið 1984. Fjórir góðir vinir hans fórust í slysinu.

Guðlaugur var samtals sex tíma í ísköldum sjó og þegar á land kom gekk hann berfættur til byggða yfir hraun. Afrek hans þótti og þykir enn einstætt og rannsakaði Dr. Jóhann Axelsson, lífeðlisfræðingur og prófessor, óvenjulegt kuldaþol hans eftir slysið. Töldu margir sérfræðingar að Guðlaugur byggi yfir ekki aðeins yfir miklum líkamlegum styrk, heldur einnig andlegum.

Jón Atli Jónasson samdi einleikinn Djúpið sem var innblásinn af afreki Guðlaugs. Í kjölfarið ákvað leikstjórinn Baltasar Kormákur að gera kvikmynd með sama nafni en handritið er sótt í einleikinn.

Myndin var frumsýnd árið 2012 og sópaði til sín Edduverðlaunum. Guðlaugur var hins vegar ekki sáttur við gerð myndarinnar.

„Atburðirnir sem gerðust kvöldið 11. mars 1984 eru í mínum huga ekki leikrit heldur ískaldur raunveruleikinn," sagði Guðlaugur meðal annars í viðtali við héraðsblaðið Fréttir frá Vestmannaeyjum árið 2010. **- lkg**





**ÖLLU VANUR** Anton hefur verið með leiðsögn í safninu í rúm þrjátíu ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# „Ekkert þarna inni sem gæti stressað mig"

Anton Holt stjórnar leiðsögn um myntsafn Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafn Íslands en leiðsögnin er hluti af alþjóðlegri fjármálalæsisviku á Íslandi.

„Ég spila þetta af fingrum fram. Ég mun haga leiðsögninni eftir því hverjir koma. Ég veit ekki hvaða þroska einstaklingarnir hafa fyrr en á staðinn er komið. Ég mun höfða til áhorfenda og byggja leiðsögnina í kringum safnið sem þeir sjá," segir Anton Holt, safnvörður myntsafns Seðlabanka Íslands og Þjóðminjasafns Íslands við Arnarhól. Boðið verður upp á leiðsögn um safnið í dag, á miðvikudag og fimmtudag frá klukkan 14 til 16 í tilefni af alþjóðlegri fjármálalæsisviku á Íslandi. Vikan er hluti af alþjóðlegri vitundarvakningu sem ætlað er að vekja athygli á mikilvægi fjármálalæsismenntunar og stuðla að viðhorfsbreytingu þegar kemur að fjármálum. Hollenska góðgerðarhreyfingin Child and Youth Finance International stendur að átakinu á alþjóðavísu.

Anton setti safnið upp og er búinn að sýna það í rúm þrjátíu ár.

„Það er svo sem ekkert þar inni sem gæti stressað mig. Ef ég er ekki farinn að þekkja safnið núna næ ég þessu aldrei," segir Anton.

„Það er ekki mikið um erlenda mynt. Það sem við sýnum aðallega þarna inni er peninga- og hagþróunin á Íslandi frá landnámi og fram að tíu þúsund kallinum. Sumt er meira í myndrænu formi en þegar lengra dregur fram á tímabilið erum við með alla íslenska, útgefna seðla, sýnishorn af myntum, ávísanir og krítarkort svo eitthvað sé nefnt," segir Anton. Hann veit ekki hvort leiðsögnin muni auka fjármálalæsi ungs fólks.

„Fjármálalæsi er vinsælt nútímahugtak. Ég mun ekki stíla inn á framtíðina í leiðsögninni heldur sýna frekar fortíðina – hvernig peningakerfið byggðist upp frá upphafi. Ég legg áherslu á að fjalla um sjálfbæran búskap með peninga og þegar fólk stundaði vöruskipti og annað slíkt sem var í raun fyrirrennari peninga. Það er einn af þeim þáttum sem við sýnum í safninu."

> **Ef ég er ekki farinn að þekkja safnið núna næ ég þessu aldrei.**
> *Anton Holt*

Safnið er vanalega opið alla virka daga frá klukkan 13.30 til 15.30. Aðgangur er ókeypis og segir Anton að hægt sé að fá leiðsögn utan fjármálalæsisvikunnar.

„Ef einhver hefur brennandi áhuga, hvort sem það eru hópar eða einstaklingar, er hægt að hóa í mig. Ég hef ekki neitað neinum enn þá. Safnið er nokkuð vel textað og á ekki að þurfa aukna leiðsögn. Það koma hins vegar alltaf hópar hingað reglulega, til dæmis ákveðnir hópar í Tækniskólanum. Þá hafa Myndlistarskólanemar komið hingað til að fræðast um gerð seðla og mynta út frá listrænu sjónarmiði."

liljakatrin@frettabladid.is


✝



Elskuleg móðir mín,

**SVAVA GUNNARSDÓTTIR**
**frá Steinsstöðum, Akranesi,**

síðast til heimilis á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi, andaðist miðvikudaginn 5. mars. sl. Útför hennar verður gerð frá Akraneskirkju föstudaginn 14. mars kl. 14.00.

**Gunnar Jónsson**

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HELGI ÞORKELSSON**
**Garðaflöt 13, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 4. mars. Útförin fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 13. mars kl. 15.00.

**Ásta Helgadóttir**
**Haraldur Helgason** — **Valgerður Hannesdóttir**
**Ólafur Þorkell Helgason** — **Svandís Torfadóttir**
**Guðrún Helgadóttir** — **Geir Gígja**
**Andri Már Helgason** — **Margrét Huld Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Þökkum auðsýnda samúð við fráfall elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, sonar, bróður, mágs og afa,

**GUÐMUNDAR RÚNARS GUÐMUNDSSONAR**
**Úthlíð 37, Hafnarfirði.**

**Vilborg Sverrisdóttir**
**Ragnar Guðmundsson** — **Svanhildur Anna Magnúsdóttir**
**Guðmundur Rúnar Guðmundsson**
**Valgerður Guðmundsdóttir** — **Hjálmar Árnason**
**Ingvar Guðmundsson** — **Rut Brynjarsdóttir**
**og barnabörn.**

✝



Þökkum af alhug öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, bróður, tengdasonar og frænda,

**ÓLAFS KRISTÓFERS GUÐMUNDSSONAR**
**framkvæmdastjóra,**
**Lindasmára 4, Kópavogi.**

**Guðný Helgadóttir**
**Guðmundur Pétur Ólafsson** — **Bjarney Anna Bjarnadóttir**
**Rakel Ýr Ólafsdóttir** — **Lloyd Hans McFetridge**
**Helga Kristín Ólafsdóttir**
**Björgólfur Guðmundsson** — **Þóra Hallgrímsson**
**Sigríður Guðmundsdóttir** — **Gylfi Hallgrímsson**
**Björg Guðmundsdóttir** — **Halldór Þorsteinsson**
**Helgi Þórarinn Guðnason** — **Guðlaug Einarsdóttir**
**afabörn og aðrir aðstandendur.**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ODDNÝ SIGRÍÐUR NICOLAIDÓTTIR**
**Hólabergi 82,**

lést miðvikudaginn 5. mars. Útför hennar fer fram frá Fella- og Hólakirkju í Reykjavík föstudaginn 14. mars klukkan 15.00.

**Jónas Guðlaugsson**
**Ingibjörg Jónasdóttir** — **Gísli Ólafsson**
**Nicolai Jónasson** — **Ásta Bjarney Pétursdóttir**
**Jónas G. Jónasson** — **Jóhanna Vélaug Gísladóttir**
**Guðlaugur Jónasson** — **Guðrún Axelsdóttir**
**Sigurður Jónasson** — **Bjarnþóra María Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**GUÐRÚN MARKÚSDÓTTIR**
**frá Þingeyri,**

sem lést miðvikudaginn 5. mars sl. á Heilbrigðisstofnun Ísafjarðar, verður jarðsungin frá Þingeyrarkirkju laugardaginn 15. mars nk. kl. 11.00. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Þingeyrarkirkju eða líknarstofnanir.

**Sigríður Skarphéðinsdóttir** — **Skarphéðinn Ólafsson**
**Njáll Skarphéðinsson** — **Pálína Baldvinsdóttir**
**Guðbjörg Skarphéðinsdóttir** — **Hilmar Pálsson**
**Bjarki Skarphéðinsson** — **Sigrún Lárusdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



## SPÍRURNAR LÍKA HOLLAR

**Um aldir hefur hvítlaukur verið notaður sem lyf, hann hefur góð áhrif á háþrýsting og slæmt kólesteról. Hann er ríkur af steinefnum, B- og C-vítamíni. Vísindamenn í S-Kóreu hafa fundið út að þegar hvítlaukurinn spírar aukast andoxunarefni í honum, engin ástæða er því til að henda lauk sem farinn er að spíra.**


# SÓFAR
## Í ÖLLUM STÆRÐUM

**Sófinn þinn útfærður eftir þínum óskum**

- Gerð - fleiri en 900 mismunandi útfærslur
- Stærð - engin takmörk
- Áklæði - yfir 3000 tegundir

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA


Torino

## 20% afsláttur
af öllum sófum / sófasettum
í völdum áklæðum


Havana-Rín


Basel

ENDALAUSIR MÖGULEIKAR Í STÆRÐUM OG ÚTFÆRSLUM

Verið velkomin!
Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is





# BÓLURNAR BURT!

**GENGUR VEL KYNNIR** *Salcura Antiac-húðvörur eru 100% náttúrulegt meðferðarúrræði sem getur veitt langvarandi bata við bólum, fílapenslum, stífluðum fitukirtlum og óhreinni húð. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*

**Salcura Antiac**-húðvörurnar innihalda náttúrulegar ilmkjarnaolíur, vítamín og steinefni til að hreinsa, róa og sótthreinsa húðina.
Hormónabreytingar eru aðalorsakir þess að við fáum bólur. Þær gera það að verkum að fitukirtlarnir framleiða of mikið af húðfitu sem blandast við dauðar húðfrumur og myndar massa sem stíflar svitaholurnar.

**Salcura Antiac Active Liquid Spray** inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem hreinsar húðina innan frá og út. Spreyið fer djúpt inn í húðina, kemur jafnvægi á fituframleiðslu húðarinnar og stuðlar að hreinsun hennar.

**Antiac Activ Gel Serum** notast beint á bóluna. Öflug innihaldsefnin minnka bólgu og sýkingu. Sjáanlegur munur á bólunni á innan við 4 klst.

**Antiac andlitshreinsir** ph-hlutlaus djúphreinsandi andlitshreinsir. Hentar öllum húðgerðum.

**Antiac Daily Face Wipes** djúphreinsandi hreinsiklútar. Hentar öllum húðgerðum. Tilvalið í íþróttatöskuna eða í ferðalagið.

**VIRKU INNIHALDSEFNIN ERU:**
Tea Tree-olía sem er einstaklega bakteríudrepandi og eyðir sýkingum fljótt, Manuka-olía, einstaklega græðandi, Sea Buckthorn- og Eucalyptus-olía ásamt Aloe Vera sem draga úr bólgu og róa húðina.

**Allar vörurnar eru ÁN:**
- Parabena
- Benzoyl Peroxíðs
- Sýklalyfja
- Ætandi efna

**ÚTSÖLUSTAÐIR**
Lyf og heilsa, Lyfja, Garðsapótek, Lyfsalinn, Lyfjaver, Apótek Hafnarfjarðar, Apótek Garðabæjar, Árbæjarapótek, Apótekið, Apótekarinn, Heilsuhúsið, Lifandi markaður, Heilsuver, Heilsutorgið Blómavali, Nánari upplýsingar á gengurvel.is




**FYRIR ÞÁ SEM ÞJÁST AF:**
Bólum
Fílapenslum
Kýlum
Óhreinni húð




Stuðnings-stöngin

# LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

L'ORÉAL PARIS

HÁRLITA RÁÐGJÖF
Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

Þriðjudagur 11. mars
kl. 12-17
Lyfju Lágmúla

Fimmtudagur 13. mars
kl. 12-17
Lyfju Smáratorgi

Föstudagur 14. mars
kl. 12-17
Lyfjum&heilsu Kringlunni


Heiðar Jónsson
Förðunarfræðingur og Image designer kennari frá First Impressions í Bretlandi.
Diplómagráða í litafræðum frá L'Oréal Paris.

# FJALLAR UM RÉTTA FRAMKOMU VIÐ FATLAÐA

**FYRIRLESTUR** *Anna Rebecka Einarsdóttir lamaðist í hestaslysi fyrir einu og hálfu ári en hefur með mikilli þjálfun náð sér vel á strik á ný. Hún upplifði mikla breytingu á framkomu ókunnugra í sinn garð við það að lenda í hjólastól. Hún heldur fyrirlestur um reynslu sína á fimmtudaginn.*

Þegar Anna Rebecka lenti í hestaslysi árið 2012 umturnaðist líf hennar. Þessi hressa tamningakona var bundin ósjálfbjarga við hjólastól enda lömuð frá hálsi. Það var þó ekki það eina sem breyttist því Anna fann mikinn mun á því hvernig ókunnugir komu fram við hana. „Vinir mínir og aðrir sem þekktu mig breyttust ekki í viðmóti en ég fann fyrir töluverðri breytingu frá fólki sem þekkti mig ekki,“ lýsir Anna, sem getur borið saman mismunandi framkomu fólks eftir alvarleika fötlunar sinnar. „Það var mismunandi hvernig fólk kom fram við mig þegar ég var í hjólastól, gekk í göngugrind, gekk með hækjur eða staf,“ segir Anna en hún hefur náð ótrúlegum árangri á þessum stutta tíma og fer nú orðið tvisvar í viku á hestbak.

Anna Rebecka er í stjórn fræðslunefndar fatlaðra í hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ. Nefndin, í samstarfi við Hestamennt, heldur úti reiðnámskeiðum fyrir fatlaða alla virka daga í reiðhöll félagsins. „Á fundi nefndarinnar vorum við að leggja línurnar fyrir veturinn. Talið barst að sjálfboðaliðunum sem leggja hart að sér til að gera reiðnámskeiðin möguleg. Kunnátta sjálfboðaliðanna er mjög misjöfn og okkur langaði að veita þeim einhverja fræðslu. Þá datt mér í hug að ég gæti miðlað af reynslu minni,“ segir Anna sem heldur fyrirlestur í Herði á fimmtudaginn klukkan 19.30. Hún mun ræða um kosti reiðmennsku sem líkamlegrar þjálfunar en einnig sem andlegrar heilsubótar. Fyrst og fremst mun hún þó ræða um mismunandi framkomu fólks við fatlaða og ófatlaða og hversu mikilvægt það er fyrir fatlaðan einstakling að upplifa sjálfan sig sem heilsteypta manneskju sem fólk kemur fram við sem slíka.

Anna segir fólk oft ekki vita hvernig það eigi að koma fram við fatlaða einstaklinga. Oft detti það í að tala yfir einstaklinginn og um hann í stað þess að ávarpa hann beint. Anna tekur dæmi um það þegar hún fór í búð með aðstoðarmanneskju sinni. „Þá spurði afgreiðslufólkið iðulega: „Vill hún poka?“ eða „Vill hún kvittun?“ og þó ég hafi svarað var næstu spurningu samt beint að aðstoðarmanneskju minni.“ Anna lenti í slíku viðmóti víða, jafnvel frá fagfólki á sjúkrahúsum. „Mér fannst þetta erfitt. Það er nefnilega nógu hart að missa líkamlega getu þó ekki sé tekinn frá manni kosturinn á því að taka sjálfstæðar ákvarðanir og fá að svara fyrir sig.“



Fyrirlesturinn er fyrst og fremst ætlaður þeim sem geta hugsað sér að gerast sjálfboðaliðar á reiðnámskeiðum fatlaðra í Herði. „Ég er ekki viss um að allir sjálfboðaliðar okkar geri sér grein fyrir hversu mikilvægt starf þeir eru að vinna. Margir af þeim fötluðu einstaklingum sem til okkar koma upplifa mikla gleði við að koma á námskeiðið. Ekki aðeins að fá hreyfingu og útiveru heldur einnig að fá að hitta nýtt og skemmtilegt fólk sem kemur fram við þá af virðingu,“ segir Anna.

**solveig@365.is**

**Á HESTBAKI** Anna Rebecka hefur náð langt í sínu bataferli þó enn sé spölur eftir. Hún fer á hestbak tvisvar í viku og telur það eina bestu sjúkraþjálfun sem völ er á.




# KEMUR MORGUNVERÐURINN Í VEG FYRIR OFÞYNGD?

*Því hefur verið haldið fram að þeir sem borða morgunmat séu ólíklegri til að þjást af offitu en þeir sem borða ekkert á morgnana. Er það rétt?*

Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem borða reglulega morgunmat séu síður í yfirvigt. Bandaríski vísindamaðurinn Andrew W. Brown dregur í efa að þær rannsóknir hafi verið nægilega ítarlegar. Hann telur að búið sé að telja fólki trú um þetta án þess að vísindalegar rannsóknir liggi að baki. Þættir hafi ekki verið rannsakaðir eins og til dæmis líferni þess fólks sem borðar reglulega morgunmat. Er þetta fólk sem hefur tamið sér heilbrigt líferni og stundar hreyfingu? er meðal þess sem Brown spyr.

Til þess að hægt sé að fá trúverðuga niðurstöðu þarf að kanna marga þætti. Staðreyndin er að þeir sem borða morgunmat hafa náð sér í góða undirstöðu og orku fyrir daginn. Þeir eru líklegri til að borða síður á milli mála. Þá er einnig andlega jákvætt að fjölskyldan borði saman morgunverð. Hins vegar segist Brown ekki sjá neitt samhengi milli offitu og þess að sleppa morgunverði. Ef eitthvað er sagt nægilega oft trúir fólk því. Til að hægt sé að fá rétta niðurstöðu þarf að rannsaka mataræði, hreyfingu og lýðheilsu fólks til lengri tíma og í samhengi, segir hann.



**HOLLUSTA** Góður morgunverður er ávallt til bóta.

Brown lætur að því liggja að vinsælar heilsusíður fjölmiðla, blogg og önnur netumræða hafi áhrif á þessa umræðu. Í grein sem Brown ritar og birtist í American Journal of Clinical Nutrition kemur fram að staðgóður morgunverður geti hjálpað að gegn offitu en hvort hann getur stjórnað þyngdinni hefur ekki verið rannsakað nægilega til að hægt sé að fullyrða slíkt. Ítarlegri og lengri rannsóknir þarf til að fá rétta útkomu.



BÍLAR
ÞRIÐJUDAGUR 11. MARS 2014

# NORÐMENN HAFA TEKIÐ RAFMAGNSBÍLUM FAGNANDI – ERU 12% SELDRA BÍLA Á ÁRINU

**Fyrsta hraðhleðslustöðin fyrir rafmagnsbíla opnuð í dag á Íslandi við Bæjarháls. Verða brátt 10 talsins.**

Í dag verður fyrsta hraðhleðslustöðin fyrir rafmagnsbíla opnuð á Íslandi og stendur hún við hús Orkuveitu Reykjavíkur við Bæjarháls. Í tilefni þess er efnt til málþings í hádeginu í höfuðstöðvum OR og þar mun Ole Hendrik Hannisdahl, verkefnisstjóri hjá Grönn bil í Noregi, flytja lykilerindi. Grönn bil er ekki í tengslum við neinn af rafbílaframleiðendunum heldur er ríkisrekin stofnun sem stuðla á að framgangi rafbílavæðingar í Noregi. Í samtali við Ole sagði hann að rafbílavæðing í Noregi gengi framar vonum og Norðmenn hafi tekið rafbílum opnum örmum. Sem dæmi um það væru 12% af sölu nýrra bíla það sem af er ári rafmagnsbílar og þar stæði yfir mikil uppbygging hleðslustöðva fyrir þá. Að vonum hefði verið byrjað á uppbyggingu þeirra í borgum landsins en nú væri uppsetning ekki síður í framkvæmd í dreifðari byggðum.

### Salan mest í dreifðari byggðum í Noregi

Athyglivert væri að sala rafmagnsbíla í Noregi nú væri meiri í dreifðari byggðum Noregs en í borgunum og það væri til vitnis um að Norðmenn væru ekki hræddir við rafmagnsbíla, heldur þvert á móti teldu þá betri kost en hefðbundna brunabíla. Það skref væri eftir að stíga á Íslandi en uppsetning tíu hraðhleðslustöðva á næstunni væri liður í því að afnema þá hræðslu sem víða í heiminum er varðandi notkunarmöguleika rafmagnsbíla. Rétt skref væri að byrja í nágrenni höfuðborgarinnar og staðsetning þeirra í næstu byggðakjörnum væri góð byrjun og frekari uppsetning á þeim eftir það á hringvegi landsins, ekki síst á leiðinni til Akureyrar, væri svo gott næsta skref.

### Mikilvægt að fylgjast með notkun á fyrstu stöðvunum

Ole bendir á að mikilvægt væri fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með notkun á þeim stöðvum sem fyrstar verða settar upp til að átta sig á notkun þeirra og finna út hvar næstu stöðvar yrðu æskilegastar. Hröð uppbygging þeirra væri nauðsynleg, en vanda þurfi valið, sem byggja þurfi á notkun þeirra sem fyrir eru. Enn fremur sagði Ole að kannanir í Noregi leiddu í ljós að ánægðustu bíleigendur þar væru rafmagnsbílaeigendur. Ekki bara væru þeir ánægðir með hversu ódýrt er að eiga rafmagnsbíla sína, heldur væru þeir einnig mjög ánægðir með bílana sjálfa. Það spyrðist út til vina og kunningja og því væri sala svo góð á rafmagnsbílum í Noregi sem raun ber vitni. Margir þeirra kjósi frekar að nota rafmagnsbílinn en hinn bíl heimilisins, sem oftast er með hefðbundinni brunavél. Mjög hagstætt sé að eiga rafmagnsbíl og því meira sem honum er ekið því hagstæðara sé það. Sem dæmi væri afar hagstætt fyrir fólk á höfuðborgarsvæðinu að nota rafmagnsbíl í tíðar sumarbústaðaferðir og því væri mikilvægt að net hraðhleðslustöðva gerði það kleift.

ÖRUGGT START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM
Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION
Exide rafgeymarnir fást hjá:
MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
PIPAR\TBWA • SÍA • 131858


Tesla settur saman í Kaliforníu.

# TESLA SETUR MARKIÐ Á 500.000 BÍLA ÁRIÐ 2020

## Ætla að reisa risastóra rafhlöðuverksmiðju fyrir 230 milljarða króna.

Bandaríski rafbílaframleiðandinn Tesla ætlar að leggja 230 milljarða króna fjárfestingu í nýja rafhlöðuverksmiðju sem mun geta framleitt rafhlöður í 500.000 bíla árið 2020. Þegar hún verður komin í fulla stærð árið 2020 mun heildarfjárfesting Tesla verða komin í 450-560 milljarða króna. Tesla er að skoða kosti staðsetningar fyrir verksmiðjuna og koma nú fylkin Nevada, Arizona, New Mexico og Texas til greina. Tilkoma þessarar verksmiðju mun lækka kostnað við rafhlöður bíla Tesla mjög mikið og með því gera þá einkar hæfa í samkeppnina. Þessi verksmiðja mun framleiða fleiri lithium ion-rafhlöður á ári en heildarársframleiðslan í heiminum er í dag. Í verksmiðjunni munu vinna 6.500 manns.

Panasonic, sem nú er birgir fyrir rafhlöður í Tesla-bíla, mun einnig fjárfesta í verksmiðjunni og því má búast við að hún framleiði einnig rafhlöður fyrir önnur tæki en Tesla-bíla. Þá hefur heyrst að Panasonic reyni að fá fleiri birgja sína í Japan til að taka þátt í fjármögnuninni. Hátt verð á rafhlöðum hefur verið helsti dragbítur á sölu rafbíla í Bandaríkjunum en fyrir það á að komast með tilkomu þessarar verksmiðju. Hagnaður varð á rekstri Tesla á fjórða ársfjórðungi síðasta árs og árangurinn betri en Elon Musk, forstjóri Tesla, átti von á. Tesla ætlar að framleiða 35.000 bíla á þessu ári, 55% fleiri en í fyrra. Ef sami 55% vöxtur heldur áfram til 2020 verður sala Tesla orðin 485.000 bílar það ár.


Hyundai Sonata breytti viðhorfi Bandaríkjamanna til Hyundai.

# HYUNDAI SONATA ENDURHANNAÐUR

## Er lykilbíll Hyundai og hefur selst í 6,8 milljónum eintaka

Það er mikið undir hjá Hyundai er kemur að endurhönnun á Sonata-fjölskyldubílnum. Hann kemur brátt af sjöundu kynslóð, en hann var fyrst kynntur til sögunnar árið 1985. Þessi bíll hefur keppt grimmilega við magnsölubílana Toyota Camry, Honda Accord og Ford Mondeo í Bandaríkjunum og hann seldist í 476.103 eintökum í fyrra í Bandaríkjunum einum, en mest sala hans þar var reyndar árið 2011, þá seldust 532.320 eintök. Toyota kom fram með nýja kynslóð af Camry það ár og nýr Ford Mondeo kom 2012, en þeir virðast hafa minnkað söluna á Sonata. Því er mikið undir að vel takist til við þessa nýju kynslóð bílsins.

Hyundai Sonata var bíllinn sem breytti viðhorfi Bandaríkjamanna sem álitu Hyundai-bíla ódýra og lélega en telja þá nú bíla sem keppt geta við vandaða bíla japönsku framleiðendanna. Sonata er næst söluhæsta bílgerð Hyundai í Bandaríkjunum, á eftir hinum nokkru minni Elantra. Þrátt fyrir það er Sonata mikilvægasti bíll Hyundai þar vestra í ár og velgengni Hyundai þar liggur mikið á herðum þessa nýhannaða bíls. Hjá Hyundai er reyndar spáð minnsta vexti á Hyundai- og Kia- merkjunum í átta ár, en vöxtur fyrirtækisins hefur verið ævintýralegur síðasta áratuginn.

Það sem helst veldur kóresku merkjunum vanda er hið háa gengi won, gjaldmiðils S-Kóreu, en á meðan það hefur hækkað mjög hefur gengi japanska jensins lækkað mikið. Sala Hyundai í Bandaríkjunum var ekki nema 2,5% af þessum sökum á síðasta ári á meðan vöxtur markaðarins þar var 7,5%. Nýr Hyundai mun fá mikið af tækninýjungum frá dýrari bíl fyrirtækisins, Genesis, auk þess sem vélar bílsins eru talsvert sparneytnari en í forveranum. Bíllinn mun fá bæði mildara og fágaðra útlit og hafa Hyundai-menn trú á því að með því höfði hann til breiðari hóps kaupenda.

## Rafbílar skymsamlegir fyrir þá sem keyra mikið

Umboðsaðili Nissan Leaf hér á landi, BL, hefur kynnt kosti mest selda rafbíls í heimi undanfarin misseri, þ.e. Nissan Leaf. Margt bendir til þess að rafmagnsbílar, og þá ekki síst Nissan Leaf, sé skynsamlegur kostur fyrir Íslendinga af tveimur ástæðum. Nissan Leaf er með sérstakan útbúnað sem er sérhannaður fyrir norðlægar slóðir, nokkuð sem skýrir sennilega af hverju Nissan Leaf er mest seldi bíllinn í Noregi. En einnig af þeirri ástæðu að Nissan Leaf kostar afar lítið í rekstri. Þetta þýðir sem sagt að Nissan Leaf bílar-BL eru sérhannaðir með kulda í huga en njóta að auki þess að vera ódýrir í rekstri vegna þess að orkukostnaðurinn stafar bara af rafmagnsnotkun.



### Drægi rafmagnsbíla dugar í flestan akstur

Því er oft ranglega haldið fram að rafbílar séu ekki góður kostur fyrir fólk sem ekur mikið. Röksemdafærslan er oftast þannig að það geti verið erfitt fyrir fólk að hlaða bílana þegar það er að heiman og að drægi bílanna sé ekki nægjanlegt til að hlaða bílana eingöngu heima við. Þá gleymist reyndar að það er ein mjög afgerandi ástæða fyrir því að rafbílar eru skynsamlegir fyrir fólk sem keyrir mikið og það er auðvitað sú ástæða að rafmagn er margfalt ódýrara en bensín eða dísilolía. Af þeirri einföldu ástæðu er ljóst að því meira sem maður ekur því meira sparar maður á því að vera á rafbíl.

### Sparnaður hleypur á hundruðum þúsunda á ári

Með 30 þúsund kílómetra akstri á ári notar mjög sparneytinn dísildrifinn smábíll um tonn af eldsneyti sem kostar í kringum 250 þúsund krónur eða meira. Raforkukostnaður af Nissan Leaf er hins vegar um 64 þúsund krónur miðað við sama akstur. Það er því auðvelt að gera sér í hugarlund að rafbílar eins og Nissan Leaf geti hentað vel þeim sem aka mikið sem og fyrirtækjum þar sem bílar eru mikið notaðir innanbæjar. Þá eru aðrir kostir ótaldir því rafbílar hafa enga hreyfanlega vélarhluti og þurfa því nánast ekkert viðhald, engin olíuskipti á vél eða skiptingu.

# BÓNUSAR STARFSFÓLKS VOLKSWAGEN LÆKKA

## Eru samt 960.000 krónur ofan á venjuleg laun.

Sökum minnkandi sölu Volkswagen-bíla í Evrópu á síðasta ári mun launabónus starfsfólks í sex verksmiðjum Volkswagen í vesturhluta Þýskalands lækka á milli ára um 1.000 evrur. Þrátt fyrir það fá 100.000 starfsmenn þessara verksmiðja 960.000 krónur í ársbónus vegna ársins í fyrra. Þeir fengu 1.120.000 fyrir ári, en hæstur varð bónusinn fyrir árið 2011, 1.275.000 krónur. Heimur versnandi fer, eða hvað? Líklega eru fá dæmi þess hér á landi að starfsfólk í verksmiðjum fái ársbónus í líkingu við þetta og þrátt fyrir lækkun á milli ára má alveg nota eina milljón króna í viðbót við hefðbundin ágæt laun. Forvitnilegt verður að sjá hvað undirmerki Volkswagen, svo sem Audi og Porsche sem gekk vel í fyrra, borga sínu starfsfólki í ársbónus. Volkswagen-fyrirtækið í heild, með öll sín tólf bíla- og trukkamerki, mun skila ársuppgjöri þann 13. mars.


Volksvagen verksmiðja í Wolfsburg.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is
Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000
Auglýsingar
Atli Bergmann
atlib@365.is
Sími 512 5457
Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is


HREINT
MAGNAÐUR
Nýr og knár Lexus CT 200h ber því vitni að fágun og kraftur eiga saman. Ríkulega búinn að innan, gælir hann við augað í hljóðlátum akstri þar sem ekkert skortir á lipurð, lúxus og glæsileik.
Sjá nánar á lexus.is
Nýr CT
LEXUS
AMAZING IN MOTION

## PORSCHE MACAN TURBO

3,6 l bensínvél með forþjöppu, 400 hestöfl fjórhjóladrif

**Eyðsla** 9,2 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 216 g/km CO2
**Hröðun** 4,8 sek.
**Hámarkshraði** 266 km/klst.
**Verð** 19.900.000 kr.
**Umboð** Bílabúð Benna

- Aksturseiginleikar
- Afl
- Innrétting

- Ekki mikil veghæð
- Verð

**REYNSLUAKSTUR – PORSCHE MACAN TURBO**
Finnur Thorlacius reynsluekur



# KONUNGUR JEPPLINGANNA

## Hefur sportbílseiginleika, torfærueiginleika, gott rými og akstursánægjan er ómæld. Frábært útspil Porsche sem með þessum bíl slær öllum öðrum jepplingum við.

Fyrir skömmu veittist greinaskrifara sú ánægja að reynsluaka nýjasta bíl Porsche, sportjeppanum Macan, í Leipzig í Þýskalandi, þar sem hann er framleiddur. Porsche býður þennan bíl í fyrstu í þremur mismunandi útgáfum, með 258 hestafla dísilvél og með tveimur öflugum bensínvélum, 340 og 400 hestafla. Með þeirri minni heitir bíllinn Porsche Macan S og með þeirri stærri Macan Turbo. Væntingar reynsluökumanns voru hófstilltar en þó haft í huga að þarna er á ferðinni bíll frá Porsche og þar er alltaf von á góðu. Prófaðir voru allir bílarnir, á torfærubraut sem er fyrir utan verksmiðjur Porsche í Leipzig, kappakstursbraut sem þar er einnig og á góðum almenningsvegum í nágrenni Leipzig. Í einu orði sagt var reynslan af þessum bílum mögnuð og þeir sverja sig sannarlega í ætt við aðra gæðabíla sem frá þessum frábæra framleiðanda koma. Porsche áætlar að framleiða 50.000 Macan á ári í Leipzig en hætt er við því að þeir neyðist til að auka framleiðsluna því pantanir í bílinn hafa þegar náð þeirri tölu og bið eftir bílnum fer að nálgast ár.

### Fáránlegur stöðugleiki og afl

Að sjálfsögðu var magnaðast að aka öflugasta bílnum sem býr yfir 400 hestöflum úr hinni kunnu 3,6 lítra og sex strokka boxervél Porsche sem í þessum bíl er með öfluga forþjöppu. Þessi bíll er líkari Porsche 911 bílnum í háttum en nokkrum jepplingi enda þarna kominn öflugasti jepplingur sem framleiddur er. Einna skemmtilegast var að henda bílnum um á kappakstursbraut sem er fyrir utan verksmiðjurnar, en sú braut er reyndar helst ætluð til að prófa hvern einasta bíl sem framleiddur er í verksmiðjunni til að kanna til fullnustu hvort þeir allir séu ekki nákvæmlega eins og til er ætlast. Þetta gera væntanlega fáir framleiðendur. Að aka þessum bíl í botngjöf eftir þessari skemmtilegu braut var draumi líkast og stöðugleiki bílsins var slíkur að aðeins bestu sportbílar jafnast á við eiginleika hans. Alveg var sama hvað lagt var mikið á bílinn, stöðugleiki hans var alltaf til staðar þó svo svínslega væri ekið og margar beygjurnar voru teknar á hlið, en það reyndist þó aðeins unnt með því að slengja bílnum örlítið í öfuga átt fyrir hverja beygju og fá þá dásamlegt hliðarskrið með tilheyrandi miklum hávaða í dekkjum bílsins. Ávallt var ekið á eftir reyndum ökumanni sem fór fyrir tveimur Macan-bílum á Porsche 911 og magnað var hvað Macan-bíllinn hélt mikið í við sportbílinn frábæra. Örlítið bar þó á aðfinnslum frá undanfaranum á 911-bílnum sem þótti á stundum við Íslendingarnir taka of hressilega á bílnum í beygjum, enda voru dekkin ekki söm eftir öll átökin. Labbrabb-stöðvar tryggðu að við heyrðum ávallt í undanfaranum en stundum fóru athugasemdir hans inn um annað eyrað og út um hitt. Við vildum kynnast öllum kostum þessa magnaða bíls.

### Fallegur að utan sem innan

Ekki var þó verra að þeysast um vegina í nágrenni Leipzig og fékk bíllinn aðeins að finna fyrir því þar líka á frábærum hraðbrautum Þýskalands sem og og á sveitavegum. Ekki fór hjá því að bíllinn vekti athygli þar sem við fórum þó svo að íbúar í nágrenni við verksmiðjurnar séu vanir að sjá Porsche-bíla á þessum vegum. Þessi reynsluakstursdagur var einn sá alánægjulegasti sem reynsluökumaður hefur upplifað og litlu máli skipti í raun hvaða gerð af Macan-bílnum var reynd. Með ólíkindum var að sjá hvað dísilútgáfa hans gaf lítið eftir bensínbílunum þó þeir séu reyndar báðir sprækari. Gera má ráð fyrir því að á Íslandi muni dísilbíllinn seljast mest, eins og á við um stóra bróðurinn Cayenne, en enn þá meiri ánægja fæst þó með hinum tveimur en þeir eru líka dýrari. Útlit Macan-bílsins ætti að falla í kramið hjá flestum; hann er einstaklega sportlegur og í leiðinni kraftalegur með stórar hjólskálar, dekk og felgur. Að áliti greinarskrifara fer þarna fegurri bíll en Cayenne. Macan á ýmislegt sameiginlegt með Audi Q5, enda báðir innan hinnar stóru Volkswagen bílamerkjafjölskyldu, en það þýðir ekki að þar séu mjög líkir bílar á ferð, bæði hvað varðar útlit og akstursgetu. Þar ber mikið í milli og í raun eiga þessir bílar sáralítið sammerkt. Macan er nú klárlega orðinn konungur jepplinganna og skýtur keppinautum eins og Range Rover Evoque langt aftur fyrir sig og hefur í sinni öflugustu gerð yfir að ráða nær helmingi meira afli og talsvert miklu meiri akstureiginleikum. Innrétting bílsins er enginn eftirbátur þeirrar í Cayenne og eiginlega í flestum öðrum bílum frá Porsche. Vönduð vinnubrögð og óumdeild fegurð hennar, ásamt skilvirkni stjórntækjanna bera Porsche-framleiðandanum fagurt vitni. Í þessum bíl eins og öllum bílum Porsche er miðjustokkurinn milli framsætanna útgangspunkturinn og þar eru svo til öll stjórntæki bílsins innan seilingar. Mörgum finnst þetta sama innra útlit bílanna leiðigjarnt en hví þarf að breyta því sem er frábært fyrir.





### Normal, Sport, Sport+ og Launch Control

Með sína öfluga vél er Porsche Macan með sportbílahröðun og fer í hundraðið á 4,8 sekúndum og hámarkshraðinn er 266 km/klst., sem við fórum langt með að reyna. Athyglisvert er hve Porsche hefur náð miklu afli á lágum snúningi vélarinnar, en hámarkstog hennar næst við 1.350 snúninga og allt að 4.500 snúningum, sem er magnað fyrir bensínvél. Porsche Macan Turbo er þó aðeins 0,6 sekúndum sneggri í hundraðið en Macan S og því má velta fyrir sér hvort þeim verðmun sem á milli þeirra er sé endilega vel varið. Mjög gaman er að sjá muninn á því hvort bílnum er ekið í Normal-stillingu eða Sport og Sport+. Þá stífnar bíllinn í fjöðrun og leyfir hærri snúning í hverjum gír. Ómæld skemmtun er fólgin í að aka honum á sinn harðasta



hátt en hætt er við því að sú stilling sé ekki mikið notuð við daglegan akstur. Einnig er mögnuð upplifun að nýta „Launch Control“-búnað bílsins sem leyfir ökumanni að botna bílinn með hægri en sleppa svo bremsunni með vinstri og finna hvernig ökumaður þrýstist í sætin er bíllinn þýtur áfram í miklum átökum. Þarna hefur Porsche eina ferðina enn sérstöðu. Ef Macan er tekinn með loftpúðafjöðrun lækkar bíllinn sig um 10 millimetra við hraðan akstur og einnig má þá hækka bílinn um 40 mm er hann mætir torfærum. Einnig býður þessi búnaður upp á það að lækka hann að aftan við hleðslu farangursrýmis. Porsche Macan er ef til vill bíllinn fyrir þá sem lofað hafa sjálfum sér að kaupa aldrei jeppling. Í honum er fenginn bíll með sportbílseiginleika, torfærugetu, rými og ómælda akstursánægju. Þeir hinir sömu munu sannfærast við reynsluakstur hans og það má gera þegar Bílabúð Benna kynnir bílinn á sumardaginn fyrsta þann 26. apríl. Rétt er að taka það fram að verð dísilútgáfu Macan er 11,9 milljónir króna.




**TOP SAFETY PICK 2014**
— Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS

**BÍLL ÁRSINS Í JAPAN 2012-2013**
— ein virtustu verðlaun bílgreinarinnar

**BESTI SPORTJEPPINN 2014**
— L'Annuel de l'automobile

**AUTOMOBILE ALL-STAR 2013**
— The Best Cars in America, AUTOMOBILE

**MESTA ÁNÆGJAN**
— J.D. Power | 2013

MAZDA CX-5 er sigurvegarinn í sínum flokki í ánægjukönnun J.D. Power en niðurstöðurnar byggja á svörum frá 83.000 eigendum nýrra bíla.

**LÆGSTI 5 ÁRA REKSTRARKOSTNAÐURINN**
— Kelleys Blue Book

Mazda bílar hafa lægsta 5 ára rekstrarkostnaðinn skv. könnun Kelley Blue Book.

**BESTI SPORTJEPPINN 2013**
— Best Crossover, Auto Express

**BESTI SPORTJEPPINN**
— Best SUV, Green Awards WHATCAR

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann er búinn SKYACTIV spartækni MAZDA, er einstaklega fallegur á að líta og með miklum staðalbúnaði: skynvætt fjórhjóladrif (4WD), snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjari, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu. Dráttargetan er 1800-2000 kg og veghæðin er 21 cm. Komdu í reynsluakstur.

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. og 5,5 l/100 km. með sjálfskiptingu og 2,2 lítra SkyActiv dísilvél.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

MAXIMA hágæða, fjarstýrðar stólpalyftur.



Lyftigeta: 4 x 7,5 tn.CE og ISO 9001 vottaðar. Gott verð.

Gott ÁR ehf
Laugavegi 178,
105 Reykjavík
sími: 6983144

# Topplaus fegurðardrottning

Einn af þeim bílum sem Audi sýnir nú á bílasýningunni í Genf er þessi blæjuútgáfa S3-bílsins. Hann er með sömu vél og hefðbundinn Audi S3, þ.e. 290 hestafla 2,0 lítra og fjögurra strokka forþjöppuvél. Þar sem blæjubíllinn er nokkru þyngri en sá með hörðu þaki er hann hálfri sekúndu seinni í hundraðið, þ.e. 5,4 í stað 4,9 sekúndur. Bíllinn hefur gengið í augun á gestum á sýningunni í Genf, það er að segja allt nema þær krómuðu felgur sem hann stendur á, en skiptar skoðanir eru um þær. Þykir sumum þar Audi hafa gengið of langt og fyrir vikið minni hann á margan bílinn frá Bandaríkjunum. Kannski verður honum stefnt þangað þó ekki sé búið að gefa það upp enn, en í fyrstu mun hann bjóðast í Evrópu, en sá með harða þakinu verður í boði þar vestra. Í bili á þessi Audi S3 Cabriolet sér engan keppinaut í sínum stærðarflokki þar sem CLA-bíll Benz og BMW 1 og 2 bílarnir eru komnir á markað topplausir. Lúxusbílaframleiðendurnir Lexus, Cadillac og Infinity bjóða ekki heldur blæjubíl í þessum flokki, svo sviðið er autt fyrir Audi S3 Cabriolet í bili. Það er helst að hann muni keppa við Audi S5 Cabriolet, sem þó er stærri og dýrari bíll.



Audi S3 Cabriolet



Gríðarlegt afl í sænska bílnum

# HESTAFL Á HVERT KÍLÓ

## Nýjasti bíll Koenigsegg er 1.341 kíló og 1.341 hestafl.

Nafnið á nýjasta bíl sænska bílaframleiðandans Koenigsegg er viðeigandi en hann heitir Agera One:1. Það er til marks um það að fyrir hvert hvert kílógramm sem bíllinn vegur er eitt hestafl í farteskinu. Hann er sem sagt 1.341 kíló og 1.341 hestafl. Vélin í bílnum er 5 lítra V8 með tveimur forþjöppum. Hún dugar honum til að ná 439 kílómetra hraða á klukkustund, en ekki kemur fram hvað hann er snöggur í hundraðið, en það gæti legið nálægt tveimur sekúndum. Bíllinn er á afar breiðum dekkjum og þegar hann fer fyrir horn myndast 2G þrýstingur á ökumann, eitthvað sem ekki eru allir til í að upplifa. Þegar bíllinn er á 250 km hraða þrýstist hann niður, vegna hinna ýmsu vindkljúfa, með 610 kílóa þrýstingi í götuna til að auka stöðugleika hans. Koenigsegg áformar að smíða aðeins sex bíla af þessari gerð og víst er að þeir eru ekki ódýrir. Annað er þó víst, þeir eru allir uppseldir. Agera One:1 er nú til sýnis á bílasýningunni í Genf.

TUDOR RAFGEYMAR



Veldu öruggt start með TUDOR.
TUDOR SKORRI TUDOR
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

# Seat Leon Cupra 280 sneggsti framhjóladrifni bíllinn á Nürburgring

Það er harla ósennilegt að Seat-bíll smíðaður á Spáni sé sá sneggsti sem farið hefur Nürburgring-brautina á skemmstum tíma framhjóladrifinna bíla. Þannig er það samt og hann er sá fyrsti sem fer hana á innan við átta mínútum, eða nákvæmlega 7:58,4. Seat Leon Cupra er þó enginn aumingi með sín 280 hestöfl og Brembo-bremsur. Bíllinn sem setti metið var að auki á Michelin Pilot Sport Cup-dekkjum. Helsta spurningin er nú hvort 20 hestöflum öflugri Volkswagen Golf R eða hinn 280 hestafla nýi Honda Civic Type R muni ná þessu meti af Seat-bílnum. Honda-menn hafa reyndar látið hafa eftir sér að þeir ætli ekki að reyna við metið. Margir bílablaðamenn hafi frekar mælt með kaupum á Seat Leon Cupra 280 en Volkswagen Golf R, enda er hann ódýrari og þeir telja hann betri.



Seat Leon Cupra

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS
vísir
Félag Fasteignasala
Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!





S-Class Coupe

## Mercedes Benz S-Class Coupe í Genf

S-Class Coupe var kynntur sem hugmyndabíll á bílasýningunni í Frankfurt sl. haust en nú sem raunverulegur framleiðslubíll á bílasýningunni í Genf. Hann er að sjálfsögðu tveggja dyra eins og sönnum coupe-bíl sæmir og allur sportlegri en hinn stóri S-Class lúxusbíll. Meðal annars er húddið lengra og lægra á sportbílnum. Hann er samt nánast jafn stór og lúxusbíllinn en einungis fjögurra sæta. Það ætti því að vera nóg pláss fyrir ökumann og þrjá farþega. S-Class Coupe verður hátæknivæddur eins og bróðir hans lúxusbíllinn og með öfluga vél. Fyrsta útgáfan af bílnum verður S500 en hann er með 4,7 lítra V-8 vél sem skilar 449 hestöflum og hámarkstog er 516 Nm. Hann fer úr kyrrstöðu í hundraðið á fimm sekúndum samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda. Panoramic-glerþak verður staðalbúnaður í S-Class Coupe.



Rafmagnsbíllinn Kia Soul EV

# KIA MEÐ RAFMAGNSÚTGÁFU SOUL

### Kemst 200 km á hleðslunni og 80% hleðsla næst á 25 mínútum.

Kia sýnir nú nýja rafmagnsútgáfu af Soul í Genf og bætast því stafirnir EV aftan við nafn bílsins. Kia Soul EV er hábyggður fjölnotabíll í minni millistærð. Bíllinn kom endurhannaður á markað á síðasta ári með bensín- og dísilvélum, báðum 1,6 lítra, en kemur nú fram í rafmagnsútgáfu eins og áður segir. Þar sem Kia Soul er hábyggðari en fólksbílar af svipaðri stærð er auðvelt að stíga inn og út úr honum og sætin eru há og útsýni gott. Að innan verður Kia Soul vandaðri en aðrar gerðir hans og meira lagt í hann að öllu leyti. Kia Soul EV er með 81,4 kW rafmótor sem á að koma bílnum allt að 200 km leið. Hámarkstog bílsins er 285 Nm og hann kemst úr kyrrstöðu í hundraðið á undir 12 sekúndum og hámarkshraðinn er 145 km/klst. Þetta er annar rafbíllinn frá Kia Motors en Kia Ray fær þann heiðurssess að vera sá fyrsti. Hlaða má rafhlöður þessa bíls að 80% hleðslu á 25 mínútum með 100 kW hleðslutæki. Framleiðsla hans hefst á seinni helmingi þessa árs. Kia Soul hefur ekki enn þá fengist hjá söluaðila Kia hérlendis, Öskju, hvað sem síðar verður.




AKTU FRAMFÖRUM

Við kynnum þriðju kynslóðina af BMW X5 með sparneytnari vél en nokkur annar bíll í þessum flokki. Nýi BMW X5 er léttari og með minni loftmótstöðu en keppinautarnir. Hann kostar frá 10.490 þús. kr. með 218 hestafla dísilvél og 8 gíra sjálfskiptingu og notar einungis 5,8 l/100 km í blönduðum akstri.

**Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X5!**

**BMW X5 - 5,8 l/100 km.* Verð frá 10.490 þús. kr.**

ENNEMM / SÍA / NM61736

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

FORD EXPLORER

3,5 l bensínvél, 290 hestöfl
Fjórhjóladrif

Eyðsla 12,4 l/100 km í bl. akstri

Mengun 288 g/km $CO_2$
Hröðun 7,5 sek.
Hámarkshraði 174 km/klst.
Verð 9.850.000 kr.
Umboð Brimborg

- Mikið rými
- Ljúfur í akstri
- Útlit

- Þak hamlar útsýni úr framrúðu
- Skipting
- Lítil veghæð



# LJÚFUR OG LÖGULEGUR JEPPI

## Mikil og jákvæð breyting varð á Ford Explorer er þessi nýja kynslóð hans kom fram árið 2011 og fríðleiki hans og akstursgeta jókst til muna.

**REYNSLUAKSTUR - FORD EXPLORER**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Það hefði í raun verið heppilegra að búa norðanlands þegar prófaður er jeppi eins og Ford Explorer og hann hefði fengið að glíma við snjóinn sem þar er ekki á neinu undanhaldi, en ekki á snarauðu malbikinu í höfuðborginni. Því var þó ekki að heilsa. Ford Explorer er einn þeirra jeppa sem algengastir eru á götunum hérlendis, en líklega eru enn þá fleiri þeirra af eldri gerð þessa vinsæla jeppa, en ekki með því útliti sem kom á markað árið 2011. Þá breyttist þessi bíll svo mikið að vart var hægt að láta sér detta í hug að hann væri arftaki þess eldri. Sú breyting var á allan hátt til batnaðar og mun betri og fallegri bíll kominn í staðinn. Ford Explorer er enn einn jeppinn sem var áður smíðaður á grind en er nú á plötu eins og hefðbundinn fólksbíll. Hann er því ekki heppilegur til breytinga, upphækkunar og stærri dekkja. Þessi bíll er þó alls ekki þannig hugsaður, hann er miklu nær því að vera forstjórabíll, er ríkulega búinn, þægilegur á malbikinu en þó fullfær um að yfirgefa það á grófari vegi og erfiðari færð.

### Kraftalegur með bólgnar línur

Ford Explorer er nú fríður bíll á að líta og kraftalegur. Hann er með bólgnar línur sem gagnast vel í innanrými hans. Hæð milli lægsta punkts að framan og upp á húdd er með því allra hæsta sem sést. Einkennandi við svip hans eru frekar nettar rúður og miklir flekar neðan þeirra sem gerir bílinn sportlegan. Samt sést vel út úr bílnum, nema að það pirraði reynsluökumann hversu langt þakið nær niður að framrúðu og skerðir með því útsýni fram á við. Að innan blasir við mjög ríkuleg innrétting sem á ekkert skylt við forverann gamla. Mælaborðið og stjórntæki eru nýtískuleg og allir mælar stafrænir og flottir og nýta liti á skemmtilegan hátt til upplýsingagjafar. Takkar eru fáir og flestu er stjórnað gegnum 8 tomma snertiskjá í miðju mælaborði. Þegar sett er í bakkgír breytist hann í bakkmyndavél sem er með skýrasta móti. Að auki er 4,2 tomma LCD-upplýsingaskjár í mælaborði sem veitir miklar akstursupplýsingar. Einn af stærstu kostum Explorer er hversu hljóðlátur hann er að innan og gæti hann fullt eins fallið í lúxusflokk bíla hvað það varðar.

### Spræk en sparneytin vél

Explorer er mikill bíll á alla vegu, enda alvöru sjö manna bíll með niðurfellanlegum sætum í öftustu röð. Þegar þau eru niðurfelld er farangursrými alveg flatt og hrikalega stórt. Mjög fljótlegt er að reisa þau og þarf ekki mikla krafta til og sætin sjálf eru jafn góð og önnur sæti í bílnum. Reynsluakstursbíllinn var með leðursætum og þannig er hann ári fallegur að innan þó hann eigi enn eitthvað í land í samkeppninni við innréttingar bíla lúxusmerkjanna. Framsætin eru mjög góð, rafstýrð að fullu fyrir ökumann og flytjast aftur þegar stigið er inn og út úr bílnum. Vel er séð fyrir geymslurýmum í bílnum og er hólfið milli framsætanna með því allra stærsta sem sést. Enginn vandi er heldur að finna staði fyrir drykki. Ford Explorer er bara í boði með einni vélargerð en það er líka afar vel heppnuð 6 strokka, 3,5 lítra bensínvél sem sendir 290 hestöfl til allra hjólanna gegnum 6-gíra sjálfskiptingu. Þessi vél skilar 36 hestöflum meira en 4,0 lítra vélin sem hún leysti af í eldri gerð bílsins og eyðslan samt umtalsvert minni. Þrususkemmtileg vél sem hraðar bílnum vel og er að auki sparneytin miðað við stærð bílsins, en uppgefin eyðsla er 12,4 lítrar í blönduðum akstri og 10,2 utanbæjar. Í reynsluakstrinum, sem að langmestu leyti fór fram innanbæjar var bíllinn með 13,3 lítra, svo ekki munar miklu frá uppgefinni eyðslu. Hljóðið í vélinni er sér kapítuli, sérlega fallegt og fær ökumann til að stíga oft hressilega með hægri fæti bara fyrir kikkið. Hröðunin er samt ekkert brjálæðisleg, enda bíllinn um 2,2 tonn. Skiptingin er heldur ekki mjög skilvirk né hröð þegar gefið er hressilega inn.








### Hinn ljúfasti akstursbíll

Bíllinn er hinn ágætasti í akstri, fjöðrun er skemmtileg og lítt sammerkt með alltof mjúkri fjöðrun margra amerískra bíla. Hún er hæfilega stíf þó að enn eimi eftir af áhrifum frá Vesturheimi. Þyngdarpunkturinn virðist miklu lægri en í forveranum og yfirbygging hallast lítið þó að vel sé farið í beygjur. Samt er bílinn nokkrum kílóum þyngri en sá gamli og kemur það eitt og sér aðeins á óvart í heimi þar sem flestir bílaframleiðendur létta bíla sína með nýrri kynslóð. Explorer kemur með fjórar stillingar fyrir mismunandi gerð undirlags. Þessar stillingar breyta undirvagni og fjöðrun, skiptingu og vélarafli bílsins og tryggja með því aksturshæfni og öryggi. Eitt kom þó ökumanni á óvart er farið var hratt yfir hraðahindranir, sem jeppar af stærri gerðinni eiga að vera fullfærir um á talsverðum hraða, en þá hjó bíllinn niður að aftan eða sló upp í fjöðruninni og brá ökumanni við það. Fjöðrun bílsins virðist sett upp fyrir sem þægilegastan borgarakstur og þar sem götur í framleiðslulandi hans eru ekki yfirfullar af hraðahindrunum, eru þær ef til vill ekki bestu vinir hans. Annar augljós ókostur er hversu lágur bíllinn er, þá sérlega að framan, þar sem svunta bílsins teygir sig langt niður og gæti það hamlað honum mjög í torfærum. Explorer má fá í XLT-útgáfu frá 10,3 milljónum króna og þar sem ekki er sanngjarnt að bera hann saman við jeppa lúxusbílaframleiðendanna þýsku á hann helst samkeppnisbíla í svo til jafndýrum Toyota Land Cruiser og Mitsubishi Pajero. Í ódýrustu gerð Explorer, með plussætum, er hann hins vegar á 9,85 milljónir króna.

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET








# FÁÐU MEIRA...

SPARK
1.736.000.-
LS BENSÍN 1.0L
BSK • 5 SÆTA




2014 IIHS TOP SAFETY PICK+

Chevrolet Spark hlaut hæstu einkunn í sínum flokki hjá Bílaöryggis-stofnun Bandaríkjanna

Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ

## ÖRYGGI, BÚNAÐUR OG ÞÆGINDI FYRIR FJÖLSKYLDUR – STÓRAR SEM SMÁAR

Fjórhjóladrifinn Captiva og metsölubíllinn Spark eru með ríkulegan staðalbúnað og jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn – sjáðu meira á benni.is.

CAPTIVA 4X4
5.990.000.-
LT DÍSEL 2.2L • 184 HÖ
SSK • 7 SÆTA




Bíll á mynd: Chevrolet Captiva LTZ

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## BL frumsýnir nýjan Nissan Qashqai 15. mars

Nissan Qashqai er á meðal þeirra jepplinga sem hvað best hafa selst á Íslandi undanfarin ár en nú er stutt í að BL kynni nýjustu kynslóð bílsins. Frumsýningin á honum verður laugardaginn 15. mars næstkomandi. Hinn nýi Qashqai hefur þegar verið valinn bíll ársins af tímaritinu WhatCar? en þar þótti bíllinn skara fram úr hvað stíl og fágun varðar í hópi bíla þar sem samkeppnin er þegar afar hörð. Bíllinn þótti vera á góðu verði þótt tækni, þægindi og öryggi væru höfð í fyrirrúmi. Í umsögn WhatCar? kemur einnig fram að aksturseiginleikarnir séu framúrskarandi og að nýr Nissan Qashqai sé með afbrigðum hljóðlátur og þægilegur. Qashqai hefur boðið eiginleika sem henta vel íslenskum aðstæðum. Bíllinn er mátulega stór, rúmgóður fyrir fjóra fullorðna í lengri ferðum og farangursrýmið er með ágætum. Þá er Qashqai sparneytinn bíll og akstурseiginleikar hans á við góðan fólksbíl þrátt fyrir að setið sé hátt í bílnum. Þessir eiginleikar gera það að verkum að nýi bíllinn ætti að falla vel í kramið eins og sá gamli.



Nissan Qashqai

# PEUGEOT 308 BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU

## Hlaut 307 stig, í öðru sæti varð BMW i3 með 223 stig og Tesla Model S varð þriðji með 216 stig,

Hin virtu verðlaun Bíll ársins í Evrópu hlaut hinn franski Peugeot 308 og skákaði fimm öðrum bílum sem komist höfðu í lokavalið. Peugeot 308 hlaut 307 stig, en í öðru sæti varð BMW i3 með 223 stig. Í þriðja sætinu varð svo Tesla Model S með 216 stig, í fjórða Citroën C4, því fimmta Mazda3 með 180 stig og sjötta Skoda Octavia með 172 stig. Sigur Peugeot 308 var því nokkuð afgerandi því meiri munur var á fyrsta og öðru sæti en öðru og sjötta sæti. Maxime Picat sem fer fyrir Peugeotmerkinu sagði við verðlaunaafhendinguna á bílasýningunni í Genf að það væri sannarlega gleðiefni að nú væru bílablaðamenn að tala við hann um bíl en ekki um Peugeot-fyrirtækið og dræmt gengi þess á undanliðnum árum. Þar ratast honum satt á munn því flestar fréttir undanfarið af franska framleiðandanum hafa verið af taprekstri og erfiðleikum.

Vonandi lyftir þessi verðlaunaði bíll Peugeot-fyrirtækinu upp úr þeirri lægð sem það hefur verið í. Sala Peugeot-bíla hefur minnkað sex ár í röð og tap hefur verið á rekstri þess síðustu tvö ár. Peugeot neyddist til að selja kínverska bílaframleiðandanum Dongfeng 14% hlut í fyrirtækinu í síðasta mánuði til að fjármagna reksturinn. Markaðshlutdeild Peugeot minnkaði í 10,9% á síðasta ári frá 11,7% árið áður. Í síðasta mánuði jókst sala Peugeot-bíla um 6,9%, svo vonandi er sólin að rísa hjá Peugeot.



Peugeot 308 sigraði nokkuð örugglega þá sex bíla sem í úrslit náðu. Vonandi er sólin aftur að rísa hjá Peugeot.




Renault Clio



## BL söluhæsta bílaumboðið

Eins og kom fram í fréttum í byrjun ársins þá hóf BL að bjóða kostnaðarlaus lán til að ýta undir bílasölu í kjölfar þess að síðasti fjórðungur ársins 2013 reyndist almennt undir væntingum í bílasölu. Það ber ekki á öðru en að framtak BL hafi heppnast vel enda er umboðið núna hæst í sölu af íslensku umboðunum og er BL með tæp 26% af markaðnum í heildina. Þá er BL einnig hæst í sölu þegar bílaleigubílar eru taldir frá með tæp 21% á markaðnum. „BL hefur náð framúrskarandi árangri fyrstu tvo mánuði ársins og er nú söluhæsta bílaumboð landsins. Okkur hefur gengið mjög vel það sem af er árinu og má eflaust þakka það fjölbreyttu úrvali bíla sem einstaklingar, fyrirtæki og bílaleigur sýna mikinn áhuga og jafnvel einnig frumkvæði okkar við kynningu á nýjum lánamöguleikum í byrjun janúar,“

segir Loftur Ágústsson, markaðsstjóri BL. Það sem af er ári hefur bílasala aukist um 23,5% og eru nýskráðir fólksbílar í febrúar alls 495 en voru 380 bílar 2013. Aukningin í febrúar einum er rúmlega 30%. Úrval BL af einstaka bílgerðum er töluvert, þ.e. BMW, Hyundai, Isuzu, Land Rover, Opel, Renault, Subaru, Nissan og Dacia en að auki er BL með breiða línu atvinnubíla.








KIA
The Power to Surprise

Kia bílarnir hafa slegið í gegn á Íslandi eins og annars staðar. Kia Carens er **rúmgóður, sparneytinn og öruggur sjö manna fjölskyldubíll með framúrskarandi aksturseiginleika**, hannaður til að veita þér meira frelsi til að njóta stundanna með þínum nánustu.

**Komdu í Öskju og kynntu þér Carens og stórfjölskylduna frá Kia. Við tökum vel á móti þér.**

## Kaupauki með Carens: Tveir iPad og heilsársdekk

Nú fylgja **heilsársdekk** og **tvær 16 GB iPad spjaldtölvur með höfuðpúðafestingum** hverjum nýjum Kia Carens. Gildir til 1. apríl 2014.

Carens 1,7 dísil, beinskiptur 6 gíra

## Verð frá 4.890.777 kr.

Aðeins **49.900 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo

*M.v. 1.980.000 kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,69%. Nánari upplýsingar á ergo.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

# McLaren 650S er 8,4 sekúndur í 200

Hinn nýi McLaren 650S er sneggri í 200 km hraða en flestir bílar í 100 km hraða. Hann kostar líka sitt, eða um 37 milljónir króna í Bretlandi. Eins og nafn bílsins gefur til kynna er hann vopnaður 650 hestafla vél, 3,8 lítra og fær mikið aukaafl frá tveimur forþjöppum. Hún skilar bílnum í 100 km hraða á þremur sekúndum sléttum og kvartmíluna klárar hann á 10,5 sekúndum. Þessi bíll er ekki síst settur til höfuðs Ferrari 458 Speciale og hefur það t.d. fram yfir hann að klára kvartmíluna á hálfri sekúndu skemmri tíma. McLaren segir að í þessum bíl séu engar málamiðlanir. Hann bjóði eigendum sínum allt það besta, sé með glæsilega innréttingu og mikinn búnað, auk þess að slá flestum brautarbílum við hvað hraðann snertir. McLaren-menn eru einnig afar stoltir af útliti bílsins og auðvelt er að taka undir það.



McLaren 650S er 650 hestafla spíttkerra sem er sneggri upp í 200 en flestir bílar í 100 km hraða.



Opel Adam S keppir við Fiat 500 um hylli kaupenda.

# Opel Adam S spíttkanína

Líkt og margir aðrir bílaframleiðendur hyggst Opel bjóða kraftaútgáfu af sínum vinsæla smábíl, Adam. Hann mun væntanlega keppa helst við Fiat 500 Abarth og Mini Cooper S um hylli kaupenda sem kjósa litla kraftabíla sem ekki kosta of mikið. Opel Adam S verður knúinn sömu 1,4 lítra vélinni og er í hefðbundnum Adam, en þessi verður með forþjöppu og skilar 148 hestöflum til framhjólanna. Hann verður með 6 gíra beinskiptum kassa. Hámarkshraði bílsins er 220 km/klst. Eins og við má búast er fjöðrunin stífari í þessum bíl, bremsurnar stærri og stýrið nákvæmara. Það er OPC-deild Opel sem kemur að þeim breytingum sem á bílnum eru. Bíllinn stendur á 18 tommu álfelgum og hann er með vindkljúf að aftan, „body kit“ allan hringinn og stærri pústgöt en sá hefðbundni. Innréttingin er líka talsvert breytt, framsætin eru frá Recaro með rauðum stöguðum saumi. Opel Adam S er nú til sýnis á bílasýningunni í Genf. Tilkoma þessa bíls verður vafalaust til að auka enn vinsældir þessa snaggaralega og laglega bíls.



Top Gear-stjórnendurnir þrír.

# Nýr Top Gear-samningur í bígerð

Á næsta ári rennur núverandi samningur við þáttastjórnendurna í bresku þáttaröðinni Top Gear út. BBC, sem framleiðir og sýnir þættina, á mikið undir að starfskrafta þeirra verði notið áfram og er nýr samningur við þá í bígerð. Sá samningur yrði til þriggja ára og næði til ársins 2018. Í núverandi samningi er alls ekki gert ráð fyrir lokum þáttaraðarinnar, þvert á móti. BBC, sem selur og dreifir þessum vinsæla þætti til nánast allra landa í heiminum, hefur að sjálfsögðu mikinn áhuga á að viðhalda vinsældum hans og í leiðinni þeim miklu tekjum sem af honum eru. Að vonum munu því þáttarstjórnendurnir þrír, Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May vera með pálmann í höndunum og selja sig ekki fyrir lítið. Þeir hafa nú þegar efnast mjög á þáttunum og enn mun veskið þyngjast.



# VERKFÆRI EHF

SUÐURLANDSBRAUT 32, 108 REYKJAVÍK



## UMBOÐ - WWW.VERKFAERIEHF.IS

POWERSCREEN A TEREX COMPANY · SCHWING Stetter · TOPCON · CLARK · ATLAS CRANES UK LTD · MEGA



## NOTAÐAR VÉLAR - WWW.VERKFAERIEHF.IS



Merlo 32.6 árgerð 2009 og ekinn 2230 tíma.

Takeuchi TB175, árgerð 2006, ekin 3570 tíma.

Caterpillar 312L árgerð 2009, ekin 5100 tíma.

Hitachi ZX210LC-3 árgerð 2008 og ekinn 6370 tíma.

Manitoue MT1030ST árgerð 2011, ekinn 510 tíma.

Hitachi ZX50-U árgerð 2007, ekin 4090 tíma



Volvo EC220DL árgerð 2013, ekin 53 tíma.

JCB 4CX, árgerð 2007, 5100 tíma.

Amman AVP 4920 árgerð 2008, 365 kg, Diesel aftur/áfram.

John Deere 6430, árgerð 2009, ekin 1511 tíma.

Terex TL80, árgerð 2011, ekin aðeins 650 tíma.

JCB 2CX árgerð 2005 ,aðeins 1575 tímar.



JLG 1930ES, árgerð 2006, aðeins 104 tímar.

**Útvegum varahluti í allar tegundir vinnuvéla og lyftara**

# WWW.VERKFAERIEHF.IS

**www.facebook.com/verkfaeriehf.is**



Ólafur Baldursson - Framkvæmdastjóri
Telephone: +354 892 9399
E-mail: olafur@verkfaeriehf.is



Gunnar R. Ólafsson - Sölustjóri
Telephone: +354 859 9399
E-mail: gunnar@verkfaeriehf.is



Jóhann Sigurjónsson - Varahlutir
E-mail: parts@verkfaeriehf.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S. 567 2000



**DIESEL 7 MANNA !**
Suzuki Grand Vitara XL7 DIESEL 10/2003 ek 164 þ.km 5 gira gott ástand verð 1190 !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2012, ekinn 11 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.140596.



MERCEDES BENZ Ml 320 cdi. Árgerð 2007, ekinn 136 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.140046.



KIA Sorento ex luxury 197 hö. Árgerð 2011, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000. Rnr.990536.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bílaplan.is



**BÍLL DAGSINS !!**
MMC PAJERO 3.2 DID DISEL árg. 2006 ek. 74 þkm. Sjálfsk., krókur, 1 eigandi, 100% þjónustubók, toppeintak og útlit, möguleiki á 75% láni, tilboðsverð 2890 Þús Rnr. 147303 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

SUZUKI



Eigum EL-GO rafmagnsvespurnar til afgreiðslu strax, ekkert próf og ekkert bensín. Sama lága verðið kr.148.900,-

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**WWW.SUZUKI.IS**

STÓRA BÍLASALAN



LAND ROVER Range Rover Sport. Árgerð 2006, ekinn 142 Þ.KM,20" felgur og fl. dísel,umboðsbíll. Verð 4.690.000.-Er á á staðnum Rnr.100456.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu



Wv póló árg07 ek 125 þús beinsk 1,4 vél skoðaður 15 nýleg heilsársdekk, ný tímareim, toppbíll verð aðeins 940 þús gsm 8682352



**TILBOÐ Á CHEVROLET AVEO 2008**
Gott eintak, ek. 88 þús. Bensín, beinsk. Nýlega þjónustuskoðaður, vel með farinn. Verð 750 þús. Uppl. Í s. 822-7910.




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



Toyota Aygo árg. ,06 ek. 85 þús. V. 850þús. Uppl. í s. 8994452

Benz ,03 til sölu. Ek. 63 þús. Nýjar bremsur og klossar. V. 500 þús. Uppl. í s. 8672145

Musso jeppi árg.2000 Bensín, sjálfskiptur, 3.2L, keyrður 155.000þ Skoðaður í síðustu viku án athugasemda, þarfnast smá lagfæringa. Verð.250.000þús S:617-4835

## 250-499 þús.



**MJÖG GOTT EINTAK AF YARIS**
Toyota Yaris 1.3 vvt-i árg ,00 ekinn aðeins 168þús km. beinskiptur. 3dyra. ný skoðaður. nýleg heilsársdekk. smurbók. mjög eyðslugrannur og góður í akstri. Tilboðsverð aðeins 450þús stgr. möguleiki á 100% visaláni. s:659-9696



**MÖGULEIKI Á 100% VISALÁNI !**
Hyundai Getz 2003 ek.162 þús, 3ja dyra, beinskiptur, ný skoðaður 2015, spoiler,álfelgur ásett verð 690 TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni 17þús per/mán s.841 8955



**SJÁLFSKIPTUR SMÁBÍLL TILBOÐ!**
Peugeot 206 1.4 5d, 01" Ek. aðeins 133þkm! Búið að skipta um tímareim Verð 550þ TILBOÐ 299þ stgr eða 9þ á mánuði með Visa/euro kortaláni í 36 mán. S: 777-3077



**MJÖG EYÐSLUGRANNUR KALOS**
Kalos 1.4 árg ,03 ek. aðeins 114þús km. 5d. bs, ný tímareim. ný yfirfarinn á verkstæði. nýleg heilsársdekk. smurbók frá upphafi. lýtur mjög vel út og í góðu ástandi. ásett 790þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. 100% visaláni í boði. uppl í s:659-9696

## 500-999 þús.



**FRÁBÆR EYÐSLUGRANNUR FERÐABÍLL**
Honda HR-V 1.6 árg ,00. ekinn 181þús km. beinskiptur. ný skoðaður. ný yfirfarinn á verkstæði. heilsársdekk. flottur og skemmtilegur bíll. ásett 680þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% visaláni. s:659-9696



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 790 ÞÚS. STGR!**
Kia Sorento 2.4 bensin. 4x4. árg ,05 ekinn 190þús km. beinskiptur. heilsársdekk. skoðaður. fallegur bíll. Ásett verð 1.490þús. Tilboðsverð aðeins 790þús stgr. Möguleiki á 100% visaláni. s:659-9696



**FLOTTUR RAV4 - TILBOÐ 850 ÞÚS**
TOYOTA RAV4 1,8 vvti árg 2003 ek.118 þús, beinsk., tímakeðja. ný sk. ,15, krókur, nýleg vetrardekk, fallegur bíll ásett verð 1090 þús TILBOÐ 850 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni í 36 mán s.841 8955



**TILBOÐ 550 ÞÚS -100%VISALÁN**
TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI árg 2003 ný sk. ,15 heilsársdekk, góður bíll sem eyðir mjög litlu ásett verð 720 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% visalani í 36 mán s.841 8955



**DÍSEL SPARIBAUKUR !**
Peugeot 1007 Disel. árg ,07 e 162þús km. nánast allt langkeyrsla. bsk. hiti í sætum. smurbók frá upphafi. nýleg vetrardekk. eyðsla 4L/100km. Ásett verð 970þús. Tilboðsverð aðeins 790þús stgr. Möguleiki á 100% visaláni. uppl í s:659-9696

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**
Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

Óska eftir bíl á bilinu 30-300þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

**0-250 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 500 ÞÚS.STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bílinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

VAKA



**FELGUR**
Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremmsuviðgerðir. S. 892 7852.

## PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
**Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315**

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## til sölu



**M.Benz GL550 4Matic 3/2008 ekinn 30þ. km,**
7manna,
ljóst leður,
loftpúðafjöðrun,
2 sóllúgur, DVD.
Mjög vel útbúinn dekurbíll.

**Verð 9.900.000,**
*Raðnúmer 207748*

TOYOTA

**TOYOTA AKUREYRI Baldursnesi 1 Sími: 4604300**
**www.toyotaakureyri.is**

## Bókhald

**SKATTFRAMTAL 2014**
Tek að mér skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila. Ég er viðskiptafræðingur Cant. Oecon. Með mikla reynslu.

Ódýr og góð þjónusta.

Kíktu á www.skatt.is s:661-3703
**S. 661 3703 / www.skatt.is**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**SKATTFRAMTAL 2014**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 fob@fob.is

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

**NUDD**
Slökurnudd, heilsunudd á nuddstofunni á svæði 200. Tímapantanir í Síma 771 2117.

## Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

Símaspá, spái í spil, ræð drauma, ekkert mínutu gjald. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.



# BÍLL DAGSINS

**Honda CR-V Executive**

Nýskráður 4/2011, ekinn 25 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. **5.190.000**



PEUGEOT

**307 XT 1.6i**

Nýskráður 9/2005, ekinn 87 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 990.000**

**Tilboð kr. 790.000**



NISSAN

**X-TRAIL SE**

Nýskráður 8/2008, ekinn 60 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 2.890.000**



HONDA

**Civic Sport dísil**

Nýskráður 2/2014, sýningarbíll, dísel, 6 gírar.

**Verð kr. 4.090.000**



BMW

**3**

Nýskráður 8/2004, ekinn 129 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

**Verð kr. 1.490.000**



HONDA

**Jazz LS**

Nýskráður 2/2004, ekinn 132 þús.km., bensín, 5 gírar.

**Verð kr. 790.000**



HONDA

**CR-V Executive Dísil**

Nýskráður 2/2013, ekinn 16 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 7.150.000**



PEUGEOT

**508SW Active e-HDi**

Nýskráður 4/2012, ekinn 95 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.590.000**



PEUGEOT

**508 Active e-HDi**

Nýskráður 1/2012, ekinn 82 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

**Verð kr. 3.450.000**

**Opnunartími**

**Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00**

**Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00**

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


## Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/ tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Eigum einnig til á lager: 8 hyrndlok á Unaðskel, Hörpuskel, Blómaskel frá Trefjum. Snorralaug og Unnarlaug frá Normex. Eigum einnig til á lager lok: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðnum í dag.Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð. S. 561 6254 / 611 6078 / 854 3454 Nuddstofan opin frá kl. 14-21.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög

**ISAFOLD TRAVEL**

**FORMÚLAN Á MONZA Í BYRJUN SEPTEMBER.**

Eigum 6 sæti laus í vel kryddaða og líflega 10 daga ferð um Bayern, Slóveníu og Ítalíu með hápunktinum á F1 í Monza. Flogið til München 1. sept. Hópstærð að hámarki 25 manns.

**Hafið samband í síma 897 3015 eða á jb@isafoldtravel.is og biðjið um ferðarlýsingu og verð.**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**

Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.

**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.

**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

60 fm tveggja herb. íbúð (studíó) 105 Rvk. S. 860 0360.

## Húsnæði óskast

**LEIGUÍBÚÐ ÓSKAST**

Ungt háskólapar á 25. aldursári óskar eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu, helst miðsvæðis. Við erum reyklaus og reglusöm. Greiðslugeta 80-120 þús. Uppl. í S 8482698/ 8478086

Ungt háskólapar á 25. aldursári óskar eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu, helst miðsvæðis. Við erum reyklaus og reglusöm. Greiðslugeta 80-120 þús. Uppl. í S 8482698/ 8478086

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR**

65m2 og 105m2 snyrtileg rými á fyrstu hæð, bæði með sérinngangi. Hentar fyrir t.d. heildverslun eða snyrtileg verkstæði. Nánar á leiga. webs.com. Sími 898 7820

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bílastjarnan**

**MÁLNINGA OG RÉTTINGA VERKSTÆÐI**

Óskum eftir vönum starfsmanni sem fyrst á málninga og réttinga verkstæðið að Bæjarflöt 10 í Grafarvogi. Viðkomandi þarf að vera með menntun eða góða reynslu í faginu, þekkja vel til í plast viðgerðum, vera stundvís, áreiðanlegur og samviskusamur. Bílastjarnan ehf er rótgróið fyrirtæki sem leggur metnað í fagleg og vönduð vinnubrögð. Húsnæði og starfsaðstaða er til fyrirmyndar.

**Nánari upplýsingar veitir Bjarni Jónsson í síma 7786380 eða sendið inn umsókn með góðum upplýsingum á bjarni@kar.is**

Vantar íslenskan starfskraft í 100% vinnu í Svanhvít Efnalaug. Vinnutími frá 10-18 alla virka daga. Umsóknir berist á svanhvit@svanhvit.is

**LEBOWSKI BAR / AÐSTOÐ Í ELDHÚS**

Óskum eftir aðstoðarmanni í eldhús við að elda og afgreiða bestu hamborgara í heimi. Sumarvinna einnig í boði. Umsóknir sendist á: info@lebowskibar.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ÉG HLUSTA**

Ef ykkur liggur eitthvað á hjarta, þá get ég hlustað og hjálpað ykkur. Hringið í s. 901 5550






KL. 20:10
**Geggjaðar græjur**
Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld



KL. 19:20
**Um land allt**
Kristján Már Unnarsson skoðar Sandgerði, eina öflugustu útgerðarstöð landsins.



KL. 20:30
**The Big Bang Theory**
Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon.



KL. 20:55
**Rake**
Nýir og frábærir gamanþættir með Greg Kinnear sem leikur bráðsnjalla lögfræðinginn Keagan Deane.



KL. 21:40
**Bones**
Dr. Temperance Brennan, réttarmeinafræðingur, er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.




KL. 21:15
**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | 3 | 6 | 1 | 7 | | |
| | | | | 8 | 2 | | 5 | |
| 8 | 2 | | | | | 1 | 6 | |
| | 5 | | | | | 6 | | |
| 9 | 8 | 4 | 7 | | | | 1 | |
| 1 | | | 9 | 2 | 5 | | | 8 |
| 2 | | | | 4 | | | | |
| | | 5 | | 7 | 9 | | | 6 |
| 4 | | 8 | 1 | | 3 | 9 | 2 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 7 | | 9 | | 8 | |
| 8 | 7 | | | | | 9 | 3 | |
| 3 | | | | 5 | | 4 | | 2 |
| 9 | 3 | | 8 | | | 2 | | |
| | | 7 | 2 | 4 | | 5 | | 9 |
| | 5 | 2 | | 7 | 6 | | | 8 |
| | 4 | 9 | | | | | | |
| | | | 4 | | 2 | | | |
| 7 | | | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 9 | 1 | | | 3 | | |
| 5 | | | | 6 | 2 | | | |
| 4 | | | 5 | | | | | |
| | | | | 5 | | | 7 | |
| | | 6 | | | | 8 | | 5 |
| | 3 | | | | 8 | 1 | | 2 |
| | | | | | | 2 | 3 | |
| | 9 | 2 | | | | 4 | | |
| | 1 | | 7 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 2 | 6 | 1 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 | 3 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 6 | 1 | 3 | 9 | 2 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 3 | 1 |
| 4 | 9 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 7 | 4 | 9 | 5 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 6 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 8 |
| 5 | 2 | 8 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 5 | 3 |
| 2 | 1 | 9 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 7 | 8 | 4 | 1 | 3 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 9 | 1 | 7 | 8 | 2 | 6 |
| 8 | 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 7 | 1 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 9 | 7 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 3 | 7 | 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 7 | 9 | 8 | 3 | 2 | 4 |
| 4 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 5 | 8 | 7 |
| 8 | 7 | 3 | 2 | 5 | 4 | 6 | 9 | 1 |
| 3 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 9 | 5 | 2 | 8 | 1 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 7 | 6 | 1 | 3 | 4 | 2 | 8 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

„Lífið svo þið þurfið ekki að líta um öxl og segja: Guð, ég hef sóað lífi mínu.“

*Elisabeth Kubler-Ross*

### KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** fjármunir, **6.** frá, **8.** farfa, **9.** rá, **11.** karlkyn, **12.** mælieining, **14.** sæti, **16.** skóli, **17.** stúlka, **18.** kærleikur, **20.** þys, **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** barningur, **3.** fæddi, **4.** eyja, **5.** stykki, **7.** kvarnast, **10.** stefna, **13.** borg, **15.** yndi, **16.** blástur, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** góss, **6.** af, **8.** lit, **9.** slá, **11.** kk, **12.** lítri, **14.** stóll, **16.** ma, **17.** mey, **18.** ást, **20.** ys, **21.** stuð. **LÓÐRÉTT: 1.** basl, **3.** ól, **4.** sikiley, **5.** stk, **7.** flísast, **10.** átt, **13.** róm, **15.** lýst, **16.** más, **19.** tu.

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Kanadíski stórmeistarinn Eric Hansen (2.587) vann norska stórmeistarann Rune Djurhuus (2.447) á laglegan hátt í sjöundu umferð N1 Reykjavíkurskákmótsins.**

**Svartur á leik:**



**24.…Bxg4! 25. fxg4 f3+ 26. Kh3 Dd7! 26. Dg5 Rf7 27. Dh4 h5!** Hvítur gafst upp. Ef 28. Hg1 þá 28.…Kg7 og svo 29.…Hh8 og hvítur er gjörsamlega varnarlaus. Egyptinn Bassem Amin (2.657) var efstur eftir sjö umferðir. **www.skak.is** Næstsíðasta umferð N1 Reykjavíkurskákmótsins kl. 16.30.

# Sjóðheit samfestingatíska

Samfestingar virðast ekkert vera á leiðinni að detta úr tísku, ef marka má fataval stjarnanna á rauða dreglinum. Það skiptir ekki máli hvort samfestingarnir eru látlausir, í villtum litum, með ermum eða án – allt virðist vera leyfilegt þegar kemur að þessum tískustraumi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Margot Robbie** í Elie Saab.



**JULIA ROBERTS** í Valentino.



**NAOMIE HARRIS** í Monique Lhuillier.



**HILARY DUFF** í LBJ by Max Mara.



**Charlize Theron** í Stella McCartney.


VT FASTEIGNIR

Viðskiptatengsl eru okkar fag

Sími: 537-9988 • Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • www.vtfasteignir.is

Kristinn Tómasson
Lögg. fasteignasali
820-6797

**Rekagrandi 1 - Íbúð 404**




**Opið hús í dag þriðjudag frá kl. 18-19**
Um er að ræða 3ja herbergja íbúð á fjórðu hæð ásamt stæði í bílastæðahúsi, samtals 108.7 fm.

**Verð: 27.6 milljónir.** Allar nánari upplýsingar veitir Kristinn Tómasson lögg. fasteignasali í síma: 820-6797.



104 Reykjavík

**Verslunarhúsnæði**

Lækkað verð



Allar nánari upplýsingar veitir
**Svan G. Guðlaugsson**
sölufulltrúi
**sími:** 697-9300
svan@miklaborg.is

**Glæsibær verslunarmiðstöð**

Til sölu 54,1 fm fallegt verslunarhúsnæði

Vandaðar innréttingar og gólfefni

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **15,6 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Ægisíða 60 - Neðri sérhæð ásamt bílskúr.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Glæsileg 6 herbergja 131,6 fm. neðri sérhæð í góðu þríbýlishúsi við Ægisíðu að meðtalinni 14 fm. geymslu kjallara. Þrjár samliggjandi skiptanlegar stofur. Þrjú herbergi. Stórar flísalagðar svalir til suðurs og austurs út af borðstofu. Glæsilegt útsýni til sjávar, að Reykjanesi, Álftanesi og víðar. Eigninni fylgir 22,5 fm. bílskúr. **Verð 55,0 millj. Verið velkomin**

**Hlíðarvegur 29 - Kópavogi.**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-18.00**




**Glæsilegar 4ra herbergja íbúðir í suðurhlíðum Kópavogs**
Íbúðirnar eru nánast algjörlega endurnýjaðar á vandaðan og smekklegan hátt. Hvítar háglansinnréttingar í eldhúsum og á baðherbergjum. Ný gólfefni og nýjar innihurðir. Allar lagnir endurnýjaðar. Ný hellulögn fyrir framan hús og næg bílastæði.

- 4ra herbergja 102,2 fm. íbúð á 2. hæð með stórum svölum í suður. Til afhendingar strax. **Verð 34,9 millj.**
- 4ra herbergja 108,8 fm. íbúð á 1. hæð auk 34,7 fm. bílskúrs. Stór verönd til suðurs. Afhending í apríl nk. **Verð 38,9 millj.**

**Frábær staðsetning. Stutt í skóla og alla þjónustu.**

**Verið velkomin.**








210 Garðabær

**Garðaflöt 21**



**OPIÐ HÚS**
**Miðvikud. 12. mars 17:00 - 17:45**

Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason,** Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is **sími:** 822 2307

201 fm einbýlishús á einni hæð

Góð staðsetning

4 svefnherbergi

Frábært fjölskylduhús

**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **55,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




**KITCHENAID BLANDARI**
verð áður 43.599 kr.

**WILFA BLANDARI 1200W**
verð áður 21.997 kr.




**SEVERIN KAFFIVÉL 1000W**
verð áður 5.798 kr.

**MELISSA SAMLOKUGRILL**
verð áður 2.998 kr.




**MEDISANA BAÐVOG**
verð áður 4.598 kr.




**KAI PURE KOMACHI HNÍFAR**
verð áður frá 2.377 kr.

**ACCUSHARP BRÝNI**
verð áður 3.748 kr.




**AMT DJÚP PANNA 28CM**
verð áður 14.122 kr.

**AMT GRUNN PANNA 28CM**
verð áður 12.998 kr.




**AMT POTTUR 18CM**
verð áður 9.998 kr.

**AMT POTTUR 16CM**
verð áður 8.198 kr.




**ELDFAST MÓT 27X16 CM**
verð áður 2.564 kr./stk.

**ELDFAST MÓT 28X18 CM**
verð áður 2.728 kr./stk.

# FJARÐARKAUP
# BÚSÁHALDAR VIKA
## 10.-15. MARS




**KARAFLA GLÆR**
verð áður 3.798 kr.

**KARAFLA GLER**
verð áður 3.498 kr.




**DESERTSKÁL 280ML**
verð áður 1.258 kr.

**GLERSKÁL Á FÆTI**
verð áður 4.278 kr.

**GLAS 270ML**
verð áður 853 kr.

**GLAS Á FÆTI 225ML**
verð áður 1.142 kr.




**KUB OLÍA/EDIK HVÍTT/SVART**
verð áður 3.385 kr./stk.

**KUB MALARI HVÍTT/SVART**
verð áður 5.086 kr./stk.




**ELDFAST MÓT - MUFFINS**
verð áður 873 kr./stk.




**RJÓMASPRAUTA**
verð áður 7.598 kr./stk.

**GAS Í RJÓMASPRAUTU**
verð áður 951 kr.

**KÖKUDISKUR 33CM**
verð áður 1.098 kr.

**PYREX ELDFÖST MÓT 3 Í PK.**
verð áður 2.876kr.




**LUM KANNA 1,3L**
verð áður 1.148 kr.

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort**

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**

3.658 kr.



**VIGT**
verð áður 4.998 kr.

2.398 kr.



**SKURÐARBRETTI 35X24 CM**
verð áður 2.771 kr.

2.598 kr.




**HNÍFASETT 3 Í PK. ÝMSIR LITIR**
verð áður 3.098 kr.

frá 2.698 kr.



**MC STEIKARPANNA 20-30 CM**
verð áður frá 3.434 kr./stk.



3.468 kr.

**MELAMÍN SKÁLASETT 3 STK.**
verð áður 4.298 kr.

frá 884 kr.

**SÍLIKON SLEIF RAUÐ**
verð áður 1.440 kr. Nú 1.156 kr.
**SÍLIKON SLEIF GRÆN**
verð áður 1.386 kr. Nú 1.113 kr.
**SÍLIKON SLEIF GUL**
verð áður 1.198 kr. Nú 968 kr.
**SÍLIKON SPAÐI BLÁR**
verð áður 1.170 kr. Nú 884 kr.



1.998 kr.



**SÍLIKON GUFUSJÓÐARI**
verð áður 2.698 kr.




1.352 kr.

1.352 kr.

**KÖKUFORM SÍLIKON**
verð áður 2.568 kr.

**FORRÉTTAGLÖS**
verð áður 2.568 kr.

1.998 kr.




**OSTAÁHÖLD 4 Í PK.**
verð áður 2.373 kr.

3.398 kr.



**OSTABAKKI + 3 ÁHÖLD**
verð áður 3.998 kr.

674 kr.



**SKÁLASETT**
verð áður 1.278 kr.

3.198 kr.

3.486 kr.

3.485 kr.

3.994 kr.



**MUFFINS FORM 12 M/LOKI**
verð áður 3.889 kr.

**SKÚFFUKÖKUFORM**
verð áður 4.229 kr.

**CORT. POTTUR 16 CM**
verð áður 4.646 kr.

**CORT. POTTUR 16 CM**
verð áður 5.325 kr.

2.498 kr.



**KAISER BÖKUNARMOTTA SÍLIKON**
verð áður 2.998 kr.

1.688 kr.



**HITARI FYRIR MAT**
verð áður 3.198 kr.

298 kr.




**KAFFIBOX 7,6X17,8 CM**
verð áður 398 kr.

2.198 kr.

1.658 kr.



**JUDGE ÓLÍFUSKÁL M/SKEIÐ**
verð áður 2.415 kr.
**OLÍUSKÁL M/PENSLI**
verð áður 2.415 kr.

590 kr.

4.490 kr.



**MOPPA**
verð áður 790 kr.

**MOPPA M/ÚÐAKERFI**
verð áður 4.990 kr.






**ÆFIR Á ÍSLANDI** Neil Young ætlar ásamt hljómsveit sinni Crazy Horse að dvelja á Íslandi í nokkra daga fyrir tónleika sína og nýta nýju Laugardalshöllina til æfinga fyrir tónleikaferðalagið sem hefst hér á landi 7. júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Neil Young æfir á Íslandi

Tónlistarmaðurinn ætlar að nota Laugardalshöllina sem æfingahúsnæði fyrir tónleikaferðlag sitt.

„Hann ætlar að nota nýju Laugardalshöllina sem æfingahúsnæði fyrir tónleikaferðalagið sem hefst hér á landi 7. júlí næstkomandi,“ segir Tómas Young skipuleggjandi ATP hátíðarinnar.

Tónlistarmaðurinn Neil Young kemur hingað til lands viku fyrir tónleika sína sem fram fara 7. júlí og ætlar hann að nýta nýju Laugardalshöllina sem æfingahúsnæði fyrir tónleikaferðalagið sem hefst hér á landi.

„Hann kemur til Íslands líklega 2. eða 3. júlí, þá verður nýja Laugardalshöllin tilbúin til tónleikahalds og verður því nýtt til æfinga.“

Ekki er vitað hvort Neil Young ætlar að skoða landið frekar þennan tíma sem hann dvelur hér á landi. „Það er óvíst hvað hann gerir en hann mun allavega eyða megninu af tímanum á æfingum í höllinni.“

Young kemur fram ásamt hljómsveit sinni Crazy Horse og má því búast við mikilli stemningu. „Hann mun klárlega fara yfir sín þekktustu lög en það er aldrei að vita nema eitthvað nýtt heyrist í Höllinni,“ segir Tómas um tónleikana.



**ÆFIR SIG** Young kemur snemma til landsins.

Tónleikar Neils Young eru hluti af ATP-tónlistarhátíðinni sem fram fer helgina eftir tónleika Youngs, 10. til 12. júlí á Ásbrú í Keflavík. Stórhljómsveitirnar Portishead og Interpol eru á meðal þeirra hljómsveita sem koma fram á hátíðinni en þó á enn eftir að bæta við bæði innlendum og erlendum listamönnum á ATP-hátíðina. **- glp**

# Vill líkama Gisele

Jennifer Aniston væri til í að líta út eins og ofurfyrirsætan. Þá langar hana að vera góð á skíðum.

Leikkonan Jennifer Aniston opnar sig um hitt og þetta í viðtali við vefsíðuna Self.com. Þar segist hún meðal annars elska jóga og hugleiðslu og er ekki í vafa um við hvern hún myndi skipta um líkama.

„Ég væri til í að geta skíðað eins og óð manneskja, eins og Lindsey Vonn. Ég myndi líka vilja vera með líkama eins og Gisele Bündchen,“ segir Jennifer. Hún segist einnig elska drykkinn Bloody Mary og er aðdáandi raunveruleikaþátta á borð við The Voice og America's Got Talent.

„Áheyrnarprufurnar eru eiginlega æðislegar,“ segir leikkonan sem þolir ekki þegar vinir hennar syngja með lögum í útvarpinu.

„Ó Guð, ég hata það. Ég vil heyra lagið – ekki syngja með. Gerðu það!“ **- lkg**



**BLÓÐUG MARÍA** Bloody Mary er uppáhaldsdrykkur leikkonunnar.





STÖÐ 2 OG BYLGJAN KYNNA
BÓ&BUBBI
SAMAN Í HÖRPU
FÖSTUDAGINN 4. APRÍL OG LAUGARDAGINN 5. APRÍL KL. 20.00 Í ELDBORG ÁSAMT HLJÓMSVEIT
BENEDIKT BRYNLEIFSSON TROMMUR EIÐUR ARNARSSON BASSI GUÐMUNDUR PÉTURSSON GÍTAR
JÓN ELVAR HAFSTEINSSON GÍTAR ÞÓRIR ÚLFARSSON HLJÓMBORÐ ÞÓRIR BALDURSSON HAMMOND
KYNNIR ARI ELDJÁRN
FÖSTUDAGINN 4. APRÍL KL. 20 · AUKATÓNLEIKAR
LAUGARDAGINN 5. APRÍL KL. 20 · UPPSELT!
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Í TÍMA!
LÖGIN SEM HAFA LIFAÐ MEÐ ÞJÓÐINNI Í GEGNUM TÍÐINA.
MISSIÐ EKKI AF EINSTÖKUM TÓNLISTARVIÐBURÐI!
prime
BYLGJAN 989
midi.is
MIÐASALA Á MIÐI.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528 5050




**VINSÆLIR** Kaleo getur orðið sigursæl á Hlustendaverðlaununum.

## Sex tilnefningar

Hljómsveitin Kaleo er meðal þeirra sem koma fram á Hlustendaverðlaununum sem fara fram í Háskólabíói þann 21. mars næstkomandi. Hljómsveitin er að undirbúa stórt og mikið atriði þar sem þeir verða ekki bara fjórir á sviðinu eins og vanalega. Sveitin er tilnefnd til fjölda verðlauna þetta kvöld eins og plata ársins, lag ársins, flytjandi ársins, myndband ársins og nýliði ársins. Einnig er Jökull Júlíusson tilnefndur sem söngvari ársins og getur því kvöldið orðið stórt hjá sveitinni sem fyrst vakti athygli á Músíktilraunum í fyrra.

# Litafræði kynjanna

**BAKÞANKAR**
Álfrúnar Pálsdóttur



**ÉG** fékk hressandi áminningu í vikunni þegar ég var í þeim hversdagslegu erindagjörðum að kaupa útigalla á einkasoninn. Afgreiðslukonan tilkynnti mér að gallinn væri því miður uppseldur í þessum fagurbláa lit sem ég girntist en að hún ætti hins vegar rauðan í þeirri stærð sem ég var að leita að. Í nokkrar sekúndur varð ég svekkt og byrjuð að spá í öðrum göllum sem væru við hæfi fyrir einkasoninn. Á leið minni út úr búðinni rankaði ég hins vegar við mér.

**ÁN** þess að blikna hafði ég dottið ofan í hina kynjaskiptu litafræðigryfju. Blátt fyrir stráka og bleikt fyrir stelpur. Gryfjuna sem ég hef mjög meðvitað reynt að forðast á mínum sex ára ferli sem foreldri. Ég veit ekki hvers vegna mér fannst allt í einu ekki við hæfi að drengurinn fengi galla í rauðum lit. Vegna þess að þetta er stelpulitur, innan gæsalappa?

Ókunnugir gæti haldið að hann, svona hárlaus með bollukinnar, væri stelpa. Og hvað með það?

**ÉG** varð í alvörunni miður mín að koma upp um sjálfa mig á þennan máta og keypti því blessaða hárauða gallann sem fer stráknum bara vel þó ég segi sjálf frá. Stór partur af þessu blessaða foreldrahlutverki er að detta ekki í gryfjurnar, vera fyrirmynd og halda endalausum möguleikum lífsins opnum fyrir ungunum sem eru óskrifað blað.

**EN** það þýðir líka að kunna að sleppa hendinni og gefa eftir þegar sjálfstæður viljinn er farinn að láta á sér kræla. Að ýta frekar undir sjálfstæðið þó að það sé á skjön við eigin hugmyndafræði. Heimasætan er stundum nefnd Bára bleika vegna ástar sinnar á litnum sem er ekki í uppáhaldi hjá móðurinni. Prinsessur eru henni afar hugleiknar og hið femíníska hjarta móðurinnar verður bara að kyngja því. Það er líka margt verra en að vera prinsessa í þessum heimi, ehemm.

# Verzlingar styrkja Mottumars

**Nemendur í frumkvöðlafræði í Verzlunarskóla Íslands stofnuðu fyrirtækið Ambrosia sem hefur gefið út matreiðslubókina Matreiðslubók meðalmannsins. Ágóðinn af sölunni rennur til Krabbameinsfélagsins.**

„Okkur fannst vanta einfalda og þægilega matreiðslubók og ákváðum að kýla á þetta,“ segir Willard Nökkvi Ingason, en hann ásamt þeim Hörpu Hjartardóttur, Elsu Kristínu Lúðvíksdóttur, Ingimari Erni Oddssyni og Ásgrími Gunnarssyni gáfu á dögunum út matreiðslubókina Matreiðslubók meðalmannsins.

Þau eru að læra frumkvöðlafræði í Verzlunarskóla Íslands en í þeim áfanga stofnuðu þau sprotafyrirtækið Ambrosia sem merkir guðamatur í grískri goðafræði.

Þau bjuggu til matreiðslubókina alveg sjálf og lögðu mikinn metnað í hana. „Bókin er algjörlega gerð af okkur, við gerðum allar uppskriftirnar, tókum allar myndir og hönnuðum allt sem viðkemur bókinni,“ útskýrir Willard Nökkvi.

Ambrosia gerði samning við Mottumars og mun allur ágóði af sölu bókarinnar renna til styrktar Krabbameinsfélaginu. „Bókin kostar ekki nema tvö þúsund krónur stykkið. Einnig höfum við samstarf við eigendur Eymundsson sem sýndu þessu verkefni mikinn áhuga og verður bókin seld í verslunum þeirra á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Það ættu allir að geta eldað eitthvað úr bókinni,“ segir Willard Nökkvi.

Í bókinni er einblínt á einfalda rétti sem taka stuttan tíma í framkvæmd og eitthvað sem allir ættu að geta eldað. „Ásgrímur fékk hugmyndina og í upphafi var mikið spáð í „smoothie“-drykkjum og þess háttar. Í kjölfarið var farið að safna ýmsum uppskriftum og kom hver meðlimur í hópnum með allavega tíu uppskriftir, eldaði þá rétti og tók myndir af þeim,“ segir Willard Nökkvi um framkvæmdina. Hann bætir þó við að stelpurnar í hópnum séu aðeins betri kokkar. „Þær eru líklega bestu kokkarnir og þær komu líklega með aðeins fleiri uppskriftir.“

Þau hófu að safna uppskriftum í janúar. „Við tókum um það bil mánuð í að safna uppskriftum og svo fór hálfur mánuður í uppsetningu og frágang.“

gunnarleo@frettabladid.is



**EINFALDIR RÉTTIR** Höfundar bókarinnar Matreiðslubók meðalmannsins, f.v. Ingimar, Willard, Elsa, Harpa og Ásgrímur. MYND/EINKASAFN

## → Uppskrift úr bókinni: Döðlunammi

**Hráefni**
*360 g ferskar döðlur*
*240 g smjör*
*120 g púðursykur*
*3 bollar Rice Krispies*
*300 g suðusúkkulaði*

**Aðferð**
1. Saxið döðlur smátt.
2. Döðlur, smjör og púðursykur sett saman í pott. Allt brætt saman á vægum hita.
3. Setjið Rice Krispies út í pottinn og blandið vel saman.
4. Allt sett í álform ca. 30x30 cm og þjappað vel í mótið og látið kólna.
5. Þegar döðlunammið er orðið nógu kalt er suðusúkkulaði brætt og hellt yfir.
6. Að lokum er nammið aftur kælt og skorið í litla bita. Geymist best í ísskáp eða frysti.


SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| SAVING MR. BANKS | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | L |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| WINTER'S TALE | KL. 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:30 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE | KL. 3D: 8 - 10:10 2D: 5:50 | 16 |
| GRAVITY 3D SALUR 1 (STÆRSTA TJALD LANDSINS) | KL. 5:50 | 12 |
| NON STOP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10:30 | 12 |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI Númeruð sæti

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 2D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| NON STOP | KL. 8 | 12 |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 10:20 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| HR. PÍBODY OG SÉRMANN ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SAVING MR. BANKS | KL. 8 | L |
| NON STOP | KL. 10:40 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| 300: RISE OF AN EMPIRE 3D LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| ROBOCOP | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SAVING MR. BANKS | KL. 6 - 9 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 2D | KL. 5.50 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | KL. 5.50 | L |
| 3 DAYS TO KILL | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| AUGUST OSAGE COUNTY | KL. 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 3 DAYS TO KILL | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | KL. 6 | L |
| THE MONUMENTS MEN | KL. 6 - 8 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 10.10 | 12 |

Miðasala á: midi.is og e Miði

LAUGARÁS BÍÓ




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 3 DAYS TO KILL | 8, 10:20 | 12 |
| THE MONUMENTS MEN | 8, 10:25 | 12 |
| RIDE ALONG | 6, 10:25 | 12 |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS 3D | 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8 | 12 |





Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

OLYMPÍA (1938)
Stj.: Leni Riefenstahl
1. hluti: Hátíð þjóðanna - Stutt hlé
2. hluti: Hátíð fegurðarinnar

*Olympia* var fyrsta heimildarbíómyndin af Ólympíuleikum. Þróuð bíómyndatækni, sem seinna varð staðall í kvikmyndaiðnaðinum, var notuð og þótti marka þáttaskil á þessum tíma. Frásagnarhátturinn og fegurð kvikmyndatökunnar vekur athygli um allan heim. 20 kvikmyndasöfn aðstoðuðu Alþjóða Ólympíunefndina við þessa fyrstu endurgerð myndarinnar í upprunalegri mynd.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi






BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# „Vanabindandi akstursánægja“

## Ford Focus.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi aksturseiginleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af.

**5 dyra frá 3.490.000 kr.**
**Station frá 3.640.000 kr.**
**Einnig fáanlegur sjálfskiptur.**




ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með akstursölvunni fylgist þú með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## Alexander líklega með gegn Austurríki



**HANDBOLTI** Heilsa Alexanders Petersson er betri og hann sagði við þýska fjölmiðla í síðustu viku að hann kenndi sér einskis meins í öxlinni en það væri stöðug vinna að halda henni við.

Hann hitti lækna og sjúkraþjálfara íslenska landsliðsins á dögunum og fékk í kjölfarið leiðbeiningar með breyttum æfingum sem eiga að hjálpa honum.

„Ég býst allt eins við því að hann spili með landsliðinu gegn Austurríki í byrjun næsta mánaðar,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ.

„Það hefur orðið mikill bati eftir að hann kom heim og fór að vinna með okkar fólki. Mér sýnist að þetta sé farið að ganga betur.“ **- hbg**

## Verð að halda níunni heitri fyrir Margréti Láru

**FÓTBOLTI** Fanndís Friðriksdóttir var hetja íslenska kvennalandsliðsins í gærkvöldi þegar liðið tryggði sér sæti í bronsleiknum á Algarve-mótinu í Portúgal með 1-0 sigri á Kína. Íslenska liðið vann tvo síðustu leikina sína í riðlinum og tryggði sér leik um þriðja sætið við Svíþjóð á morgun.

„Þetta er geggjað hjá okkur. Við erum að ná næstbesta árangrinum okkar á Algarve-mótinu og það er því ekki hægt annað en að vera sáttur með þetta,“ sagði Fanndís en íslenska liðið náði best 2. sætinu fyrir þremur árum. „Það var mikill léttir að ná inn þessu sigurmarki og við áttum þetta líka skilið,“ sagði Fanndís en hún skoraði sigurmarkið beint úr hornspyrnu í uppbótartíma. Þetta var fyrsta hornið sem hún tók í leiknum. Fanndís er komin í níuna í fjarveru markadrottningarinnar Margrétar Láru Viðarsdóttur en þær eru báðar úr Eyjum. „Ég er ekki frá því að það hafi hjálpað eitthvað. Það þarf að halda þessari níu lifandi fyrst að Margrét Lára er farin í barneignir. Ég er að halda henni heitri þar til að hún kemur aftur,“ sagði Fanndís í léttum tón. Hún segir Frey þjálfara hafa dreift álaginu vel á mótinu. „Við erum allar ferskar fyrir leikinn á móti Svíþjóð,“ sagði Fanndís. **- óój**



**SPILA UM BRONSIÐ** Fanndís fagnar sigurmarki sínu á móti Kína í gær. MYND/KSÍ/HILMAR ÞÓR GUÐMUNDSSON



**Á SKOTSKÓNUM?** Arsenal þarf á mörkum að halda frá Frakkanum Olivier Giroud í kvöld. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

## Við eigum enn möguleika

**FÓTBOLTI** Þýska liðið Bayern München og spænska liðið Atlético Madrid eru í lykilstöðu fyrir leiki kvöldsins í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar en bæði unnu fyrri leikinn á útivelli.

Bayern vann Arsenal 2-0 í fyrri leiknum og getur slegið út Skytturnar annað árið í röð.

„Við eigum góða möguleika ef við trúum á getu liðsins og spilum eins vel og af sömu grimmd og í bikarsigrinum á móti Everton um helgina (4-1 sigur). Bayern er með mjög gott lið og þetta verður því erfiður leikur en við eigum samt möguleika,“ sagði Arsenal-maðurinn Olivier Giroud sem skoraði tvö mörk gegn Everton. Arsenal hefur dottið út úr 16 liða úrslitunum undanfarin þrjú ár.

Atlético Madrid vann 1-0 sigur á AC Milan í fyrri leiknum og er á heimavelli í kvöld. Báðir leikir hefjast klukkan 20.45 og verða í beinni á sportstöðvum Stöð 2. **- óój**

# HSÍ hefur efni á þjálfara

Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari sagði að HSÍ hefði ekki efni á því að vera með landsliðsþjálfara í fullu starfi og því væri gott fyrir hann að vinna líka fyrir félagslið. Framkvæmdastjóri HSÍ segir sambandið ráða við samning Arons sem nær fram á næsta sumar. HSÍ geti samt ekki keppt við erlend félög um laun.

**HANDBOLTI** Landsliðsþjálfarinn Aron Kristjánsson er að gera frábæra hluti með danska liðið Kolding. Liðið hefur unnið alla níu leiki sína undir hans stjórn og tryggði sér bikarmeistaratitilinn um síðustu helgi. Félagið vill endilega semja til lengra tíma við Aron og er það mál nú í skoðun en hann er með samning út tímabilið við Kolding.

Er Aron samdi við HSÍ í ágúst árið 2012 var í fyrsta skipti í langan tíma ráðinn landsliðsþjálfari í fullt starf. Metnaðarfull ráðning og átti Aron að koma að uppbyggingu handboltans á ýmsum sviðum samhliða landsliðsþjálfarastarfinu.

### Kolding vill halda Aroni

Fari svo að hann semji til lengri tíma við Kolding verður ekkert framhald á því starfi þó svo hann muni örugglega halda áfram með landsliðið enda með samning við HSÍ fram á sumar árið 2015.

Aron sagði við danska miðilinn Ekstrabladet um helgina að HSÍ hefði ekki fjármagnið til þess að vera með landsliðsþjálfara í fullu starfi og því væri gott fyrir hann að þjálfa félagslið samhliða landsliðsþjálfarastarfinu.

„Hann fékk leyfi til þess að taka þetta verkefni að sér fram á sumar og það hefur ekkert að gera með að HSÍ hafi ekki bolmagn til þess að vera með þjálfara í fullu starfi,“ segir Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ.





**KRAFTUR Í STARFINU** Einar Þorvarðarson segir að HSÍ hafi efni á þjálfara í fullu starfi en geti ekki boðið sömu laun og félög úti í Evrópu. Til hægri er hinn eftirsótti landsliðsþjálfari Íslands, Aron Kristjánsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN OG MYND/GETTY

„Við höfum verið að skipuleggja starfið hjá yngri landsliðunum með Aroni og fleirum. Það mál er allt í góðu ferli. Við höfum haft efni á því að vera með mann í fullu starfi og það hefur ekkert breyst. Það virðist samt vera þannig að þegar menn byrja með íslenska landsliðið þá eru þeir komnir mjög fljótlega til útlanda. Það er ljóst að við erum ekki samkeppnishæfir við laun sem eru í boði erlendis. Þetta snýst ekki um hvort HSÍ hafi efni á því heldur snýst allt um verðmiðann, hvernig hann myndi líta út og svo framvegis.“

### Aron búinn að gera margt

HSÍ er vant því að vera með landsliðsþjálfara í hlutastarfi en stefnir HSÍ aftur í þá átt?

„Við teljum okkur hafa verið með mikinn kraft í starfinu. Það er búið að skipuleggja og kominn rammi á starfið hjá yngri landsliðunum sem við vorum að leitast eftir að breyta. Þessi umræða er ekki hafin en við förum væntanlega í hana í framhaldinu,“ segir Einar og bætir við að staðan á vinnunni hans Arons fyrir HSÍ hafi verið komin í þannig ferli að sambandið gat leyft honum að fara út til Danmerkur.

henry@frettabladid.is

ÁSTRALÍA – TASMANÍA – NÝJA SJÁLAND – DUBAI

Kynningarfundur í kvöld kl. 20

ÚRVAL-ÚTSÝN



Úrval Útsýn kynnir glæsilega ferð um Ástralíu. Kynningarfundur verður **kl. 20, þriðjudaginn 11. mars í Hlíðasmára 19.** Guðrún Bergmann, fararstjóri, kynnir þessa ævintýralegu ferð um landið „down under“, auk Nýja Sjálands og Dubai. Verið velkomin.

# Gat ekki sagt nei

Halldór Orri fær atvinnumannsdrauminn uppfylltan.

**FÓTBOLTI** „Nú þarf maður að fara rifja upp sænskuna,“ segir glaðbeittur Halldór Orri Björnsson, leikmaður Stjörnunnar, í samtali við Fréttablaðið en Garðabæjarliðið tilkynnti í gær um brotthvarf þessa frábæra sóknarmanns frá uppeldisfélaginu.

Halldór Orri samdi við sænska úrvalsdeildarliðið Falkenberg FF sem kemur frá samnefndum bæ við suðvesturströnd Svíþjóðar.

„Þetta bar brátt að,“ segir Halldór Orri um aðdragandann að eins árs samningi sínum við sænska liðið.

„Þetta kom upp á miðvikudaginn í síðustu viku og kláraðist um helgina. Stjarnan og Falkenberg komust að samkomulagi um félagaskipti mín. Liðið vantaði leikmann eins og mig þannig að þetta er spennandi kostur.“

Falkenberg spilar í úrvalsdeildinni á komandi tímabili í fyrsta skipti í 59 ára sögu félagsins. Það ætlar sér ekki niður og hefur ráðið sjálfan Henrik Larsson sem þjálfara.

„Það er mjög heillandi að reyna að læra eitthvað af honum. Hann er náttúrulega frábær leikmaður sem spilaði með sumum af bestu liðum Evrópu,“ segir Halldór sem kveður þó Stjörnuna með söknuð í hjarta.

„Þetta var stór og erfið ákvörðun. Stjarnan er að spila í Evrópukeppni í fyrsta skipti í sögunni og hópurinn lítur vel út. Það var erfitt að fara frá þessu spennandi sumri. En ég er bara búinn að bíða eftir þessu lengi og þetta er tækifæri sem ég gat ekki hafnað,“ segir hann.



**FARINN** Halldór Orri spilar undir stjórn Henriks Larsson í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Halldór Orri þarf að ganga frá lausum endum í vikunni áður en hann fer út um helgina. Sænska úrvalsdeildin hefst svo 30. mars. Hann er þó afar spenntur fyrir nýju ævintýri. „Kærastan flytur út í vor. Svo er bærinn rétt hjá Halmstad þar sem Guðjón Baldvinsson spilar og ég þekki hann vel. Þetta verður bara gaman og skemmtilegt að fá að reyna sig í sænsku úrvalsdeildinni,“ segir Halldór Orri Björnsson. **- tom**

www.augad.is



# BOSS DAGAR

35% afsláttur af Boss umgjörðum út mars



augað

Kringlunni, 2. hæð - 103 Reykjavík I Sími: 568 9111 I augad @augad.is

## Stöð 2 kl. 20.10

### Geggjaðar græjur



Umfjöllunarefnið er fjölbreytt og verður m.a. kíkt á uppfinningar sem hafa ekki sést áður, skemmtilega hluti sem bæta lífsgæði og gefa bros á vör, athyglisverðar og ótrúlegar rannsóknir, græjur sem koma á óvart og jafnvel fáránlegar uppfinningar sem enginn hefði getað séð fyrir. Umsjónarmenn þáttanna eru bræðurnir Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir.

## Í KVÖLD



### Pretty Little Liars

**STÖÐ 3 KL. 20.30** Fjórða syrpan af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.



### Meistaradeild Evrópu

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Bayern München og Arsenal í Meistaradeild Evrópu.



### Kalli Berndsen - Í nýju ljósi

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.50** Kalli Berndsen er mættur til leiks og heldur áfram að gefa konum góð ráð varðandi útlitið. Þættirnir eru unnir eftir hugmyndafræði Kalla um að hægt sé að skipta vaxtarlagi kvenna í fjórar gerðir, svokölluð VAXI-greining.

## Bylgjan kl. 06.50

### Í bítið

Í bítið er alla virka daga á Bylgjunni. Heimir Karlsson, Hulda Bjarna og Gunnlaugur Helgason vakna eldsnemma og koma þér af stað alla morgna. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið.







**Nú er allt lagt undir!**

Rauðklæddu skytturnar þurfa að spila upp á sitt besta þegar þeir mæta Evrópumeisturunum í Bayern München og Balotelli og félagar þurfa að vera á markaskónum þegar þeir ferðast til Spánar.

**Hverjir komast áfram í 8 liða úrslit?**

SPORT Kl. 19:30

**ATLETICO MADRID – AC MILAN**

SPORT 3 Kl. 19:30

**FC BAYERN – ARSENAL**

Fáðu þér áskrift! 365.IS


## STÖÐ 2

**06.05** Simpson-fjölskyldan
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Waybuloo
**07.20** Scooby-Doo!
**07.40** Ozzy and Drix
**08.05** Ellen
**08.45** Malcolm in the Middle
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Wonder Years
**10.40** The Middle
**11.05** White Collar
**11.50** Flipping Out
**12.35** Nágrannar
**13.00** The X-Factor
**13.45** In Treatment
**14.15** Sjáðu
**14.45** Lois and Clark
**15.30** Scooby-Doo!
**15.50** Ozzy and Drix
**16.15** Doddi litli og Eyrnastór
**16.30** Ellen
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.11** Veður
**19.20** Um land allt
**19.45** New Girl *(16:23)*
**20.10** Geggjaðar græjur
**20.30** The Big Bang Theory *(16:24)*
**20.55** Rake *(7:13)*
**21.40** Bones *(19:24)*
**22.25** Girls *(10:12)*
**22.55** Daily Show. Global Edition
**23.20** Grey's Anatomy *(13:24)*
**00.05** Lærkevej
**00.50** Touch
**01.35** Breaking Bad
**02.25** Breaking Bad
**03.10** Burn Notice
**03.55** Not Forgotten
**05.30** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT besta sætið

**14.40** Hull - Sunderland
**16.20** Arsenal - Everton
**18.00** Ensku bikarmörkin 2014
**18.30** Þýsku mörkin
**19.00** Meistaradeildin - upphitun
**19.30** Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Arsenal Bein útsending
**21.45** Meistaradeildin - meistaramörk
**22.30** Meistaradeild Evrópu. Atletico Madrid - AC Milan
**00.25** Meistaradeild Evrópu. Bayern München - Arsenal

## SPORT 2 enski boltinn

**11.30** Crystal Palace - Southampton
**13.10** Blackburn - Burnley
**14.50** Chelsea - Tottenham
**16.30** Messan
**17.50** Norwich - Stoke
**19.30** Football League Show 2013/14
**20.00** Ensku mörkin - úrvalsdeildin
**20.55** WBA - Man. Utd.
**22.35** Premier League World
**23.05** Cardiff - Fulham

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**06.10** Tónlistarmyndbönd
**19.00** Extreme Makeover. Home Edition
**19.45** Hart of Dixie *(4:22)*
**20.30** Pretty Little Liars *(3:25)*
**21.15** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**21.45** Nikita *(4:22)*
**22.25** Shameless *(11:12)*
**00.05** Revolution
**00.50** Arrow
**01.35** Tomorrow People
**02.20** Extreme Makeover. Home Edition
**03.05** Hart of Dixie
**03.50** Pretty Little Liars
**04.35** Þriðjudagskvöld með Frikka Dór
**05.05** Nikita
**05.45** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.46** Doddi litli og Eyrnastór **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.50** Gulla og grænjaxlarnir **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Brunabílarnir **09.47** Ávaxtakarfan **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.23** Latibær **10.34** Ævintýraferðin **10.47** Tom and Jerry **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.46** Doddi litli og Eyrnastór **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.50** Gulla og grænjaxlarnir **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Brunabílarnir **13.47** Ávaxtakarfan **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.23** Latibær **14.34** Ævintýraferðin **14.47** Tom and Jerry **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.46** Doddi litli og Eyrnastór **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.50** Gulla og grænjaxlarnir **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Brunabílarnir **17.47** Ávaxtakarfan **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.23** Latibær **18.34** Ævintýraferðin **18.47** Tom and Jerry **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** The Lorax **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.45** Strákarnir
**18.10** Friends
**18.35** Seinfeld
**19.00** Modern Family
**19.25** Two and a Half Men
**19.50** Kalli Berndsen - Í nýju ljósi *(2:10)*
**20.15** Veggfóður *(16:20)*
**21.00** Game of Thrones *(9:10)*
**22.00** Nikolaj og Julie *(20:22)*
**22.45** Anna Pihl *(10:10)*
**23.30** Hustle
**00.25** The Fixer
**01.15** Kalli Berndsen - Í nýju ljósi
**01.40** Veggfóður
**02.25** Game of Thrones
**03.25** Nikolaj og Julie
**04.10** Anna Pihl
**04.55** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**10.50** Moonrise Kingdom
**12.25** Chronicles of Narnia, The. The Voyage of the Dawn Treader
**14.15** The Bodyguard
**16.25** Moonrise Kingdom
**18.00** Chronicles of Narnia, The. The Voyage of the Dawn Treader
**19.50** The Bodyguard
**22.00** Trainspotting
**23.35** Thick as Thieves
**01.15** Basketball Diaries
**03.00** Trainspotting

## RÚV

**13.25** Vetrarólympíumót fatlaðra *(Skíðaskotfimi karla og kvenna)*
**16.30** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**17.20** Músahús Mikka
**17.45** Ævar vísindamaður
**18.11** Sveppir
**18.20** Táknmálsfréttir
**18.30** Viðtalið *(Guðbjörg Kristjánsdóttir)*
**19.00** Fréttir
**19.25** Veðurfréttir
**19.30** Íþróttir
**19.40** Kastljós
**20.10** Leiðin á HM í Brasilíu *(3:16)*
**20.40** Castle *(10:23) (Castle)*
**21.25** Djöflaeyjan Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn Vera Sölvadóttir, Goddur, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir. Dagskrárgerð: Sigurður Jakobsson.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Thorne: Svefnpurka *(1:3) (Thorne: Sleepyhead)* Vandaðir, breskir þættir um rannsóknarlögreglumanninn Tom Thorne sem leitar raðmorðingja sem virðist hafa gert sín fyrstu mistök þegar hann skilur eitt fórnarlamba sinna eftir á lífi.
**23.05** Spilaborg *(4:13)*
**23.55** Kastljós
**00.15** Fréttir
**00.25** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Cheers
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.55** Got to Dance
**17.45** Dr. Phil
**18.25** Top Chef
**19.10** Cheers
**19.35** Sean Saves the World *(9:18)*
**20.00** The Millers *(9:22)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar armæðu.
**20.25** Parenthood *(10:15)* Þessir frábæru bandarísku þættir um Braverman-fjölskylduna fjalla um lífið, tilveruna og fjölskylduna.
**21.10** The Good Wife *(5:22)* Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins. Það er þokkadísin Julianna Marguilies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum.
**22.00** Elementary *(10:24)* Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamál í New York-borg nútímans.
**22.50** The Tonight Show Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfmet.
**23.35** The Bridge
**00.15** Scandal
**01.00** Elementary
**01.50** Mad Dogs
**02.35** The Tonight Show
**03.20** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** World Golf Championship 2014 **13.00** Golfing World 2014 **13.50** 2009 Augusta Masters **18.10** Golfing World 2014 **19.00** PGA Tour 2014 - Highlights **19.55** Golfing World 2014 **20.45** PGA Tour 2014 - Highlight **21.40** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** Kaninn | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

# Áfram betri Hverfisgata

## Kynningarfundur um framkvæmdir

**Allir velkomnir**



Reykjavíkurborg heldur áfram uppbyggingu og endurnýjun Hverfisgötu. Í mars hefjast framkvæmdir við kaflann frá Vitastíg að Snorrabraut. Verkið verður unnið í áföngum til að draga sem mest úr truflun.




Kynningarfundur um framkvæmdir í miðborginni verður haldinn hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar í Borgartúni 12-14, fimmtudaginn 13. mars kl. 17-18.

Einnig verða kynntar aðrar stærri framkvæmdir í miðborginni:

- Endurgerð Pósthússtrætis milli Austurstrætis og Tryggvagötu
- Nýr hjólastígur meðfram Sæbraut milli Hörpu og Kringlumýrarbrautar

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar.

**BESTI BITINN**



**„Nonnabiti. Ég er búinn að borða Nonnabita reglulega í meira en 15 ár.“**

Snæbjörn Ragnarsson (Bibbi), bassaleikari Skálmaldar

# Ítalir og Þjóðverjar vitlausir í Korter

Rithöfundurinn Sólveig Jónsdóttir nýtur vinsælda erlendis og vinnur að annarri bók.

„Það er rosalega gaman að sjá bókina öðlast sitt eigið líf,“ segir rithöfundurinn Sólveig Jónsdóttir. Útgáfufyrirtæki á Ítalíu hefur tryggt sér útgáfuréttinn að fyrstu skáldsögu hennar, Korter. Bókin var einnig gefin út í Þýskalandi í febrúar og að sögn Sólveigar hafa Þjóðverjar tekið vel í Korter sem fjallar um fjórar vinkonur í Reykjavík.

„Þetta er í raun ekki í mínum höndum lengur. Mér finnst þetta ekki vera bókin mín lengur því ég skil ekki einu sinni þýsku. Ég lærði reyndar þýsku í framhaldsskóla en hefði mátt vera aðeins meira vakandi í tímum,“ segir Sólveig í léttum dúr og bætir við að hún tali heldur ekki stakt orð í ítölsku. Hún spáir lítið í þessa útgáfusamninga sjálf.

„Útgáfufyrirtækin eru í þessum málum. Mér er sagt að útgáfufyrirtæki séu eins og beljur – þegar ein byrjar að pissa þá byrja hinar að pissa. Sem sagt þegar eitthvað gengur vel á einum stað er það pikkað upp annars staðar.“

Sólveig vinnur nú að sinni annarri skáldsögu sem kemur úr gerólíkri átt.

„Hún er allt, allt öðruvísi. Þetta er söguleg skáldsaga sem gerist hér heima og á Írlandi þar sem ég bjó einu sinni. Ég er ekki komin með útgáfudagsetningu á hreint en ég ætla að taka mér góðan tíma til að klára hana. Ég vil gera hana vel og vera ánægð með útkomuna. En vonandi lítur hún dagsins ljós áður en langt um líður.“ **- lkg**



**ALLT ÖÐRUVÍSI** Sólveig segir næstu bók sína vera sögulega skáldsögu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


NÝTTU TÆKIFÆRIÐ KOMDU NÚNA

DORMA
– býður góða nótt

TAXFREE DAGAR
20,32%
AF ÖLLUM VÖRUM

TILVALDAR FERMINGARGJAFIR

WINTERTIME SÆNG
1000 gr. 140x200 cm
30% dúnn
70% smáfiður



DORMA – býður góða nótt
TAXFREE VERÐ
12.669
FULLT VERÐ 15.900

TURIFORM Sængurföt



DORMA – býður góða nótt
TAXFREE VERÐ
FRÁ KRÓNUM
6.295

DORMA
– býður góða nótt

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði.
20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

DORMA Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100
Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100




**JARÐBUNDINN GERE** Eydís Helena Evensen tók upp japanska sjónvarpsauglýsingu með Hollywood-leikaranum Richard Gere en vel fór á með þeim á meðan á tökum stóð.

# Fékk góð leiklistarráð frá Richard Gere

Fyrirsætan Eydís Helena Evensen lék á dögunum í sjónvarpsauglýsingu með leikaranum Richard Gere. Eydís starfar sem fyrirsæta í London en ætlar að koma heim og ganga tískupallana fyrir Reykjavík Fashion Festival í lok mars.

„Þetta var ótrúleg reynsla og Richard er mjög jarðbundinn,“ segir fyrirsætan Eydís Helena Evensen sem lék í japanskri sjónvarpsauglýsingu á Ítalíu með engum öðrum en Hollywood-hjartaknúsaranum Richard Gere.

Eydís Helena er í fullu starfi sem fyrirsæta í London fyrir Elite Model Management en hún flutti út í október í fyrra. Ofangreind sjónvarpsauglýsing var tekin upp á Suður-Ítalíu og ber Eydís leikaranum fræga vel söguna. „Við áttum gott spjall um Ísland og hann gaf mér einnig nokkur góð ráð fyrir leiklistina.“ Eydís segir fyrirsætustarfið vera meiri vinnu en fólk geri sér grein fyrir. „Þá daga sem ég er ekki í myndatökum þá fer ég að meðaltali í 5-6 „casting“ á hverjum degi til þess að hitta ljósmyndara, hönnuði, stílista og fólk fyrir komandi verkefni. Þetta er frábært tækifæri til þess að ferðast, skoða heiminn og vinna á sama tíma,“ segir Eydís og bætir við að hún sé mjög þakklát og hamingjusöm með að fá að starfa í þessum geira.

Næst á dagskrá hjá Eydísi Helenu er að koma heim og ganga tískupallana fyrir íslenska hönnuði á Reykjavík Fashion Festival en tískuhátíðin fer fram þann 29.mars næstkomandi.

„Ég er rosalega spennt að vera að koma heim fyrir RFF. Þetta er uppskeruhátíð fyrir íslenska hönnuði og það er alltaf jafn gaman að taka þátt í þessari frábæru hátíð,“ segir Eydís, en er einhver íslenskur hönnuður í uppáhaldi? „Ég á ekki beint einhvern einn uppáhaldshönnuð, þetta eru allt mjög góðir og áhugaverðir hönnuðir með mismunandi stíl.“

> **Við áttum gott spjall um Ísland og hann gaf mér nokkur góð ráð fyrir leiklistina.**
>
> *Eydís Helena Evensen, fyrirsæta*

alfrun@frettabladid.is

# Fatamerkið Jör stefnir til útlanda

Guðmundur Jörundsson er eini Íslendingurinn sem tekur þátt í Copenhagen Fashion Summit en Mary krónprinsessa er meðal fyrirlesara viðburðarins.

„Það var haft samband við okkur í haust og okkur boðið að taka þátt í þessari áhugaverðu ráðstefnu varðandi sjálfbæran fatnað og lífræn efni. Ég hafði ekki almennilega kynnt mér þetta áður og komst að því að þetta er miklu stærra en ég gerði mér grein fyrir. Þetta gæti því orðið fín kynning fyrir okkur og það er gaman að vinna að nýju verkefni eftir RFF,“ segir Guðmundur Jörundsson fatahönnuður þegar hann er spurður út í Copenhagen Fashion Summit sem er einn stærsti viðburður heims er varðar sjáfbærni í tískuheiminum.

Ellefu merki sýna fatnað gerðan úr sjálfbærum textílefnum á sýningu sem fer fram 24. apríl í Óperuhúsinu í Kaupmannhöfn. Jör er eini íslenski fatahönnuðurinn sem hefur verið boðið að taka þátt í sýningunni og segir hann það vera mikinn heiður.

Meðal fyrirlesara tískuráðstefnunnar er Mary krónprinsessa og Connie Nielsen, Hollywood-leikkona og aðrir hönnuðir eru Filippa K, Designers Remix, Marimekko, David Andersen, Gudrun & Gudrun, Ivana Helsinki, The Local Firm, Nina Skarra, Leila Hafzi og Barbara I Gongini.

Fram undan eru fleiri spennandi verkefni hjá Guðmundi Jörundssyni en hann mun einnig taka þátt í innsetningu á Nordic Fashion Biennale í Frankfurt í mars.



GUÐMUNDUR JÖR

**- mm**

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

## DOMINO'S

# 1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufléttan botn.

DOMINO'S DEILDIN

## NÚ LÍÐUR AÐ ÚRSLITAKEPPNINNI!

Spennan magnast í Domino's-deildinni og stefnir í frábæran lokasprett. Úrslitakeppni kvenna hefst á laugardag og karlarnir spila fyrstu leikina fimmtudaginn 20. mars – og þar getur ýmislegt ennþá breyst. **Sjáumst á vellinum!**



# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is

**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kærastinn safnar fyrir mottumars

Tónlistarmaðurinn **Bassi Ólafsson**, sem er í dag líklega best þekktur sem Kærastinn, tekur þátt í Mottumars og ætlar að leggja Krabbameinsfélaginu lið.

Bassi tók sér frí frá vinnu einn dag til þess að gera sig sem flottastan fyrir góða málefnið. Hann fékk til að mynda lánuð föt hjá Kormáki & Skildi og svo sá Habbý í Slippnum um að klippa hann og fríska upp á hann. Þá endaði hann í sjentilmannamyndatöku hjá Sigurjóni Ragnari, sem stjanaði við hann með myndavélinni. Afrakstur dagsins var glæsilegt útlit og motta sem á eftir að vaxa og dafna í mánuðinum

Bassi hefur eins og alþjóð veit vakið talsverða athygli með myndböndum sínum sem Kærastinn og hefur fésbókarsíða Kærastans fengið yfir 25.000 læk. Hægt er að finna Kærastann á mottumars.is undir nafninu Bassi Ólafsson.



- glp

### Stolin stef Steingríms

Tónlistarmaðurinn **Steingrímur Teague** ætlar að spila og syngja nokkur af uppáhaldslögunum sínum í Þjóðleikhúskjallaranum annað kvöld. Með honum spila Andri Ólafsson á kontrabassa og Magnús Trygvason Eliassen á trommur en saman skipa þremenningarnir hljómsveitina Moses Hightower. Auk þeirra spilar Ómar Guðjónsson á gítar. Þetta verður í fyrsta sinn sem Steingrímur syngur á heilum tónleikum efni eftir aðra og í samræmi við efnisvalið er yfirskrift kvöldsins Stolin stef. Á efnisskránni verða lög eftir George og Ira Gershwin, Jón Múla og Jónas Árnasyni, Dusty Springfield, Duke Ellington og fleiri.



- fb

## Mest lesið VÍSIR

1. Gunnar Nelson er stórhættuleg fyrirmynd
2. Gunnar fær mikið lof fyrir bardagann | Horfðu á hann með íslenskri lýsingu
3. Foreldrar hvattir til að sækja börn í skólann
4. Bréf til borgarstjórans sló í gegn
5. Gunnar: Margir Írar halda að ég sé írskur





